



FRÉTTABLAÐIÐ

26. febrúar 2006 — 56. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Svolítið ofvirkur en ágætis strákur

Pan semur tónlist undir nafninu Beat-makin Troopa og vinnur sem bakari þess á milli.



VIÐTAL 22

Biðlistar brátt í jafnvægi

Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins er tuttugu ára um þessar mundir.

TÍMAMÓT 12

Stefnir á Formúlu 1

Einn efnilegasti kappakstursmaður Evrópu, Viktor Þór Jensen, stefnir hraðbyri upp á stjörnuhimininn og er sannfærður um að hann verði farinn að keyra Formúlu 1-bíl eftir fjögur ár. Þó hann sé fæddur og uppalinn á Englandi keyrir hann stoltur undir fána Íslands.



ÍÞRÓTTIR 32


Konur eru konum bestar

Á miðvikudag munu íslenskar þingkonur tala um pikur á sviði Borgarleikhússins. Hildur Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri V-dagsins, útskýrir málið.



VIÐTAL 14

VEÐRIÐ Í DAG



SÚLD Í dag verður hæg vestlæg eða breytileg átt. Dáltil súld sunnan og vestan til, einkum fyrripartinn, en bjartara yfir á landinu austanverðu. Hiti 0-6 stig, svalast norðaustan til.

VEÐUR 4

Íslendingar 18-49 ára

Meðallestur

60%

45%

Fréttablaðið

Mbl.

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í janúar 2006.

Ólína lætur af starfi skólameistara MÍ

Ólína Þorvarðardóttir hefur beðið menntamálaráðherra um lausn frá embætti skólameistara Menntaskólans á Ísafirði eftir langvinnar deilur við kennara í skólanum. Hún segir fámennan hóp halda skólanum í herkví.

MENNTAMÁL Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, bað á föstudag menntamálaráðherra um lausn frá embættinu þegar ráðningartími hennar rennur út í júlilok.

„Ég tók þessa ákvörðun með velferð skólans í huga,“ segir Ólína. „Fámennur en hávær hópur andstæðinga minna hefur haldið skólanum í herkví í meira en ár. Þrátt fyrir svokallað sáttaferli sem komið var á í desember hafa deilurnar farið harðnandi og hvorki skólanefnd né menntamálaráðuneytið hefur veitt þann tilstyrk sem stjórnendur þurfa til að ná tökum á ástandinu. Ég held að við ríkjandi aðstæður sé ókleift að vinna að frambörum innan skólans.“

ans.“

Heimildir Fréttablaðsins herma að menntamálaráðuneytið hafi boðið Ólínu tveggja ára starfslokasamning gegn því að hún hætti störfum samstundis en því hafi hún hafnað. Þetta segir Ólína að sé rangt. „Frumkvæðið kom ekki frá menntamálaráðuneytinu, ég hef ekki einu sinni fengið svar frá Þorgerði Katrínu um hvort hún verði við beiðni minni, en býst við að hún geri það. Mér hefur ekki



ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR

verið boðinn starfslokasamningur, en ég hef hins vegar beðið lögfræðing minn að kanna möguleika á slíkum samningi, eins og algengt er þegar fólk hættir störfum. Það mál er í vinnslu.“

Aðspurð um viðbrögð kennara segist Ólína hafa greint nánustu samstarfs- og stuðningsmönnum sínum strax frá ákvörðun sinni og segir fólk vera „sorgmætt og slegið, en virðir ákvörðun mína“.

Birna Lárusdóttir, formaður skólanefndar Menntaskólans á Ísafirði, vildi ekki tjá sig um málið að svo stöddu og ekki heldur Tryggvi Sigtryggsson, trúnaðarmaður kennara. Ekki náðist í Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra vegna málsins. - bs



ELNA KATRÍN JÓNSDÓTTIR Varaformaður KÍ hélt uppi vörnum fyrir sambandið.

Fundur óánægðra kennara:

Vanþóknun lýst á forystu KÍ

MENNTAMÁL Á annað hundrað kennarar úr mörgum framhaldsskólum mættu á fund í Verzlunarskóla Íslands í gær og var forysta Kennarasambands Íslands gagnrýnd harðlega. Tvær ályktanir voru samþykktar. Annars vegar var fyrirhugaðri styttingu náms til stúdentsprófs mótmælt en seinni ályktunin sneri að framgöngu forystu KÍ. Lýsti fundurinn yfir óánægju með samkomulagið við menntamálaráðherra sem og vanþóknun á þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hefðu verið, til dæmis hefði Félag framhaldsskólakennara ekki verið haft með í ráðum.

Aðspurð hvort gjá hefði myndast milli kennara og forystu KÍ sagði Elna Katrín Jónsdóttir, varaformaður sambandsins, ályktunina tala sínu máli. „Það eru greinilega skiptar skoðanir á leiðum í þessu máli.“ - bs

Björgunaraðgerðir á Hofsjökli

Aðstæður allar hinar verstu

SLYS Jeppabifreið með tveimur mönnum féll niður í djúpa sprungu á Hofsjökli um miðjan dag í gær. Ekkert samband hafði náðst við mennina þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Um tvö hundruð björgunarsveitarmenn tóku þátt í aðgerðunum á jöklinum en að sögn Odds Kristinssonar hjá Landsbjörgu voru aðstæður allar hinar verstu. Sat bifreið mannanna föst tuttuga metra ofan í sprungunni en samfelld sprungusvæði í kring um slysstaðinn tafði björgunarmenn mikið.

-aðe/sjá síðu 6.



YOKO ONO Ekkja Johns heitins Lennon talaði hlýlega um Ísland og Íslendinga á blaðamannafundinum á Kjarvalsstöðum í gær. Hún vill gera Ísland að vettvangi friðarviku í sínu nafni og Lennons og leggur jafnframt til að hér verði árlega veitt alþjóðleg friðarverðlaun tengd nafni Lennons.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Yoko Ono vill halda friðarviku á Íslandi tengda afmæli Johns Lennon:

Friðarverðlaun veitt á Íslandi

HEIMSFRIÐUR Yoko Ono, ekkja bitilsins Johns Lennon, vill að árleg friðarvika verði haldin hér á landi í tengslum við afmælisdag Lennons hinn 9. október þar sem friðarverðlaun Lennons og Ono verði veitt þeim sem unnið hafi gott starf í þágu friðar í heiminum. Þetta kom fram á blaðamannafundi sem Menningar- og

ferðamálaráð Reykjavíkur boðaði til á Kjarvalsstöðum með listakonunni í gær til þess að kynna friðarsúlu úr gleri sem Ono hefur ánaðnað Reykjavíkurborg. Hugmyndir Ono eru að í friðarvikunni geti fólk víðs vegar að úr heiminum komið til Íslands með óskir sínar um frið og sett þær á friðarsúluna.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri er afar ánægð með hugmyndir Yoko Ono um að halda friðarvikuna hér á Íslandi. „Mér finnst hugmyndin góð. Hún segir okkur að í hugum margra hefur Ísland þá ímynd að vera friðarþjóð og þó að við séum lítil þjóð getum við gert ýmislegt,“ segir hún.

- eð

www.vidbuin.is

Fylgstu með „Íslandi í býtið“ í fyrramálið



Nicotinell LYFJA



SPURNING DAGSINS

Kristján, tekur Gunnar Birgisson þig ekki í nokkrar kennslustundir?

„Ég slæst bara með tungunni!“

Nemendur við Háskólann á Akureyri gáfu Kristjáni Þór Júlíussyni bæjarstjóra boxhanska svo hann gæti barið á fjárveitingavaldinu. Kristján er hins vegar ekki mikið fyrir box, ólíkt flokksbróður sínum Gunnari Birgissyni, bæjarstjóra í Kópavogi.



BRAUTSKRÁNING Í HÁSKÓLA ÍSLANDS
Ólafur Ragnar Grímsson og Vigdís Finnbogadóttir voru bæði viðstödd brautskráninguna í gær.

Háskóli Íslands: Brautskráning kandídata

BRAUTSKRÁNING Tvö hundruð og áttatíu kandídatar brautskráðust frá Háskóla Íslands í gær. Athöfnin hófst klukkan 13.00 í Háskólabíói með hljóðfæraleik nemenda við Listaháskóla Íslands og að lokinni brautskráningu ávarpaði Kristín Ingólfssdóttir rektor kandídatana.

Lokaverkefni nemenda sem voru að ljúka meistaranámi voru kynnt með veggspjaldasýningu í anddyri Háskólabíós við brautskráninguna en fyrir því er orðin hefð.

Ránið í Apótekaranum: Einn maður handtekinn

LÖGREGLUMÁL Einn maður hefur verið handtekinn og yfirheyrður vegna ránsins í lyfjaversluninni Apótekaranum við Smiðjuveg í Kópavogi í vikunni.

Rannsókn hefur gengið vel og óskaði lögregla eftir húsléitarheimild hjá manninum í gær.

Við ránið ógnaði hann starfsfólki apóteksins með stórum búrhúf, heimtaði ýmiss konar lyf og komst undan með talsvert magn ritalíns. Engan sakaði í ráninu.



KOSNINGASVIK Stuðningsmenn Besigye voru ósáttir við úrslit kosninganna og þurfti lögregla að hafa af þeim afskipti.

Kosningar í Úganda: Musaveni áfram forseti

ÚGANDA Yoweri Musaveni var í gær endurkjörinn forseti Úganda í þriðja sinn eftir að tölur úr kosningum sýndu að hann hefði hlotið 59 prósent greiddra atkvæða.

Meginandstæðingur Musavenis, Kizza Besigye, hlaut aðeins 37 prósent atkvæða og hafnaði niðurstöðum kosninganna á þeim forsendum að svindlað hefði verið. Þurfti lögregla að dreifa stuðningsmönnum hans með táragasi í höfuðborginni Kampala þegar úrslitin voru gerð ljós. ■

Skoðanakönnun á viðhorfi Norðlendinga til álvers:

Húsvíkingar áhugasamastir

STÓRIÐJA Þrír af hverjum fjórum á Húsavík og nágrenni eru hlynntir álveri á Bakka við Húsavík, samkvæmt skoðanakönnun sem IMG Gallup gerði fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið dagana 9.-16. febrúar.

Samkvæmt könnuninni eru Þingeyingar hlynntari því en Eyfirðingar og Skagfirðingar að álver verði reist heima í héraði, því 77,1 prósent Húsvíkinga vill álver í heimahéraði en aðeins 48,5 prósent Skagfirðinga og 47,2 Eyfirðinga.

„Þessar niðurstöður staðfesta bara það sem við höfum vitað,“ segir Reinhard Reynisson, bæjar-

stjóri á Húsavík. Hann segir að niðurstöðurnar hljóti að hafa áhrif á ákvarðanatöku um staðsetningu álvers því vilji heimamanna sé mikilvægur. „Þessi erlendu fyrir- tæki vilja vinna með samfélögunum þar sem þau eru með starfsemi.“

Í könnuninni kom einnig fram að Eyfirðingar og Skagfirðingar eru hlynntari því en Þingeyingar að álver verði reist annars staðar á Norðurlandi en í heimahéraði og Þingeyingar eru mun andvígari því en Skagfirðingar að vatnsafls- og jarðvarmaorka heima í héraði verði virkjuð fyrir álver annars staðar.



HÚSAVÍK Þrír af hverjum fjórum á Húsavík og í nágrenni vilja álver á Bakka.

Undrast óskhyggju og sofandahátt

Þingflokksformaður Vinstri grænna segir stóriðju halda efnahagnum í spennitreyju og gagnrýnir stjórnvöld fyrir sofandahátt. Formaður Samfylkingarinnar segir hugleiðingar um enn frekari uppbyggingu stóriðju með öllu ótímabærar.

EFNAHAGSMÁL Forystumenn stjórnarandstöðunnar segja afstöðu ríkisstjórnarinnar gagnvart verðbólgu einkennast af óskhyggju og sofandahætti. Árni Mathiesen fjármálaráðherra kveðst ósamála spám um verðbólguþrost og telur ekki ástæðu til frekari aðhaldsaðgerða af hálfu ríkisins. „Þó einhverjir séu áhyggjufullir út af hinu óþekkta má það ekki verða til þess að við förum á taugum,“ var haft eftir honum í Fréttablaðinu í gær.

„Ég er undrandi á þessum sofandahætti stjórnvalda,“ segir Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður Vinstri grænna. „Ríkisstjórnin þarf að horfast í augu við afleiðingar eigin gjörða. Það er stóriðjustefnan sem setur efnahagskerfið á Íslandi í spennitreyju. Til að sporna við því væri áhrifamest að setja frekari áform um álvæðingu á hilluna. Yfirlýsing í þá veru er nauðsynleg og áhrifaríkasta efnahagsaðgerðin við þessar aðstæður.“

Þá segist Ögmundur ekki skilja hvað fjármálaráðherra eigi við þegar hann tali um ótta við hið óþekkta. „Þær stærðir sem við erum að líta til og byggja á tölum frá matsfyrirtækinu Fitch eru allar þekktar og sýnilegar. Viðskiptahalli er mikill og ósjálfbær, skuldastaðan er slæm og ríkisfjármál eru nátengd stóriðju sem er að ryðja öðrum atvinnuvegum til hliðar í efnahagskerfinu.“ Ögmundur er hins vegar sammála Davíð Oddssyni Seðlabankastjóra um að þótt gengi krónunnar sé lækkað þurfi



FRÁ ÁLVERI NORÐURÁLS Á GRUNDARTANGA Ögmundur segir að slá verði allar hugmyndir um frekari álvæðingu af borðinu til að sporna við ofhitnun.



ÖGMUNDUR JÓNASSON



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir fulla ástæðu til að taka

ábendingar frá matsfyrirtækinu Fitch, sem og viðbrögð fjármálamarkaðarins í kjölfar þeirra, alvarlega. „Menn á fjármálamarkaði vissu sem var að það er ofhitnun og þensla í hagkerfinu. Auðvitað vona ég að lendingin komi til með að verða mjúk, en ég er hrædd um að bjartsýni stjórnvalda helgist frekar af óskhyggju en raunsæi. Það verður með einhverjum hætti að ná þenslunni niður, en ekki kynda undir væntingar með ótímabærum hugleiðingum um aukna stóriðju, eins og ríkisstjórnin hefur gert.“

bergsteinn@frettabladid.is

Rækjuvinnsla Meleyrar á Hvammstanga:

Tuttugu og þremur sagt upp

SJÁVARÚTVEGUR Öllum tuttugu og þremur starfsmönnum Rækjuverksmiðjunnar Meleyrar á Hvammstanga hefur verið sagt upp störfum. Ekki voru allir í heilsdagsstörfum svo það eru tuttugu heilsdagsstörf sem tapast þegar verksmiðjan hættir starfsemi. Starfsmennirnir munu vinna út sinn uppsagnafrest.

„Við erum svo sem ekki alveg hættir og ef við sjáum að skilyrðin breytist með þeim hætti að það verði einhver grundvöllur fyrir rekstrinum verðum við fyrstir til að setja allt á fullt aftur,“ segir Ólafur Bjarni Halldórsson, starfandi stjórnarformaður. „Eins og staðan er í dag er hins vegar ekki grundvöllur fyrir rækjuvinnslu og fyrir því liggja þrjár ástæður. Í fyrsta lagi hefur afurðaverð lækkað um þriðjung á síðustu sjö



MELEYRI Á HVAMMSTANGA Öllum starfsmönnum verksmiðjunnar hefur verið sagt upp.

árum, svo hefur innlendur kostnaður hækkað. Til dæmis hefur launakostnaður hækkað um 57 prósent á þessum sama tímabili. og svo er það gengið,“ segir Ólafur Bjarni.

Hann segir að árið 1999 hafi tuttugu rækjuverksmiðjur verið í landinu en nú séu þær átta og telji

hann allt eins líklegt að þeim fækki enn við þessar aðstæður.

„Það er ekki nóg með það að störf tapist vegna þessarar þróunar heldur bitnar þetta líka á öðrum fyrirtækjum, jafnvel á höfuðborgarsvæðinu, sem hafa þjónustað þessar verksmiðjur,“ segir Ólafur Bjarni.

Nýtt leikfang veldur deilum:

Handsprengjur fyrir börnin

DANMÖRK Deilur hafa sprottið upp vegna sölu verslunarkeðjunnar Nettó í Danmörku á leikfangahandsprengjum fyrir börn, sem eru nákvæmar eftirlíkingar af raunverulegum handsprengjum.

Verslunin hefur auglýst leikföngin og hefur það farið fyrir brjóstið á mörgum foreldrum sem telja að slíkt eigi ekki að hafa fyrir börnunum.

Forsvarsmenn Nettó neita þó að taka varninginn úr hillum sínum og segja viðskiptavinum sjálfa ákveða hvað þeir kaupi og hvað ekki. ■



MÓTMÆLI ÍRAKA Í KAUPMANNAHÖFN
Íraskar mæður í Kaupmannahöfn fjölmenntu í mótmælagönguna. FRÉTTABLAÐIÐ/KS

Mótmæli í Kaupmannahöfn: Írakar kröfðust friðar í Írak

MÓTMÆLI Írakar búsettir í Kaupmannahöfn efndu í gær til mikillar mótmælagöngu um miðborg Kaupmannahafnar. Mótmælin snerust að þessu sinni ekki um hinar umdeildu teikningar Jótlandspóstsins af Múhameð spámanni, heldur var tilgangurinn sá að mótmæla þeirri skálmöld sem nú ríkir í Írak, þar sem tugir manna hafa fallið í átökum milli sjía og súnnía.

Að sögn göngumanna tóku bæði sjíar og súnníar þátt í mótmælunum. Meðal annars mátti sjá stóran hóp kvenna og gengu þær á eftir karlmönnum eins og reglur samfélags þeirra segja til um. - ks

Þingmenn Sjálfstæðisflokks:

Margir verið í ungliðastarfi

LOKARITGERÐ Rúmlega 56 prósent núverandi þingmanna sjálfstæðisflokksins sátu í stjórnnum ungliðahreyfinga flokksins, samkvæmt rannsókn á þingmönnum Sjálfstæðisflokksins frá 1944 sem Jóhann Bjarni Kolbeinsson gerði fyrir lokaritgerð sína í stjórn málafræði við Háskóla Íslands.

Um fjórutíu prósent allra þingmanna Sjálfstæðisflokksins frá 1944 hafa setið í stjórnnum ungliðahreyfinga og rúmlega sjötíu prósent ráðherra. Nákvæmlega helmingur þeirra þingmanna sem höfðu setið í stjórnnum ungliðahreyfinga varð ráðherrar. - eð

Bygging hrundi í Bangladesh:

Nærri tveir tugir fórust

BANGLADESS Að minnsta kosti átján létust þegar þriggja hæða verksmiðja hrundi í gær í borginni Dhaka í Bangladesh. Yfir 300 var enn saknað og fjölmargir aðrir slösuðust.

Stór fataframleiðandi hafði aðsetur í byggingunni en verið var að byggja lítinn spítala á jarðhæð hússins sem taka átti í notkun fljótlega. Aðeins eru þrír dagar síðan önnur verksmiðjubygging nálægt Dhaka hrundi með þeim afleiðingum að 54 létust. ■

LÖGREGLUMÁL

Tekinn á ofshraða Lögreglan á Selfossi stöðvaði öku mann á Hellisheiði í gær en sá ók á 153 km hraða á klukkustund. Tveir aðrir voru stöðvaðir fyrir of hraðan akstur á heiðinni og voru grunaðir um ölvun en þeir mældust á 137 og 125 km hraða.

50% afsláttur

af rjómobollum í dag

50%
afsláttur



115_{kr/stk}
Verð áður 229,-

Gildir 26. febrúar á meðan birgðir endast.

Landsins mesta úrval matvöru

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

GENGIÐ			
GENGI GJALDMÍÐLA 24.2.2006			
		KAUP	SALA
	Bandaríkjadalur	66,16	66,48
	Sterlingspund	115,67	116,23
	Evra	78,7	79,14
	Dönsk króna	10,545	10,607
	Norsk króna	9,753	9,811
	Sænsk króna	8,355	8,403
	Japanskt jen	0,5663 0,	5697
SDR		95,11	95,67
Gengisvísitala krónunnar			
110,7183			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Borgarstjóri London: Vikið úr starfi

BRETLAND Ken Livingstone, borgarstjóri í London, hefur verið settur af í fjórar vikur eftir að hann viðhafði ómakleg ummæli um blaðamann af gyðingættum þegar hann líkti honum við vörð í úrým-ingarbúðum nasista.

Var þetta úrskurður sérstakrar nefndar sem skipuð var í kjölfar ummæla Livingstone. Taldi nefndin að með orðum sínum hefði borgarastjórinn vanvirt embætti sitt og bæri að láta af embættinu í fjórar vikur frá og með fyrsta mars. ■



INN RÆNINGJANNA Tölvuteikning af einum þeirra sem grunaðir eru um risaránið í Bretlandi í vikunni. AFP/NORDICPHOTOS

Risaránið í Bretlandi: Tveir í viðbót handteknir

BRETLAND Breska lögreglan hefur handtekið tvo menn til viðbótar vegna risaránsins úr seðlageymslu Securitas í Tonbridge í Kent aðfaranótt miðvikudagins.

Ræningjarnir höfðu þaðan með sér fimmtíu milljónir punda, sem samsvara um sex milljörðum íslenskra króna, og er það með stærstu ránum sem framin hafa verið í landinu. Lögregla hefur nú dreift tölvuteikningum af þeim sem leitað er vegna ránsins, sem var þaulskipulagt og krafðist stórs hóps manna að framkvæma. ■

RÁÐGJÖF

alt

ný vöru- & þjónustu-skrá á visir.is

veit

SMÍÐ

visir

ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

Fyrstu álfirnar komnar frá vetursetu á Bretlandseyjum:

Óþarfi að rannsaka fuglana

FUGLAFLENSA Álfthópar hafa sést síðustu daga við Djúpavog og Höfn í Hornafirði og segir Brynjólfur Brynjólfsson, starfsmaður Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands, flest benda til að álfirnar séu nýkomnar til landsins frá vetursetustöðvunum á Bretlandseyjum.

Halldór Runólfsson yfirdýralæknir segir ekki ástæðu til að rannsaka þessa fugla sérstaklega með tilliti til fuglaflensunnar þar sem hún hafi ekki greinst á Bretlandseyjum. „Það er mikið búið að rannsaka fugla á Bretlandseyjum í vetur og þar hefur ekkert óeðlilegt fundist. Við munum þó taka skipulega sýni úr farfuglum sem koma



ÁLFTIR Í EYJAFIRÐI Álfir hafa sést á flugi yfir Höfn í Hornafirði síðustu daga.

til landsins og fylgjast með óeðlilegum afföllum,“ segir Halldór.

Hann segist verða var við ótta á meðal barna gagnvart fuglaflensunni og telur mikilvægt að for-

eldrar útskýri veikina fyrir börnunum sínum. „Brýna á fyrir börnum að finni þau dauða fugla eigi þau að láta þá vera en tilkynna fundinn til lögreglu,“ segir Halldór. - kk



FUGLAFLENSAN BREIDIST HRATT ÚT Þó að staðfest tilfelli fuglaflensu hafi aðeins fundist í átta löndum Evrópu hingað til berast fréttir frá öðrum löndum um óútskýrðan fugladauða. Aðeins eru nokkrar vikur áður en þorri farfugla sem hingað til lands sækja lætur sjá sig. AFP/NORDICPHOTOS

Viðbúnaðarstig ekki aukið hér ennþá

Mannskætt afbrigði fuglaflensunar hefur fundist á kalkúnabúi í Frakklandi. Finnist slíkt í Bretlandi tekur sérstök viðbúnaðaráætlun gildi hér.

FARALDUR Staðfest hefur verið að fuglaflensan illskæða hefur fundist á kalkúnabúi í austurhluta Frakklands en þarlend yfirvöld höfðu áður staðfest tvö tilfelli sýkinnar í villtum fuglum.

Heil áttatíu prósent allra kalkúna á viðkomandi búi hafa drepist í vikunni og hefur þeim sem eftir voru verið slátrað. Sala á fuglajakjoti í landinu hefur snarminnkað og nokkur lönd þegar lokað með öllu á innflutning á fuglajakjöti frá Frakklandi í kjölfarið.

Hefur flensan nú fundist víða í Evrópu en viðbúnaðarstig hérlendis verður ekki aukið frá því sem nú er nema flensan finnist beinlínis hér eða tilfelli verði staðfest í Bretlandi eða Skandinavíu. Álfir eru þegar

farnar að koma til landsins og verður grannst fylgst með af hálfu heilbrigðisyfirvalda hérlendis og sýni tekin um leið og færi gefst. Jarle Reiersen, sérfræðingur í alifugla-sjúkdómum, segir að sýni verði tekin úr þeim fuglum en mesti viðbúnaðurinn verði í mars og apríl, þegar meirihluti farfugla komi hingað til lands. „Bretarnir eru afar vandvirkir og þeir fuglar sem hingað koma núna eru í þeim hópi fugla sem Bretar hafa rannsakað án þess að finna neitt. Fyrr en það gerist breytist ekkert hér á landi en allt eftirlit er í fullum gangi og við munum skima sérstaklega endur, álfir og gæsir, sem eru þeir fuglar sem helst sýkjast í Evrópu.“

Vel yfir hundrað tilfelli flensunn-

ar hafa fundist víða í Þýskalandi og í Slóvakíu hefur flensan fundist í fálkum. Hefur afbrigði flensunnar sem hættulegt er fólki, H5N1, fundist í átta löndum Evrópu hingað til. Fregnir hafa þó borist frá öðrum löndum um óútskýrðan fugladauða en ekki verið staðfest að þar sé fuglaflensa á ferð. Er það fyrst og fremst í Afríkulöndum.

Sannað þykir að fólk geti sýkst af snertingu við dauða fugla en alls óvíst er hvort hún berist manna á milli. Alls hafa tæplega hundrað dauðsföll orðið vegna þessa, aðallega í Asíu, nú síðast ung kona í Indónesíu sem varð tuttugasta fórnarlamb flensunnar þar í landi í fyrradag.

albert@frettabladid.is

Rekstur Bandaríkjahafna:

Fyrirtækið býður frest

BANDARÍKIN, AP Talsmaður Hvíta hússins bar í gær lof á tilboð fyrirtækis í Sameinuðu arabísku furstadæmunum um að kaupum þess á rekstri sex helstu hafna Bandaríkjanna verði frestað um óákveðinn tíma. Fresturinn gefur George W. Bush Bandaríkjaforseta tíma til að sannfæra tortryggna þingmenn um að öryggi landsins sé ekki stefnt í hættu með samningum við arabíska fyrirtækið.

Bush er því enn fylgjandi að staðið verði við samninginn og hann sagðist myndu beita sér áfram gegn tilraunum þingmanna til að hindra að hann næði fram að ganga. - aa

SÁDÍ-ARABÍA

HRÆÐSLA VIÐ FUGLAFLENSU Mikil hræðsla greip um sig í einu stærsta borgarhverfi Jedda í Sádi-Arabíu eftir að hundruð dúfna fundust dauð á víð og dreif í gær. Lék grunur á fuglaflensu en ekki var þó búið að ganga úr skugga um það.

OFBELDI GAGNVART BARNI Lítið fer fyrir móðurást móður einnar í Al-Eraja hér-aði. Pyntaði hún ungbarn sitt hvað eftir annað og var barnið flutt á spítala með bitfór um líkamann og neglur allar rifnar úr auk áverka víða annars staðar.



NÓBELSVERÐLAUN Sá sem hlýtur friðarverðlaun Nóbels hreppir verðlaunagrip sem þennan. NORDICPHOTOS/AFP

Friðarverðlaun Nóbels: Oprah Winfrey fær tilnefningu

OSLÓ, AP Tilnefningar til friðarverðlauna Nóbels árið 2006 eru 191 talsins. Aðeins einu sinni áður hafa fleiri verið tilnefndir, en það var í fyrra þegar 199 voru tilnefndir.

Í ár eru 168 einstaklingar tilnefndir og 23 samtök eða stofnanir. Meðal þeirra sem fá tilnefningu í ár eru Martti Ahtisaari, fyrrverandi forseti Finnlands, og Susilo Bambang Yudhoyono, forseti Indónesíu, fyrir friðarumleitunar sínar á Súmótru. Rokkstjórnurnar Bob Geldof og Bono hafa jafnframt verið tilnefndar. Þá þykir líklegt að bandaríska sjónvarpskonan Oprah Winfrey hafi verið tilnefnd, sem og Hugo Chavez, forseti Venesúela, Hjalpræðisherinn og Oxfam. - smk

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

HÆGVIRDI EN ÚRKOMA
Í dag verður áfram hægviðri víðast hvar en nú sækir að landinu suðvestanverðu súldarloft sem teygir sig austur með suðurströndinni og norður með Vesturlandinu. Á morgun eru svo horfur á að það rofi til á landinu sunnanverðu en stöku el verða af og til norðan til og á Vestfjörðum. Á þriðjudag fer veður enn meira kólnandi.

HÖFUDBORGIN Í DAG
Hæg vestlæg eða breytileg átt. Dáltil súld. Hiti 3-5 stig.

VEÐURSPÁ

um hádegis »

Kaupmannahöfn 0°C alskýjað
Oslo 1°C hálfskýjað
Stokkhólmur -2°C hálfskýjað
Helsinki -5°C hálfskýjað
London 6°C heiðskirt

Paris 6°C heiðskirt
Berlín 1°C heiðskirt
Frankfurt 2°C heiðskirt
Madrid 7°C skúrur
Barcelona 12°C heiðskirt

Alicante 15°C skúrur
Milano 8°C heiðskirt
New York 1°C léttskýjað
San Francisco 16°C rigning
Orlando/Florida 19°C skúrur

» á morgun

Hæg norðlæg átt.

» þriðjudagur

Strekkingur allra austast annars hæg norðlæg átt. Yfirleitt frost.

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Mobile Office

FRÁ OG VODAFONE

Ég fæ mikið út úr því að fara á hestbak og reyni að komast út í náttúruna hvenær sem ég hef tíma. En það skiptir líka miklu máli í mínu starfi að geta brugðist við áriðandi skilaboðum hvenær sem er. Með **BlackBerry** get ég haldið um taumana á tveimur stöðum.

BlackBerry® er farsími sem gefur þér margfalda möguleika. Allt í einu tæki sem auðvelt er að nota:

- » Tölvupóstur í símann
- » Dagbókin
- » Samþættur tengiliðalisti
- » GSM sími
- » Vefurinn
- » Viðhengi



BlackBerry® er hluti af **Mobile Office**, heildstæðu þjónustuframboði **Og Vodafone** fyrir viðskiptalífð sem gerir fólki á ferðinni kleift að sinna starfi sínu óháð staðsetningu. Hraði, öryggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í þeim lausnum sem við bjóðum fyrirtækjum.

Ég get
haldið um
taumana á
tveimur stöðum

og

 **vodafone**

Nánari upplýsingar veitir **fyrirtækjþjónusta** Síðumúla 28 í síma 599 9500, starfsfólk verslana **Og Vodafone** og 1414.

Heyrumst!



KJÖRKASSINN

Er til fátækt á Íslandi?

Já	88%
Nei	12%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að leyfa útlendingum að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi?

Segðu þína skoðun á vísir.is

Styrkir vegna ættleiðinga:

Ánægja með ákvörðunina

STJÓRNMÁL Þingflokkur Samfylkingarinnar fagnar þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að taka upp styrki vegna ættleiðinga barna frá öðrum löndum, en kostnaður for-eldra vegna þeirra getur orðið mjög mikill. Þingflokkur Samfylkingarinnar samþykkti ályktun þessa efnis á föstudaginn.

Guðrún Ögmundsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar hefur barist fyrir þessu máli og tekið það upp á nokkrum þingum og telur Samfylkingin að hér sé um mikið jafnréttismál að ræða. - **ed**

DANMÖRK

Fyrirburafæðingar tíðari Fjöldi kvenna sem eignast barn fyrir tímann hefur aukist um rúm 50 prósent á síðustu tíu árum í Danmörku. Kenna lækna og vísindamenn kvíða og stressi um þessa þróun.



Króatía

Frá **45.895** kr.

Heitasti staðurinn í fyrra. Brottfarir í júní og ágúst að seljast upp

frá 45.895 kr.

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuféð í maí eða sept. Diamant íbúðahótelid.



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

Óvíst hvort tekst að veiða allan loðnukvótann:

Örfáir dagar í hrygningu

FISKVEIÐAR Loðnuskipin eru nú við veiðar eftir stutta brælu á dögum og reyna að ná þeim kvóta sem þeim var úthlutað. Nú stýttist óðum í hrygningu loðnunnar og því er tíminn naumur. Magnús Þorvaldsson, skipstjóri á Víkingi, er viss um að vertíðinni ljúki fyrr en vari. Hann segir það þó háð því hvort komi vestanganga eins og venjan er.

Á óvart kemur hve mikið er eftir af þeim aflaheimildum sem úthlutað var. Samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu eru eftir um 80.000 lestrir af 194.000 lestum, en tölur frá einstökum vinnslustöðvum vantar þó örugglega svo senni-

lega er búið að veiða eitthvað meira. Óvíst má þó telja að allir nái að veiða sinn kvóta ef loðnan er komin eins nálægt hrygningu og haldið er.

Ástæðan fyrir því að skipin eru ekki löngu búin að veiða sinn kvóta er hversu litlu var úthlutað í fyrstu. Allir reyna að ná sem mestum verðmætum út úr því sem þeir fengu leyfi til að veiða með vinnslu frystrar loðnu til mannelis. Skipin veiða því aðeins brot af því sem þau afkasta ef veitt er til bræðslu á sama tíma. Dagsveiðin nú er í kringum 4.000 lestrir en komst í 40.000 lestrir á sólarhring þegar best lét fyrir nokkrum árum. - **shá**



VIÐ HÖFNINA Hér sést frosinni loðnu landað úr Bjarna Ólafssyni AK 70 frá Akranesi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Danski forsætisráðherrann:

Góð einkunn sem leiðtogi

DANMÖRK Danskir kjósendur efast um leiðtogahæfileika Helle Thorning-Schmidt, formanns jafnaðarmanna, samkvæmt nýrri skoðanakönnun. Aðeins 23,1 prósent kjósenda telja hana góðan leiðtoga, sem er helmingi minni stuðningur en hún fékk í sambærilegri könnun fyrir hálfu ári síðan. Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra er sá stjórnmálamaður sem kjósendur telja besta leiðtogann, en 62,9 prósent eru þeirrar skoðunar.

Fylgi Jafnaðarmannaflokksins hefur minnkað töluvert í kjölfar Múhameðsteikningamálsins á meðan fylgi við Danska þjóðarflokkinn hefur aukist. - **ks**


Jeppi féll niður í sprungu á Hofsjökli

Björgunarsveitir unnu að því í gærkvöldi að komast að jeppa tveggja manna sem féll ofan í sprungu suðvestan við Hásteina á Hofsjökli um miðjan dag í gær. Ekki hafði náðst samband við mennina þegar Fréttablaðið fór í prentun.

SLYS Óttast var um afdrif tveggja manna á jeppabifreið sem féll niður um djúpa sprungu á Hofsjökli um miðjan dag í gær. Vel á annað hundrað manns komu að björgunaraðgerðum, sem var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Tilkynning um slysið barst laust eftir klukkan þrjú í gær. Voru þyrlur frá varnarliðinu og af danska varðskipinu Triton sendar af stað skömmu síðar og hófu leit á slyssstað um klukkan sex síðdegis. Í kjölfarið fór fjölmennt lið björgunarsveitarmanna hvaðanæva að á landinu á slyssstaðinn, sem er suðvestan við svokallaða Hásteina, og voru þyrlur notaðar til að ferja búnað að slyssstað langt fram eftir kvöldi.

Afar erfitt reyndist að komast að sprungunni sem jeppinn féll ofan í vegna þess hve svæðið var sprungið. Ekkert samband hafði



SLYSSTAÐURINN Jeppi mannanna fór niður um sprungu á Hofsjökli skammt suðvestan við svokallaða Hásteina nálægt því þar sem krossinn er á kortinu.



STJÓRNSTÖÐ AÐGERÐA Björgunaraðgerðum vegna slyssins á Hofsjökli var stjórnað úr miðstöð Landsbjargar í Skógarhlíð. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

náðst við mennina þegar Fréttablaðið fór í prentun en að sögn björgunarmanna sat jeppinn fastur fimmtán til tuttugu metra ofan í sprungunni og aðstæður allar hinar verstu þótt veður væri með ágætum á jöklinum.

Að sögn Odds Kristinssonar hjá Landsbjörg var enn verið að ferja sérhæfða björgunarmenn og tæki á staðinn um níu í gærkvöld. Sökum þess hve sprungið umrætt svæði var tóku allar aðgerðir mun lengri tíma en ella enda aðstæður hættulegar öllum sem þátt í björgun tóku. Ekki reyndist unnt að kalla út

þyrlur Landhelgisgæslunnar þar sem önnur þeirra var í skoðun og hin biluð.

Að sögn Hlyns Snælands Lárussonar, þrautreynds jeppamanns sem oft hefur farið um Hofsjökul, er nokkuð öruggt að aka á jöklinum svo lengi sem menn halda sig við ákveðnar leiðir en utan þeirra eru miklar sprungur og er slyssstaðurinn lítið eitt utan hefðbundinna leiða. „Annað sem máli skiptir er hvernig aðrar aðstæður eru. Hvernig skyggni er og hvaða tæki menn hafa í bílunum.“

albert@frettabladid.is

Forseti Filippseyja lýsir yfir neyðarástandi:

Herinn gerir valdaránstílraun

FILIPPSEYJAR, AP Valdarán nokkurra yfirmanna í her Filippseyja var barið niður á föstudag og lýsti Gloria Macapagal Arroyo, forseti Filippseyja, yfir neyðarástandi í landinu í kjölfarið. Sagði hún að samt sem áður væri landið í mikilli hættu frá stjórnarandstæðingum.

Þetta er í þriðja sinn sem Arroyo stendur af sér valdaránstílraun, en hún hefur setið á forsetastól í fimm ár.

Tuttugu ár eru í dag liðin frá því að Ferdinand Marcos, páverandi einræðisherra, flúði í útlegð eftir uppreisn almennings gegn honum. Stjórnarandstæðingar reyndu tvisvar að halda fjölmenn mótmæli í höfuðborginni Manila á föstudag í minningu þess, þrátt fyrir bann yfirvalda við fjölda-fundum. Til átaka kom þegar



MÓTMÆLI Lögreglan stendur vörð í Manila á Filippseyjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

óeirðalögregla stöðvaði fundina og fjölmargir voru handteknir.

Þó var ganga fyrirverandi forseta Filippseyja, Corazon Aquino, og um 5000 manns leyfð í minn-

ingu eiginmanns hennar, en morðið á Benigno Aquino árið 1983 leiddi til uppreisnarinnar gegn Marcos. Sú ganga fór friðsamlega fram. - **smk**

TIL LEIGU

GLÆSILEGT ATVINNUHÚSNÆÐI Í HJARTA
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

SMÁRATORG 3

SMÁRATORG 3

Nú eru hafnar framkvæmdir á glæsilegu 20 hæða atvinnuhúsnæði. Húsið er sérhannað með þarfir nútíma fyrirtækja í huga. Góð staðsetning með góðu aðgengi og frábæru útsýni í allar áttir.

Smáratorg 3 verður hæsta bygging landsins og áberandi kennileiti á höfuðborgarsvæðinu. Gert er ráð fyrir **verslun og þjónustu** á fyrstu og annarri hæð en **skrifstofu-og þjónustustarfsemi** á öðrum hæðum hússins sem eru um 780 fermetrar hver hæð. Á 20. hæð er gert ráð fyrir veitingaaðstöðu með stórri verönd sem vísar í suð-vestur.

Bílastæði eru annars vegar í bílageymslu undir húsinu auk bílastæða við bygginguna. Alls verða 1180 bílastæði við Smáratorg 1, 3 og 5.

Húsnæðið afhendist tilbúið til innréttinga **1. október 2007**. Sameignleg rými og lóð verða frágengin.

Allar nánari upplýsingar veitir:

Agnes Geirsdóttir, framkvæmdastjóri,
netfang: agnes@smaratorg.is



skoðun

SJÓNARMÍÐ
JÓN KALDAL

Uppgangur íslenskrar ferðapjónustu er ævintýri líkastur.

Fyrirmyndar Food and Fun

Ef spár Ferðamálaráðs Íslands og Icelandair, stærsta ferðapjónustufyrirtækis landsins, ganga eftir munu á bilinu sjö til áttahundruð þúsund erlendir ferðamenn koma til Íslands árið 2015. Þetta er hálf ótrúleg tilhugsun, að eftir tæpan áratug munu fjöldi ferðamanna sem heimsækja landið verða tvöfalt meiri en gjörvöll íslenska þjóðin.

Uppgangur íslenskrar ferðapjónustu hefur verið ævintýri líkastur. Í Ferðamálaáætlun 2006 til 2015, sem var unnin að frumkvæði Sturlu Bððvarssonar samgönguráðherra og gefin út í fyrra, kemur fram að ferðamönnum sem heimsóttu Ísland fjölgaði um 69 prósent á tímabilinu 1995 til 2004 á meðan sambærileg aukning í heiminum öllum var um 24 prósent.

Ef tölurnar eru skoðaðar aðeins lengra aftur í tímann sést að 1996 komu hingað hundrað þúsund ferðamenn, tíu árum síðar voru þeir tvöhundruð þúsund og í ár er reiknað með að þeir fari langleiðina upp í fjögurhundruð þúsund. Spáin fyrir 2015 er sem sagt ekki bjartsýnni en svo, að gert er ráð fyrir að sama þróun haldi áfram, að fjöldi ferðamanna um það bil tvöfaldist á tíu ára fresti.

Eins og staðan er núna er um það bil helmingur ferðamanna á ferðinni hér frá júní til ágúst. Vel heppnaðar uppákomur á borð við Food and Fun og Iceland Airwaves leika lykilhlutverk í því að fá hingað fleiri utan þess tíma.

Hátt gengi krónunnar hefur valdið ferðapjónustunni töluverðum erfiðleikum undanfarin misseri og var allt eins reiknað með að verulega gæti dregið úr gestakomum til landsins, sem þótti ekki beinlínis ódýrt áður en krónan fór að hnykla vöðvana. Sú hefur hins vegar ekki orðið raunin. Segir það meira en mörg orð um hversu gott markaðsstarf er unnið fyrir Ísland úti í heimi.

Í gærkvöldi lauk einmitt einu slíku verkefni þegar matar- og skemmtihátíðinni Food and Fun lauk með sælkeraveislu á Hótel Nordica. Food and Fun er samstarfsverkefni Icelandair, Reykjavíkurborgar og fleiri aðila og var þetta fimmta hátíðin, sú fyrsta var haldin 2002.

Annað sambærilega vel lukkað verkefni er tónlistarhátíðin Iceland Airwaves, sem Icelandair og Reykjavíkurborg koma líka veglega að. Báðum hátíðum er ætlað að laða hingað ferðamenn utan hins hefðbundna ferðamannatíma og ekki síður að bera hróður landsins áfram út fyrir landsteinana að þeim loknum, en fjölmargir erlendir blaðamenn koma gagngert til þess að fylgjast með þeim.

Vaxtarbroddur íslenskrar ferðapjónustu liggur ekki síst í því að fjölga ferðamönnum sem koma til landsins um haust og vetur. Eins og staðan er núna er um það bil helmingur ferðamanna á ferðinni hér frá júní til ágúst. Vel heppnaðar uppákomur á borð við Food and Fun og Iceland Airwaves leika lykilhlutverk í því að fá hingað fleiri utan þess tíma.

Ekki er verra að báðar þessar hátíðir hafa hressst verulega upp á menningarlíf höfuðborgarinnar og fallið vel í kramið hjá okkur sem erum hér fyrir.



Klautar
og Kóngsdætur

Sýningum að ljúka!

Þjóðleikhúsið

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hasar og spenna

Samkvæmt skoðanakönnunum lítur út fyrir að það verði mikill hasar og spenna í borgarstjórnarkosningunum í vor. Sjálfstæðismenn hafa haft góðan meirihluta í könnunum undanfarna mánuði en eftir vel heppnað prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík virðist flokkurinn vera að sækja í sig veðrið og innstu koppar í samfylkingarbúrinu eru vongóðir um að flokknum takist að saxa á Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson og félagi á Sjálfstæðisflokknum og koma Degi B. Eggertssyni í stól borgarstjóra þegar upp er staðið. Spekingar telja að fylkisaukning Samfylkingarinnar sé ekki síst tilkomin vegna þess að helstu frambjóðendur hennar, Stefán Jón Hafstein, Steinunn Valdis Óskarsdóttir og Dagur B. Eggertsson, héldu stillingu sinni í prófkjörsslagnum og þau tvö fyrrnefndu héldu andliti þegar þau

töpuðu fyrir Degi. Undir niðri munu þó heitar tilfinningar krauma og einingin er ef til vill ekki jafn einlæg og þétt og hún virðist á yfirborðinu.

Lognið á undan storminum

Pannig er sá orðrómur kominn á kreik að Stefán Jón ætli að reyna fyrir sér í prófkjöri Samfylkingarinnar fyrir alþingiskosningarnar 2007 þó hann ætli sér að una úrslitum borgarstjórnarprófkjörsins og taka sæti sitt á lista Samfylkingarinnar. Þá þykir síður en svo útilokað að borgarstjórninn fráfarandi, Steinunn Valdis, muni einnig reyna fyrir sér í landsmálunum og þau Stefán Jón muni því bráðum mæstast í öðrum prófkjörsslag. Hvað væringar stóru fylkinganna í borgarstjórnarbaráttunni varðar er ekki við öðru að

búast en sjálfstæðismenn fari að láta á sér kræla eftir að hafa haft hægt um sig frá því Vilhjámur Þ. vann sannfærandi sigur í prófkjöri flokksins. Það hefur vakið athygli þeirra sem gerst fylgjast með undiröldum kosningabaráttunnar að sjálfstæðismenn hafi leyft samfylkingarfólkinu að baða sig fullmikið í jákvæðu fjölmiðlaljósi prófkjörs síns. Það væru hins vegar hægt heima-tökin að benda á brestina og minna til dæmis á það að í prófkjörinu var Samfylkingin í raun að hafna konu og borgarstjóra sínum fyrir ungan mann sem er nýgenginn til liðs við fylkinguna. Andstæðingar Sjálfstæðisflokksins notuðu einmitt þetta herbragð með ágætum árangri þegar Björn Bjarnason bolaði Ingu Jónu Þórðardóttur úr framvarðasveit flokksins í Reykjavík.

thorarinn@frettabladid.is

Aðkomumenn knýja dyra

Hverjum hefði dottið það í hug að rúnum fjórum árum eftir 11. september myndi ríkisstjórn Bandaríkjanna samþykkja að fyrirtæki frá landi sem bendlað væri við hryðjuverkastarfsemi tæki að sér rekstur sex mikilvægra hafna í Bandaríkjunum? Það er einmitt þetta sem nefnd sem sér um fjárfestingar erlendra aðila í Bandaríkjunum hefur nú ákveðið að gera.

Síðan árið 1999 hafa hafnirnar í New York, Baltimore, Philadelphiu og öðrum borgum verið reknar af bresku fyrirtæki sem heitir P&P Ports. Breska fyrirtækið hefur nú verið keypt af fyrirtækinu Dubai Post World, sem stjórnað er af ríkisstjórn Sameinuðu arabísku furstadæmanna. Þeir sem verja þennan samning halda því fram að þeir sem gagnrýna hann, til dæmis forystumenn repúblikana og demókrata á bandaríska þinginu, hafi brugðist ósjálfrátt við á þennan hátt vegna þess að landið sem á í hlut er úr arabaheiminum. Þetta er ekki satt. Þrátt fyrir að ríkisstjórn George Bush segi að Sameinuðu arabísku furstadæmin séu samherji okkar í stríðinu gegn hryðjuverkum ættum við samt að hafa þungar áhyggjur vegna tengsla landsins við hryðjuverkamenn. Tveir af flugræningjunum sem tóku þátt í árásum á Bandaríkin hinn 11. september voru með ríkisfang í Sameinuðu arabísku furstadæmunum og eitthvað af þeim peningum sem notaðir voru til að fjármagna árásirnar kom þaðan. Það var einnig eitt af aðeins þremur löndum í heiminum sem viðurkenndi talíbanastjórnina í Afganistan. Og hafnir í einu furstadæmanna, Dubai, voru notaðar til umskipunar fyrir smygilvarning pakistanska vísindamannsins Abdul Qadeer Khan, sem meðal annars sá Líbíu, Íran og Norður-Kóreu fyrir búnaði til að framleiða kjarnorkuvopn.

Flestir sérfræðingar um hryðjuverk eru sammála um að líklegast sé að kjarnorkuvopnum verði komið inn í Bandaríkin í gegnum einhverja höfnina.

Bandaríska tollgæslan mun auðvitað halda áfram að sjá um tollskoðanir á flutningaskipum og bandaríska strandgæslan mun halda áfram að fara með öryggismál í þeim höfnum sem Dubai

Í DAG
ÖRYGGISMÁL



CLARK KENT ERVIN

Ef sáttmálar og viðskiptasamningar þjóðar okkar eru nægilega mikilvægir til að þurfa að hljóta samþykki þingsins til að öðlast gildi hlýtur það einnig að eiga við um ákvarðanir um að fela erlendum aðilum stjórn yfir eignum sem hafa með öryggi bandarísku þjóðarinnar að gera. Og þetta á sérstaklega við um þessar mundir, á þessari nýju öld hryðjuverka.

Post World mun reka. Hins vegar er það svo að mjög fá flutningaskip eru tekin til skoðunar. Bandaríska strandgæslan setur aðeins þær reglur sem fara skal eftir í höfnunum auk þess að setja staðla um öryggisreglur sem á að framfylgja í höfnunum. Það er svo í verkahring starfsmanna hafnanna að fara eftir þessum reglum dag frá degi: það er á þeirra ábyrgð að ráða öryggisverði, að gæta farma skipanna og hafa yfirumsjón með uppskipun úr þeim.

Þar til í þessari viku vissu sennilega fremur fáir Bandaríkjamenn að mikilvægar hafnir í landinu væru reknar af erlendu fyrirtæki. Fjölmargir þingmenn setja nú fram lagafrumvörp sem er ætlað að banna slík erlend fyrrráð. Þrátt fyrir að George Bush hafi hótad því að lagafrumvörpin verði ekki samþykkt er skynsamlegt að ihuga hvort erlendir aðilar eigi að hafa yfirráð yfir jafn mikilvægum eignum og höfnum. Umræðan um málið ætti einnig að varpa nokkru ljósi á hversu einkennilega nefndin sem sér um fjárfestingar erlendra aðila í Bandaríkjunum starfar. Samkvæmt nágildandi reglum getur nefndin veitt samþykki sitt við tilboðum erlendra

fyrirtækja í bandarískar eignir sem eru mikilvægar fyrir þjóðaröryggi Bandaríkjamanna eftir að hafa gaumgæft málið í aðeins þrjátíu daga, og það án samþykkis forsetans.

Ef nefndin samþykkir ekki tilboðið innan þessara tímamarka, eða ef sá sem falast eftir eigninni er erlend ríkisstjórn, þarf nefndin að taka sér 45 daga til viðbótar til að rannsaka málið betur. Að því loknu þarf nefndin að ráðleggja forsetanum hvað gera skuli í málinu og hefur forsetinn þá fimmtán daga til að ákveða hvort samþykkja eigi eða hafna tilboðinu. Forsetinn verður að kunngerá bandaríska þinginu ákvörðun sína, en þingið hefur ekki vald til þess að taka hana til endurskoðunar. Í þessu ákveðna tilfelli var engin rannsókn gerð og forsetinn var ekki látinn vita af tilboðinu; jafnvel þó að tilboðið um rekstur hafnanna hafi komið frá fyrirtæki í eigu erlendra ríkisstjórnar.

Nefndin hefur augljóslega of mikil völd og vinnuferlið sem notast er við í þessum málum er of stutt. Það minnsta sem verður að gera er að breyta lögum þannig að nefndin hafi ekki lengur völd til að úrskurða ein og sér um mál sem eru eins mikilvæg fyrir þjóðaröryggi Bandaríkjamanna og þetta. Og í þeim tilfellum þar sem erlend ríkisstjórn á hlut að máli ætti nefndin að rannsaka málið á ígrundaðan hátt og veita forsetanum ráðleggingar um hvað gera skuli. Ef forsetinn samþykkir tilboðið ætti bandaríska þingið að hafa vald til að taka ákvörðun hans til meðferðar og hafna henni eða samþykkja eftir atvikum.

Ef sáttmálar og viðskiptasamningar þjóðar okkar eru nægilega mikilvægir til að þurfa að hljóta samþykki þingsins til að öðlast gildi hlýtur það að einnig að eiga við um ákvarðanir um að fela erlendum aðilum stjórn yfir eignum sem hafa með öryggi bandarísku þjóðarinnar að gera. Og þetta á sérstaklega við um þessar mundir, á þessari nýju öld hryðjuverka.

Höfundur skrifaði bókina. Open Target: Where America is Vulnerable to Attack. Greinin birtist áður í The New York Times.

visir

NFS ER Á VISIR.IS

Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigrún M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafidason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **ADALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðnum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

RISA ÚTSALA!

100.000 KRÓNA ÚTTEKT Í SMÁRALIND
FYLGIR HVERJUM TILBOÐSBÍL!



**SJÓNVARP? ÖRBYLGJUOFN? FISKABÚR?
UPPÞVOTTAVÉL? MAT? HVAÐ ÆTLAR ÞÚ
AÐ GERA VIÐ ÞINN 100 ÞÚSUND KALL?**

100% FJÁRMÖGNUN!
ALLT AÐ 600.000 KR. LÆKKUN!
MIKIÐ ÚRVAL TILBOÐSBÍLA

NOKKUR DÆMI UM NOTAÐA TILBOÐSBÍLA:

KIA SORENTO	OPEL ZAFIRA COMFORT	CITROEN XSARA P.
Árgerð 2005 - Ekinn 7. þús. Sjálfskiptur - 3.480.000 kr. Tilboð: 2.990.000,-	Árgerð 2000 - Ekinn 150. þús. Beinskiptur - 1.090.000 kr. Tilboð: 870.000,-	Árgerð 2003 - Ekinn 34. þús. Beinskiptur - 1.390.000 kr. Tilboð: 1.240.000,-

Rafrænt inneignarkort



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

OPIÐ: Virka daga kl. 9:00 -18:00, laugardag kl. 10:00 -16:00 og sunnudag kl.12:00 -16:00



AF EVRÓPUVETTANGI AUÐUNN ARNÓRSSON

Forðumst skotgrafahernað

Opinber umræða um það hvernig tengslum Íslands við grannríkin í Evrópu skuli háttáð er í raun jafngömul lýðveldinu. Framan af voru Íslendingar tregir til að taka virkan þátt í evrópsku samstarfi, enda sjálfstæðinu fegnir eftir langvinna baráttu fyrir því við Dani. Ísland gekk til að mynda ekki í Frírverslunarsamtök Evrópu, EFTA, fyrr en árið 1970. Óhætt er að segja að umræðan um þessa spurningu - hvernig tengslum Íslands skuli háttáð við evrópsku grannríkin - hafi komist á áður óþekkt stig í viðræðunum um aðild landsins að Evrópska efnahagssvæðinu fyrir hálfum öðrum áratug, enda bindur EES-samstarfið landið og þjóðina mjög nánnum böndum við aðrar þjóðir álfunnar í Evrópusambandinu. Tvenn frjáls félagasamtök eru starfandi hér á landi, sem sérstaklega eru stofnuð til að halda uppi umræðu um Evrópumál. Annars vegar eru Evrópusamtökin, sem fögnuðu tíu ára afmæli í fyrra, en þau eru „Íslands-deild“ Evrópuhreyfingarinnar svonefndu. Innan hennar starfar fólk úti um alla Evrópu, sem aðhyllist hugsjónina um sameinaða Evrópu - þótt það feli reyndar ekki endilega í sér stuðning við hugmyndina um „Bandaríki Evrópu“. Hins vegar er Heimssýn, stofnuð 2002 af hópi sem kallar sig hreyfingu sjálfstæðissinna í Evrópumálum.

Evrópusamtökin telja hagsmunum Íslands bezz borgið með fullri aðild að Evrópusambandinu en Heimssýn er á öndverðri skoðun. Þessi tvenn samtök eru því svo að segja pólar umræðunnar hérlandis. Margir aðrir aðilar gegna mikilvægu hlutverki við að halda uppi umræðu um þessi mál, einkum og sér í lagi hagsmunasamtök aðila vinnumarkaðarins, háskólasamfélagið, fjölmiðlar og síðast en ekki síst stjórnmalaflokkarnir. Til allrar hamingju eru skotgrafarnir í þessari umræðu ekki orðnar eins djúpar hér og þær eru til að mynda í Noregi, þar sem tvær þjóðaratkvæðagreiðslur með tilheyrandi áróðri á báða bóga hefur klofið þjóðina í tvær andstæðar fylkingar í þrjá áratugi. Er það vonandi að umræðan hér lendi ekki í því fari, þótt full ástæða sé til að óttast að hún geri það einmitt þegar og ef að því kemur að leggja samning um aðild Íslands að Evrópusambandinu undir þjóðaratkvæði. Helsta vonin til að forða megi því að þjóðin kloni í andstæðar fylkingar er að umræðan haldist sem lengst á málefnalegum og yfirveguðum nótum þar sem niðurstaðan er ekki gefin fyrir fram. Það er að minnsta kosti von undirritaðs að Íslendingar beri gæfu til þess.



Vinna að og gegn ESB-aðild Íslands

Á Íslandi eru starfandi tvenn frjáls félagasamtök sem stofnuð eru í kringum umræðuna um Evrópumál. Þau eru annars vegar Evrópusamtökin, stofnuð árið 1995, og hins vegar Heimssýn, „hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum“, stofnuð árið 2002. Í öðrum hluta greinaflokks um Evrópumál verða lesendur glöggvaðir á hlutverki þessara tvennra samtaka í umræðunni.

Evrópusamtökin

Evrópusamtökin voru stofnuð í maímánuði 1995. Þau eru „hverpólitískur vettvangur áhugamanna um Evrópusamvinnu sem vilja stuðla að upplýstum og forðumalausum umræðum á Íslandi um samstarf Evrópuríkja, auk þess að vinna að því að Ísland sækji um aðild að Evrópusambandinu“, að því er segir í stefnuýfirlýsingu samtakanna.

Formaður samtakanna er Andrés Pétursson. Hann segir aðspurður að fólk úr nánast öllum kimum íslenskra stjórnmála sé virkir félagar í Evrópusamtökunum, „allt frá Vinstri grænum yfir í Sjálfstæðisflokkinn“. Andrés segir markmið samtakanna að stuðla að upplýstri umræðu um Evrópumálin hérlandis, fræða almenning um þessi mál og miðla upplýsingum um þau á almennum grunni. Heimasíða samtakanna, www.evropa.is, sé góður vettvangur til þess, en áskrift að tölvupóstfréttum sem samtökin sendi út reglulega sé líka mjög vinsæl leið til að fylgjast með því sem efst er á baugi á þessum vettvangi.

„Við höfum líka staðið að mörgum góðum málfundum, í samstarfi við ýmsa aðila. Við teljum það vera styrk samtakanna að önnur samtök og stofnanir hafa viljað eiga við okkur samvinnu um slík málfundahöld,“ segir Andrés.

Dæmi um aðila sem Evrópusamtökin hafa haldið fundi með eru Verslunarráð - nú Viðskiptaráð, Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands, Félag stjórnmálafræðinga og Politica, félag stjórnmálafræðinema, Háskólinn á Akureyri og Háskólinn í Reykjavík.

Í skoðanakönnun sem Fréttablaðið birti í vikunni sögðust fleiri vera andvígir því að Ísland sækti um aðild að Evrópusambandinu en hinir sem styðja aðildarumsókn. Spurður um viðbrögð við þessu segir Andrés: „Það kom mér reyndar á óvart að núna allt í einu mældist minna fylgi við aðildarumsókn en áður. Svo til allar kannanir sem gerðar hafa verið á afstöðu Íslendinga til þessarar spurningar síðustu árin hafa sýnt afgerandi stuðning við aðildarumsókn. Mér finnst í þessu samhengi mikilvægt að lítið sé á afstöðu fólks til lengri tíma. Ég sé ekki að neitt hafi gerst sem yti sérstaklega undir það að fleiri leggist nú gegn aðildarumsókn en áður. Mér sýnist raunar miklu frekar að gengissveiflur krónunnar minni menn á kostina sem fylgja myndu upptöku evrunnar hér á landi, sem ekki er í boði nema með fullri aðild að ESB. Ég held þess vegna að þessir efnahagslegu þættir yti undir að fleiri hallist að því að sækja eigi um. Við í Evrópusam-



ANDRÉS PÉTURSSON Formaður Evrópusamtakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

tökunum teljum raunar að það sé eftir miklu meiru en þessum efnahagslegu þáttum að slægjast með aðild að Evrópusambandinu. Við teljum jafnmikilvægt að við tökum virkan þátt í að móta Evrópu á 21. öldinni, til jafns við aðrar sjálfstæðar þjóðir álfunnar, og með því tryggja að hagsmunir smáþjóða eins og Íslendinga séu virtir.“

Heimssýn

Sumarið 2002, sjö árum eftir stofnun Evrópusamtakanna, tók hópur manna sig saman um stofnun samtaka sem hefðu það að markmiði að hafa áhrif á Evrópuumræðuna með rökum gegn aðild Íslands að Evrópusambandinu. Samtökin fengu nafnið Heimssýn, hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum. Í ávarpi, sem rúmlega 100 stofnfélagar samtakanna skrifuðu undir og birt var í helstu prentmiðlum,



RAGNAR ARNALDS Formaður Heimssýnar.

segir: „Við undirrituð leggjum áherslu á vinsamleg samskipti og viðtæka samvinnu við aðrar þjóðir í Evrópu og heiminum öllum en teljum það ekki samrýmast hagsmunum Íslendinga að gerast aðilar að Evrópusambandinu.“

Ragnar Arnalds, rithöfundur og fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, hefur verið formaður samtakanna frá upphafi. Spurður um aðdraganda stofnunar Heimssýnar segir Ragnar: „Þegar þetta var, árið 2002, höfðu skoðanakannanir sýnt að allt upp undir níutíu prósent landsmanna töldu bara sjálfsagt að sækja um aðild að Evrópusambandinu og um þrír af hverjum fjórum töldu að við ættum að ganga í sambandið. Við sem þarna komum saman töldum að þetta bæri vott um að fólk skorti réttar upplýsingar um þetta mál. Við söfnumum saman 100

manna hópi úr öllum flokkum sem skrifaði undir stofnávarp Heimssýnar.“

Ragnar segist telja að stofnun samtakanna hafi verið mjög þýðingarmikil. Mikil umræða hafi skapast í kjölfar birtingar stofnávarpsins. Þá hafi margt fólk látið í sér heyra sem áður hafi haft hægt um sig í þessari umræðu. „Þetta hafði strax mikil áhrif inn í stjórnmalaflokkana,“ segir Ragnar og bendir á að fram að þessu hafi aðeins fáir úr forystuliði Sjálfstæðisflokksins tjáð sig opinberlega um afstöðu sína í Evrópumálunum, fyrir utan formanninn Davíð Oddsson. „Það var eins og færi af stað skriða, enda breyttust skoðanakannanir í kjölfarið,“ segir Ragnar. Mun meiri andstaða við aðildarumsókn og/eða innngöngu í ESB hafi mælst í skoðanakönnunum eftir þetta en áður.

Nýjasta skoðanakönnunin í Fréttablaðinu staðfestir þetta enn frekar að mati Ragnars. Þar var spurt hvort Ísland ætti að sækja um aðild að ESB, en það er sú spurning sem hefur jafnan fengið mestan stuðning. Samkvæmt könnuninni voru 42,3 prósent aðspurðra andsnúin því að sækja um en 34,3 prósent vildu leggja inn umsókn. „Margir hafa álitnið að skaðlaust væri að sækja um og sjá til hvernig samninga við fengjum,“ segir Ragnar. „Að svona fáir vilji nú svo mikið sem senda inn umsókn sýnir hvað landslagið er mikið breytt. Miklu fleiri hafa nú áttað sig á að ekki er líklegt að undanþágur fengjast frá meginreglum ESB um yfirráðin yfir fiskimiðunum og neikvætt yrði fyrir Ísland að sækja um en hafna svo aðild.“

Heimssýn heldur úti heimasíðu sinni www.heimssyn.is.

IMPREZA

FJÓRHJÓLADRIFINN 160 HESTÖFL!

- 2.0 lítra
- Sítegt fjórhjóladrif
- 160 hestöfl
- Kastarar í stuðara
- Sjálfskiptur
- 16" álfelgur

Tegund	Verð
IMPREZA sedan	2.130.000,-
IMPREZA wagon	2.180.000,-


www.subaru.is

SYMMETRICAL AWD

SUBARU
MED HUGANN VÍD AKTURINN

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00



ZANUSSI
Fjölkerfa blástursofn með undir- og yfirhita ásamt grilli

- ✓ Ekta glóðarsteiking
- ✓ Clean N' Clear
- ✓ Klukka
- ✓ Verð áður kr 44.900

Verð nú 39.900 **AFSLÁTTUR 25%**



ZANUSSI
Keramik helluborð með snertitökkum og High Light hraðhellum

- ✓ Barnalæsing
- ✓ Överjulega stór hella 23 cm
- ✓ Uppúrsuðuvörn
- ✓ Verð áður kr 64.900

Verð nú 39.900 **AFSLÁTTUR 25%**



Electrolux
Nýr afbragðsfallgur amerískur kæli- og frýstiskápur hlaðinn þægindum.

- ✓ Svæðisskipt kælihölf fyrir mismunandi mat
- ✓ Klakavél með 7 upp-lýstum hnöppum fyrir mulin ís, mola og kælt vatn.
- ✓ Frost Free afþiðing í kæli og frýsti
- ✓ Sjálfhreinsibúnaður og lykteyðir
- ✓ Verð áður kr 315.900

Verð nú 259.000 **SPARAÐU 54.000** **AFSLÁTTUR 20%**



Amerísk framleiðsla



Electrolux
Innbyggður ofn af flottustu gerð með þriggja kerfa Pyrolyse sjálfhreinsibúnaði

- ✓ Kjóthitamælir
- ✓ Stjórnborð með snertitökkum og upplýsingaskjá
- ✓ Grillteinn og grillmótor
- ✓ Innbyggð uppskriftarbók
- ✓ Þýsk framleiðsla

Verð nú 99.900 **AFSLÁTTUR 25%**



Electrolux
Spansuðuhelluborð með snertitökkum. Meiri hraði, öryggi og hagkvæmni.

- ✓ Uppúrsuðuvörn
- ✓ Barnalæsing
- ✓ Timastillir
- ✓ Verð áður kr 119.900

Verð nú 94.900 **AFSLÁTTUR 25%**



Electrolux
Glæsileg eldavél í stáli með Air Control blástursofni. Keramik helluborð með High Light hraðhellum.

- ✓ 6 kerfi
- ✓ A orkuflokkur
- ✓ HxBxD: 85/90x59,5x60 cm
- ✓ Verð áður kr 84.100

Verð nú 64.900 **AFSLÁTTUR 23%**



Küppersbusch
Flott stálvihta með premur hraðastillingum

Verð nú 12.900 **AFSLÁTTUR 20%**



Electrolux
Vel innréttaður stálskápur hlaðinn tækninýjungum og nýjum þægindum.

- ✓ Action Freeze og Action Cool hraðfrýsting/kæling
- ✓ Glerhillur og flöskurekki
- ✓ Halogen lýsing
- ✓ Stjórnborð með snertitökkum og upplýsingaskjá
- ✓ Maxi frýstiskúffur
- ✓ Sensa handföng
- ✓ 2 kælivélar
- ✓ Sænsk framleiðsla
- ✓ A orkuflokkur
- ✓ HxBxD: 140x55x60 cm
- ✓ Verð áður kr 49.900

Verð nú 89.900 **AFSLÁTTUR 25%**



VOSS
det nye danske komfur

Óviðjafnanleg **bakstursgæði** og **steiking**. Ofninn hefur fengið **Best i Test** hjá hjá dönsku neytendasamtökunum þrjú ár í röð.

- ✓ Heitur blástur
- ✓ Sjálfhreinsibúnaður
- ✓ Margverðlaunuð fyrir hugvitsamlega hönnun
- ✓ HxBxD: 85/90x59,5x60 cm
- ✓ Verð áður kr 105.500

Verð nú 84.900 **AFSLÁTTUR 20%**




Küppersbusch
Gashelluborð til með 4 eða 5 hellum (WOK hellu).

- ✓ Rafmagnsneistagjöf
- ✓ Gaslekaöryggisbúnaður
- ✓ Sterkbyggðar pottagrindur
- ✓ Verð áður kr 39.900 (4 hellur) og 49.900 (5 hellur)

Verð nú 39.900 **AFSLÁTTUR 25%**




Verð nú 29.900 **AFSLÁTTUR 25%**



Electrolux
28 lítra örbylgjuofn með 1300W grilli. Stafrænt stjórnborð með klukku. Afþiðing og sérstakt popp & snakkkerfi.

- ✓ Silfursanseraður
- ✓ RedDot hönnunarverðlaun
- ✓ HxBxD: 29,7x51,7x42 cm
- ✓ Verð áður kr 29.900

Verð nú 14.900 **AFSLÁTTUR 50%**



Verð nú 14.900 **AFSLÁTTUR 50%**



PAKKADÍLL



Fáðu hagstætt tilboð í allan pakkan hjá okkur. Valin merki, vönduð vara og verð sem kemur á óvart.





Rafha

Opið virka daga 9-18 laugardaga 10-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík Sími 5880500 www.rafha.is

WILLIAM R. INGE (1860-1954)
LÉST PENNAN DAG.

„Maður gæti byggt sér hásæti
úr byssustingjum en það væri
ekki hægt að sitja í því.“

William R. Inge var breskur prestur og
rithöfundur.




tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



Sverrir Hermannsson, fyrrverandi
þingmaður og ráðherra, er 76 ára.



Kristinn Sigurjón Antonsson er
sjötugur í dag.



Birna Þórðardóttir
baráttukona er 57 ára.



Ásdís Thoroddsen
kvikmyndagerðar-
maður er 47 ára.



Gísli Marteinn Baldursson
sjónvarpsmaður er
34 ára




Bjarni Guðjónsson
knattspyrnumaður
er 27 ára.



FÆDDUST PENNAN DAG



1802 Victor Hugo
rithöfundur.



1829 Levi Strauss
gallabuxnafram-
leiðandi.



1846 Buffalo Bill
Cody kúreki.



1932 Johnny Cash
söngvari.

Tilkynningar um merkis-
atburði, stórafmæli,
andlát og jarðarfari í
smáletursdálkinn hér á
síðunni má senda á netfangið
timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á
auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma
550 5000.

PETTA GERÐIST > 26. FEBRÚAR 1993

Hryðjuverk í New York-borg

Á þessum degi árið 1993 sprakk bílsprengja í bílageymslu World Trade Center á Manhattan í New York. Sex létust í sprengingunni en um hundrað særðust.

Hryðjuverkaárásin vakti mikinn ugg hjá Bandaríkjamönnum, sem höfðu fram að því sloppið við hryðjuverk af þessu tagi. Sprengjan sprakk á hádegis og reif stórt gat í loft bílageymslunnar og tveggja hæða fyrir ofan en flestir sem létust krömdust undir brakinu. Mikill eldur braust út og logarnir teygðu sig upp byggingarnar sem oft eru nefndar Tvíburaturnarnir. Um 100 þúsund manns störfuðu í byggingunum á



hverjum degi og sprengingin varð á annasamasta tíma dags.

Í maí 1994 voru fjórir menn, Mohammad Salameh, Nidal Ayyad, Mahmud Abouhalima og

Ahmad Ajaj, dæmdir í lífstíðarfangelsi fyrir að hafa staðið að baki sprengingunni. Í október árið 1995 var Omar Abdel Rahman, blindur múslimaklerkur sem predikaði í moskum í Brooklyn, dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir að hafa skipulagt ódæðið. Hann var einnig dæmdur fyrir að hafa skipulagt morðtilræði á hendur egypska forsetanum Hosni Mubarak í New York árið 1993.

Sprengingin árið 1993 hefur algerlega fallið í skuggan af hryðjuverkunum hinn 11. september árið 2001 þar sem þúsundir létust og Tvíburaturnarnir geryðilögðust.

MERKISATBURÐIR

- 1913** Kristólína Kragh, fyrsti íslenski hárgreiðslumeistari, opnar stofu í Reykjavík.
- 1935** Adolf Hitler gefur leyfi fyrir stofnun Luftwaffe, flugher Þýskalands.
- 1961** Mohammed V, konungur Marokkó, andast.
- 1968** Yfir tuttugu konur látast í miklum bruna á geðsjúkrahúsi í Shrewsbury á Englandi.
- 1989** Landsliðið í handknattleik sigrar í B-heimsmeistarakeppninni í París.
- 1994** Magnús Scheving sigrar með yfirburðum á Evrópu-meistaramóti í þolfimi.
- 2000** Átjándi Heklugosið á sögulegum tíma hefst.



PROSKINN METINN Greiningarstöðin fær 250 tilvisanir árlega og fjölgar þeim ár frá ári.

GREININGAR- OG RÁÐGJAFARSTÖÐ RÍKISINS: ER 20 ÁRA

Biðlistar brátt í jafnvægi

„Miklar framfarir hafa orðið á síðustu tuttugu árum á þekkingu á eðli þroskaraskana hjá börnum og hvernig við getum betur skilgreint styrkleika og veikleika barnsins og unnið markvisst með það til framtíðar,“ segir Stefán J. Hreiðarsson, forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, sem heldur upp á tuttugu ára afmæli sitt um þessar mundir.

„Við erum núna meira en helmingi stærri en við vorum í upphafi og erum

með sérfræðinga á nánast öllum sviðum fatlana barna,“ segir Stefán. Hlutverk greiningarstöðvarinnar er að aðstoða börn og ungmenni með alvarlegar þroskaraskanir og aðstoða foreldra þeirra, skóla og leikskóla til að draga sem mest úr áhrifum fötlunarinnar til framtíðar.

Greiningarstöðin komst í fréttirnar fyrir nokkrum árum vegna langra biðlista. Stefán segir biðlistana lítið hafa minnkað og í dag bíði yfir 200 börn eftir þjónustu stöðvarinnar. Tilvísunum til stöðvarinnar fjölgar ár frá ári og fær hún nú um 250 tilvisanir árlega.

„Í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið höfum við eftt starfsemi stöðvarinnar,“ segir Stefán, sem sér fram á betri tíð. Á síðustu tveimur árum hafa sex ný stöðugildi orðið til. Hins vegar má betur ef duga skal og vonast Stefán til þess að sex stöðugildi komi til viðbótar. Ef það gengur eftir sér hann fram á að biðlistinn verði kominn í jafnvægi eftir tvö ár.

Misjafnt er hve lengi börn þurfa að bíða eftir greiningu. Ákveðið forgangs- röðunarkerfi er í gangi þar sem yngri börn komast fyrr að en eldri og alvarlegar fatlanir fyrr en þær vægari. Biðtíminn getur því verið frá sex mánuðum upp í tvö ár. „Við leggjum áherslu á að ekki sé setið með hendur í skauti meðan beðið er heldur viljum við að unnið sé að íhlutun með barni og fjölskyldu á heimaslóðum áður en kemur að endanlegri greiningu hjá okkur,“ ítrekar Stefán en að sögn hans fer tíminn sem tekur að greina barn eðli og aldri barnsins. Mjög oft eru börnin í eina viku á greiningarstöðinni og hitta þá ýmsa sérfræðinga, til dæmis barnalækna, sálfræðinga, talmeinafræðinga og fleiri. Einnig er unnið með upplýsingar frá foreldrum, leikskólum og öðrum sem sinna barninu.

Þegar horft er til framtíðar sér Stefán fram á nokkrar breytingar. „Við sjáum fyrir okkur að við verðum sérhæfðari og munum sinna börnum með alvarlegri langvinnar eða sjaldgæfar fatlanir,“ segir hann og telur líklegt að jafnframt verði aukinn stuðningur við greiningarteymi sveitarfélaga heilbrigðiskerfis út um land. Þá sér hann fram á að stöðin muni auka fræðslu og rannsóknarstarf. Til að mynda er stöðin nú að vinna að rannsókn á einhverfu í samvinnu við Íslenska erfðagreiningu. „Hún hefur nú þegar vakið alþjóðlega athygli,“ segir Stefán, sem horfir bjartsýnn til framtíðar. ■



HÁSKÓLI ÍSLANDS Stúdentar framtíðarinnar geta fengið svör við mörgum spurningum í dag.

Námskynning í Háskóla Íslands

Allar deildir Háskóla Íslands kynna námsframboð sitt í dag milli klukan 11.00 og 16.00. Þar verður kynnt bæði grunnnáms og framhaldsnám en kennarar og nemendur deildanna veita upplýsingar og miðla af reynslu sinni. Þá verða námsráðgjafar

Háskólans einnig á staðnum.

Námskynningin fer fram í nokkrum byggingum Háskólans; Aðalbyggingu, Íþróttahúsi, Odda, Öskju og Stúdentahéimilinu við Hringbraut. Nánari staðsetningar er hægt að finna á www.hi.is. ■



AUKIN ÞEKING Stefán J. Hreiðarsson hefur verið forstöðumaður greiningastöðvarinnar frá upphafi. Hann segir miklar framfarir hafa orðið á síðustu tuttugu árum í þekkingu á eðli þroskaraskana hjá börnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETER

Börnin kynnast öllum heiminum

Í dag er seinasti dagur Vetrarhátíðarinnar og verður þessi dagur mjög glæsilegur. Aldrei hafa eins margir atburðir verið á hátíðinni en einn sá veglegasti er Heimsdagur barna sem verður haldinn í dag í Laugalækjarskóla frá klukkan 13:30 til 17:00.

Þar munu börn og unglingar koma fram og sýna kúnstir sínar en einnig verða listasmiðjur þar sem börn geta kynnt sér ýmiss konar list frá ólíkum menningarheimum.

Listasmiðjurnar bera yfirskriftina „Safariferð um heiminn“ en í hverri smíðju er nýtt land og þar geta börnin prófað til dæmis trumbuslátt frá Afríku, wushu-bardagalist frá Kína, hljóðfæri og hatta frá Bólívíu, karóki og tungumálið Tagalog frá Filippseyjum, pappírslíst Sri Lanka og búlgarska



TRUMBUSLÁTTUR Börnin geta lært trumbuslátt frá Afríku í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

dansa. Stomp-vinnusmiðjan er þó frábrugðin því í enda dagsins munu börnin flytja Stomp-tónverk fyrir gesti.

Á sviði skólans verður skemmtileg og fjölbreytt dagskrá: wushu-sýning,

leik- og tónlistaratriði frá Austurbæjar-skóla, brot úr söngleiknum West Side Story, stuttmynd eftir unglingahópinn Adrenalín gegn rasisma, hljómsveitin Dayshine frá Laugalækjarskóla, tónlistaratriði frá Allegri Suzuki tónlistarskólanum, þjóðdans frá Sri Lanka og danssýning frá Dansstúdíó World Class í laugum. Dagskráin hefst á sviði klukkan 14:10.

Vetrarhátíð efndi í samstarfi við Eddu bókaútgáfu og Rithöfundasamband Íslands til ljóðasamkeppni hjá 5. bekk grunnskóla og verða verðlaunin afhent fyrir bestu ljóðin á Heimsdegi barna. Þema keppinnar í ár er „Dýr á norðurslóðum“.

Það verður sannkölluð karnival stemning á Heimsdegi barna í Laugalækjarskóla. ■



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu

Soffiu Jónsdóttur

Dalbraut 27, áður Laugarásvegi 41.

Sérstakar þakkar til starfsfólks á Dalbraut 27 og deild B4 á Landspítala í Fossvogi fyrir góða umönnun.

Gylfi Sigurjónsson
Sif Gylfadóttir
Sigurjón Gylfason
og langömmubörn.

Valgerður Ólafsdóttir
Haraldur Sigurjónsson

Þreifað á framandi dýrum

Félag leiðsögumanna, í samstarfi við Veidisafnið á Stokkseyri og Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar, bauð félögum Blindrafélagsins í skemmtiferð í Veidisafnið í vikunni í tilefni af alþjóðlegum degi leiðsögumanna. Á þeim degi standa leiðsögmenn fyrir ókeypis leiðsögn fyrir almenning en sérstök áhersla er lögð á að gleðja þá sem síður hafa tök á að ferðast sjálfstætt.

Veidisafnið er á heimili þeirra Páls Reynissonar og Friðu Magnúsdóttur á Stokkseyri en þar getur að líta stærsta safn uppstoppaðra veiðidýra hérlandis ásamt skotvopnum, fuglum og munum tengdum veiðum. Um



fjörutíu félagar Blindrafélagsins lögðu leið sína í safnið og var almenn ánægja meðal ferðalanganna, en enginn þeirra hafði áður snert dýr frá Afríku. Urðu gestirnir að vera í hönskum til að húðfita færi ekki á feld dýranna. Þetta eyðilagði síður en svo ánægjuna af upplifuninni og þreifaði hópurinn sig í mikilli gleði milli uppstoppaðra furðudýra í rúman klukkutíma.

FALLEG UPPLIFUN Ferðalangarnir urðu að vera með hanska til að vernda feld dýranna. Það eyðilagði síður en svo hina miklu ánægju sem blindir og sjónskertir höfðu af því að strjúka framandi dýrum frá ýmsum álfum heimsins.



Í GINI LJÓNSINS Ekki geta margir státað af því að hafa stungið hendi sinni í kjaft ljónynju.



GÓÐ AFMÆLISGJÖF Helga Björk Sigbjarnardóttir frá SPK ásamt Þorvaldi Sigurðssyni félagsforingja og Björgu Sigmundsdóttir aðstoðarfélagsforingja.

Sparisjóður styrkir Kópa

Skátafélagið Kópar fékk góða afmælisgjöf á sextíu ára afmæli sínu 22. febrúar síðastliðinn. Þá skrifuðu félagið og Sparisjóður Kópavogs undir samning þess efnis að SPK yrði aðalstyrktaraðili skátafélagsins.

Ljóst er að samningurinn verður lyftistöng fyrir félagsstarfsemi skátanna en mikill uppgangur hefur verið í félaginu enda fluttu Kópar í nýtt hús fyrir ári síðan.

Um 300 starfandi skátar eru í Kópum en meðlimir í Kópum í gegnum tíðina skipta þúsundum.



HEPPNAR Þær Hafdís og Hjördís geta látið dekra við sig í Jarðböðunum á Mývatni á næstunni.

Unnu dekurferð á Mývatn

Þrjár heppnar konur sigruðu í Konudagsleik Kringlunnar 2006 nú nýverið. Þær höfðu skráð sig á póstlista á vefsíðu Kringlunnar á Konudögum og hlutu í vinning dekurferðir fyrir tvo með Flugfélagi Íslands í Jarðböðin á Mývatni með gistingu á Sel-Hótel Mývatni.

Þær heppnu heita Steinunn Lilja Gísladóttir, Hafdís Sigurðardóttir og Hjördís Björk Ólafsdóttir.

allt hús

Alla mánudaga

www.toyota.is

Einstaklega **veg**legur

Meiri Corolla – sama verð

Nú færðu í takmarkaðan tíma meiri Corolla fyrir sama verð. **Veglegur aukahlutapakki** gerir aksturinn enn ánægjulegri: álfelgur, vindskeið og skyggðar rúður fylgja öllum Corolla bifreiðum.

Corolla er einn vinsælasti bíll síðustu tveggja áratuga. Aksturseiginleikar, öryggi, sparneytni og lág bilanatíðni hafa skipað honum sérstakan sess í hugum Íslendinga.

Á endanum velur þú Corolla.

150 þúsund króna aukahlutapakki fylgir öllum Corolla bifreiðum: álfelgur, vindskeið og skyggðar rúður.

Verð frá **1.685.000 kr.**

TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Nýbýlavegi 4 Kópavogur Sími: 570-5070	Toyota Akureyri Baldursnesi 1 Akureyri Sími: 460-4300	Toyotasalurinn Njarðarbraut 19 Reykjanesbær Sími: 421-4888	Toyotasalurinn Fosnesi 14 Selfoss Sími: 480-8000
---	--	---	---



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Konur eru konum bestar

Á miðvikudag munu íslenskar þingkonur tala um þikur, sjálfsfróun, kynferðislegt ofbeldi og raðfull-nægingar á sviði Borgarleikhússins, en þá verða Píkusögur eftir Eve Ensler settar upp í tilefni V-dags-ins. **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir** fór á fund **Hildar Sverrisdóttur**, framkvæmdastjóra V-dagsins.

V-dagurinn er upprunninn í Bandaríkjunum og tengdist lengi Valentínusardeginum, þegar þarlendir baráttusinnar vildu minna á ofbeldi gagnvart konum á sama tíma og eldrauð plasthjörta táknuðu ást, sátt og samlyndi milli kynjanna. Síðan hefur fyrirkomulaginu verið breytt og deginum fundinn staður á V-dags-tímabilinu sem stendur frá Valentínusardeginum 14. febrúar til 14. mars.

„Við þurfum auðvitað að ná athygli almennings en skilaboð okkar drukknðu í allri ástinni,“ segir Hildur brosandí um Valentínusardaginn, en hún stundar laganám meðfram því að sinna starfi framkvæmdastjóra V-dagsins.

„Þótt stundum komi dagar sem mér finnst baráttan vera næstum um megn vegna yfirdrífins ofbeldis er ótrúlega gaman að finna að starfið skipti máli, enda baráttan mjög merkileg. Ég er því stolt og glöð yfir starfi mínu hér, en ekki sist hefur verið skemmtilegt að flétta það laganáminu því ósjálf-rátt fór öll mín athygli að beinast að þessum málaflokki og hef ég til dæmis skrifað blaðagreinar um útvíkkun nauðgunarhugtaksins, og nú ánægjulegt að sjá frumvarp þess efni í vinnslu á Alþingi.“

Engin píkuskömm

V-ið í nafni V-dagsins stendur meðal annars fyrir ensku orðin „victory“ (sigur), „vagina“ (píka) og „violence“ (ofbeldi).

„Með V-deginum minnum við á baráttu gegn ofbeldi gagnvart konum og leggjum áherslu á að koma þeim skilaboðum á framfæri með listum, skemmtunum og jákvæðni. Það er mikilvægt því þótt málefnið sé afskaplega alvarlegt verður að minna á þá jákvæðu sigrar sem unnist hafa smátt og smátt og vinnast enn á hverjum degi“ segir Hildur, sem vonar þrátt fyrir góðan árangur að V-dagurinn sé ekki kominn til að vera.

„Auðvitað verður dásamlegur

sá dagur þegar ofbeldi gagnvart konum fyrirfinnst ekki lengur og við þurfum ekki að ljá þessu mál-efni rödd okkar, en enn mun langt í land og við erum meðvituð um þá ábyrgð sem við berum og höldum áfram meðan nauðsynlegt er,“ segir Hildur um starf íslensku V-dags-samtakanna, sem frá upphafi hafa lagt áherslu á baráttu gegn nauðgunum.

„Á Íslandi eru vinanauðganir algengastar, en mjög lífseig mýta að nauðganir fari bara fram í skuggasundum og af skuggalegum mönnum, því flest kynferðis-ofbeldi á sér stað í heimahúsum meðal kunningja og vina,“ segir Hildur, sem einnig hefur grúskað í tölfræði neyðarmóttöku nauðgunar-fórnarlamba.

„Þar sést að kærum fer ekkert fækkandi, en það þarf ekki að vera neikvætt og getur líka merkt að

ekki fyrr en konur fara að tala um kynfæri sín af sömu ást og stolti og karlar um sín kynfæri að þær geta skammar- og áreynslulaust sagt ást mönnum sínum hvernig þær vilja láta snerta sig og hvernig ekki, og í kjölfarið átt auðveldara með að tilkynna kynferðis-brot. Orðið píka hefur verið forboðið, en er þó bara huglægt og gagnvart orðinu þarf að breyta allri hugsun.“

Smásígarar um allan heim

Margt hefur áunnist síðan fyrsti V-dagurinn var haldinn hérlendis fyrir fimm árum síðan.

„Ágætt dæmi er að þegar Píkusögur voru settar upp í Borgar-leikhúsinu 2001 mátti ekki auglýsa sýninguna í Morgunblaðinu. Þá hringdi fólk feimið í miðasöluna og bað um miða á þrileikinn, en nú hringir það kokhraust

í felum, en með nýju frumvarpi á Alþingi sjáum við fram á betri tíð, auk þess sem fólk er farið að taka á þessu og þögn ekki lengur liðin. Það er alltaf grafalvarlegt þegar kynfrelsi kvenna er brotið á bak aftur,“ segir Hildur, sem segir tæplega hægt að skilja á milli líkamlegs og andlegs ofbeldis.

„Menn beita ekki kynferðislegu ofbeldi án þess að beita andlegu ofbeldi um leið. Í nýja frumvarpinu er lögð áhersla á ofbeldi af hendi þeirra sem einstaklingur elskar og treystir. Það er áfall að vera barin úti á götu en í slíkum tilvikum upplifir maður þó ekki það andlega áfall sem fylgir því að vera beittur ofbeldi af hálfu þess sem maður treystir.“

Aumingjaskapur að nauðga

Leikarinn Björn Ingi Hilmarsson hefur frá upphafi verið í stjórn V-

„Sumir eiga bara séns í dauðar stelpur“, og hversu töff er það? Með þessu minnum við á að nauðgun er mögulega það ókarlmannlegasta og hallærislegasta sem hægt er að gera; bara tær aumingjaskapur.“

við höfum náð að koma skilaboðunum áleiðis. Við höfum ítrekað þá staðreynd að sá sem ber ábyrgð á ofbeldisverkunum er alltaf gerandinn og hvatt fórnarlömbin til að leita hiklaust réttar síns. Það var nauðsynlegt að taka skömmina af fórnarlömbunum svo hægt væri að halda áfram,“ segir Hildur og áréttar að skömmin sé enn mikil fyrir þá sem þola þurfa nauðganir,

„Sú hugsun er hins vegar bæði skrítin og röng. Eve Ensler, höfundur Píkusagna, hefur sagt að hún ljóta, skammarlega áhersla sem hvílir á orðinu píka sé partur af ofbeldinu, því þori kona ekki að segja orðið upphátt fylgi allt hitt í kjölfarið; hún þori ekki á neyðarmóttökuna til að kæra því búið sé að svívirða eitthvað sem hún þori ekki að nefna á nafn. Það verður

og pantar miða á Píkusögur,“ segir Hildur með stolt í röddu.

„V-dags-samtökin starfa um allan heim og smásígarar eru unnir í hverri borg, en misjafnt að hverju baráttan snýr á hverjum stað. Hér höfum við barist gegn nauðgunum og það er okkar sigur, meðan sigur í Sádi-Arabíu er að setja upp Píkusögur, í Kenýa að byggja heimili fyrir stelpur sem flúðu fjölskyldur sínar því þær vildu ekki láta umskera sig og hjá indjónakonum að viðurkenna að það sé ekki í lagi að vera barin af mönnum sínum á hverjum einasta degi. Skilaboðin eru þau sömu; ofbeldi gagnvart konum, í hvaða formi sem er, er ekki liðið,“ segir Hildur, sem sér fram á enn bjartari tíma.

„Á Íslandi er heimilisofbeldi allt of algengt og hefur verið mikið

dags-samtakanna, en hann er einn örfárar karlmanna í heiminum sem vinna með samtökunum og var tekið sem poppstjörnu í Brussel síðastliðið vor þegar íslensku V-dags-samtökin voru fengin út sem fyrirmynd annarra evrópskra V-dagssamtaka.

„Það er afskaplega dýrmætt að hafa Björn Inga í liðinu, sem og að fá hans skoðanir fram því vita-skuld hugsar kynin stundum um þessi mál með misjöfnum hætti. Ég fullyrði að ekkert mun breytast fyrr en karlmenn hætta að vera feimnir við þessa umræðu og taka hana inn á sig því þeir vita auðvitað vel hvað verið er að tala um. Við erum öll í sama liði sem berjumst gegn þessum örfáu sem eyðileggja fyrir öllum hinum, og í raun einkennilegt að karlar veigri sér við þessa umræðu því maður

skyldi frekar halda að þeir vildu standa upp og segja opinberlega að þetta sé skömm fyrir karlmenn og snúa þurfi dæminu við,“ segir Hildur og þverturur ekki fyrir að nauðganir hafi þótt viðurkennt athæfi meðal karlmanna hér áður fyrr.

„Þögnin hefur ávallt verið mikil og enginn sem beint hefur orðum sínum til þeirra. Oft vissu heilu strákahóparnir af þessu og stóðu saman í þögninni, en einmitt þess vegna vorum við harðákveðin í að beina skilaboðum til gerandans og oft á kaldhæðinn hátt, eins og með slagorðinu: „Sumir eiga bara séns í dauðar stelpur“, og hversu töff er það? Með þessu minnum við á að nauðgun er mögulega það ókarlmannlegasta og hallærislegasta sem hægt er að gera; bara tær aumingjaskapur,“ segir Hildur ákveðin í bragði, en forvarnarstarf V-dagsins hefur einkum beinst að verslunarmannahelginni.

„Konur eru í hættu alla daga; ekki bara um verslunarmannahelgina. Forvarnarstarfinu hefur einkum verið beint að ungum karlmönnum og við höldum ótrauð áfram. V-dagur er í raun alla daga, en við störfum ekki allt árið svo fólk verði ekki dofið fyrir áreitinu. Verslunarmannahelgin varð fyrir valinu því árið 2002 var 21 nauðgun tilkynnt en síðasta sumar engin að við vitum, og það mun í fyrsta sinn í sögu útihátíða um verslunarmannahelgina. Tölurnar sýna því að starfið skilar árangri og okkur ekki stætt á öðru en að halda áfram.“

Sigurvegari en ekki fórnarlamb

Að sögn Hildar er óskiljanlegt hvers vegna karlar beita konur ofbeldi.

„En þögnin fer minnkandi með aukinni umræðu og áherslu á að ofbeldi sé aldrei réttmætt, ásamt auknu hugrekki kvenna til að leita réttar síns og þora að segja píka. Allt þetta skiptir máli. Konur verða æ stoltari af því að vera konur og eiga sín réttindi sem slíkar, þótt þær hafi í aldanna rás oft verið álítnar kynliffsleikföng karla, en nú er kominn tími til að karlar skilji líka að þannig virkar raunveruleikinn ekki,“ segir Hildur, en það var Eve Ensler sem kallaði fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis eftirlifendur í stað fórnarlamba.

„Vissulega er erfitt að bera höfuðið hátt og vonlaus krafa að segja þolendum ofbeldis að hætta að vera leið en standa stolt í staðinn. Það er útilokað því ofbeldið er svo svakalegt og hefur hryllilegar afleiðingar. Sá sem nær hins vegar að brjótast út úr því er sigurvegari sem fyllir aðra krafti og uppryun. Thelma Ásdísardóttir er dæmi um slíkan sigurvegara og er þá ekki verið að vanmeta sársauka hennar, en Thelma náði að snúa vörn í sókn, sem geymir svo mikilvæg skilaboð fyrir alla hina,“ segir Hildur og heldur því fram að konur séu konum bestar.

„Konur eru konum bestar í þessum málaflokki, en þurfa líka á hjálp karla að halda. Sú kona er ekki til sem einhvern tímann á lífsleiðinni hefur ekki fundið að hún væri í ofbeldishættu fyrir þær einar sakir að vera kona. Konur hafa sameiginlega skynjun á hvers konar ofbeldi þetta er, þótt þær hafi ekki orðið fyrir því sjálfar, og þær skilja hræðsluna og vanmáttarkenndina, auk þess að sýna mikla samúð. Þetta þurfum við að kenna körlum að skilja og vita svo þeir megi hjálpa okkur að búa til betri og öruggari heim fyrir konur,“ segir Hildur, sem hlakkar mikið til miðvikudagsins.

„Ég er afskaplega þakklát og stolt af þingkonum okkar sem hafa sýnt hugrekki og einstakan velvilja í garð þessa málefnis. Þetta er þverpólitískt samstarf þingkvenna úr öllum flokkum og mjög bróðurlega skipt á milli hlutverka, en þarna eru margir mjög erfiðir mónólógar því leikrit sem fjallar um ofbeldi gegn konum er alltaf þyngra en tárur taki og erfitt þeim sem flytja.“ ■

Úrval af húsgögnum á vaxtalausum kjörum

Eingöngu fánlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

Vaxtalaust tilboð!
aðeins
1.999*
á mán. í 10 mánuði
Verð 19.990,-

Sófaborð
70x42x70



Sófaborð
135x42x70

Vaxtalaust tilboð!
aðeins
1.499*
á mán. í 10 mánuði
Verð 14.990,-

Vaxtalaust tilboð!
aðeins
1.999*
á mán. í 10 mánuði
Verð 19.990,-

Sófaborð
70x40x70



Sófaborð
135x40x70

Vaxtalaust tilboð!
aðeins
1.499*
á mán. í 10 mánuði
Verð 14.990,-

Vaxtalaust tilboð!
aðeins
1.999*
á mán. í 10 mánuði
Verð 19.990,-

Sófaborð
70x42x70



Sófaborð
135x42x70

Vaxtalaust tilboð!
aðeins
1.499*
á mán. í 10 mánuði
Verð 14.990,-

Vaxtalaust tilboð!
aðeins
8.500*
á mán. í 24 mánuði
Verð 204.000,-

Bycast sófasett 3+1+1 Nice



*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.



Sófaborð
gegnheil eik

Vaxtalaust tilboð!
aðeins
3.000*
á mán. í 10 mánuði
Verð 30.000,-



Borð 2640
gegnheil eik
48x48x70

Vaxtalaust tilboð!
aðeins
1.500*
á mán. í 10 mánuði
Verð 15.000,-

Spegill
á standi
2.900.



Vaxtalaust tilboð!
aðeins
4.000*
á mán. í 10 mánuði
Verð 40.000,-

Kommóða
gegnheil eik



Vaxtalaust tilboð!
aðeins
2.000*
á mán. í 10 mánuði
Verð 20.000,-

Borð 2697
gegnheil eik
53x35x76



Skenkur

Vaxtalaust tilboð!
aðeins
6.999*
á mán. í 10 mánuði
Verð 69.990,-

Sjónvarpsskápur



Vaxtalaust tilboð!
aðeins
3.999*
á mán. í 10 mánuði
Verð 39.990,-

Sjónvarpsskápur
gegnheil eik



Vaxtalaust tilboð!
aðeins
2.500*
á mán. í 10 mánuði
Verð 25.000,-



Vaxtalaust tilboð!
aðeins
5.990*
á mán. í 10 mánuði
Verð 59.990,-

Borð Bedford
gegnheil eik
180x60x75

Vaxtalaust tilboð!
aðeins
5.999*
á mán. í 10 mánuði
Verð 59.990,-

Borðstofuskápur



Vaxtalaust tilboð!
aðeins
5.000*
á mán. í 24 mánuði
Verð 120.000,-

Borðstofuskápur
gegnheil eik



Gildir til 3. mars eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Valhúsahæðin var sem eyja úti í hafi

Aðfaranótt 9. janúar 1799 gekk fárviðri yfir landið suðvestanvert sem var eitt það versta sem sögur fara af á Íslandi. Því samfara skullu á mikil sjóflóð með mikilli eyðileggingu frá Þjorsárósum og vestur um land. Básendar á Rosmhvalanesi, en við staðinn eru hamfarirnar kenndar, urðu verst úti í hamförunum og eru einn fárra staða sem hafa lagst í eyði vegna náttúruhamfara á Íslandi. Svo hamaðist veðrið að varanleg merki þess er enn hægt að sjá í dag. *Svavar Hávarðsson* rifjar upp það sem gerðist þessa örlagaríku nótt.

Varðveitt er frásögn Hinriks Hansen, kaupmanns á Básendum, af hinum voveiflegu atburðum. Hann lýsir reynslu sinni á eftirfarandi hátt í bréfi til Sigurðar Péturssonar sýslumanns sem er dagsett 16. mars 1799: „Eftir að við öll, ég, kona mín, 4 börn og vinnukona vorum háttuð, varð ég þess var um nóttina hversu veðrið af suðri til vesturs magnaðist, svo iðulega tók að braka í húsunum. Þar að auki fóru að heyrast skellir, hver eftir annan, eins og veggbrjótur væri að vinna á hlið hússins og undirstöðu. Af þessu fór ég á fætur til þess að líta eftir veðrinu og vita hvað gengi á úti.

Lauk ég upp dyrum eldhússmegin, en þegar braust sjórinn inn á mig með svo miklu afli að fyllti öll herbergin á svipstundu. Flýðum við þá í skyndi upp á loftið, hálfnakin upp úr rúmunum, því að við óttuðumst að við mundum drukkna niðri. Og í myrkrinu þorðum við ekki út úr húsunum, vegna æðandi brimaldanna og rjúkandi ofviðris.

Þarna stóðum við nú langan tíma á loftinu, í sífelldum dauðans ótta, að veður og sjór mundi þá og þegar mola húsið að grunni. Það var farið að brotna, mótstöðuafli þess rýrnaði og sjórinn streymdi út og inn. Um kl. 7 þorðum við ekki að vera lengur á loftinu. Braut ég þá glugga á norðurhliðinni og þar smugum við út hálfnakin. Ég óð með yngsta barnið á handleggnum þar sem sjórinn flæddi yfir og skolaði með sér plönkum, fjárumunum og búshlutum. Náðum þó fjósinu með mestu erfiðismunum og lífshættu.

Fjósið stóð svolítið herra og fjær sjónum heldur en íbúðarhúsið. En tæplega höfðum við verið þar fjórðung stundar, er mæniásinn brast í fjósinu. Við urðum því að flýja aftur, og nú til hlöðunnar. Annar gaflinn var brotinn úr



FLÓÐASVÆÐIÐ Skyggða svæðið sýnir svæðið þar sem flóðin gengu á land. Þó flætt hafi víða þá voru flóðin ekki eins samfelld og skýringarmyndin gefur til kynna en fokskemdir náðu um allt þetta svæði og víðar um land. Þar sem flóðin voru mest náðu þau mörg hundruð metra inn í land og skyldu eftir sig gríðarlega eyðileggingu.

henni, en í staðinn var þar kominn hlaði af trjáviðardóti, er við urðum að skríða yfir með mikilli hættu, til þess að komast inn. Þarna stóðum við skjálfandi með nokkurn hluta af þakinu yfir okkur, en hinn hlutinn blakti fram og aftur eins og blaðsnepill.“

Hansen kaupmaður og fjölskylda hans urðu fljótlega að yfirgefa hlöðuna sem var við það að skolast burt. Þau óðu sjóelginn hönd í hönd eða skríðu þegar það var hægt og náðu um síðir að komast í skjól í torfbæ fátæks bónda, Loddu sem var hjáleiga frá bænum Stafnesi. Þar höfðust þau við í hálfan mánuð ásamt níttján öðrum sem flýðu hamfarirnar, tíu af þeim voru börn. Ein öldruð kona lét lífið, niðursetningur sem „veðrið lamdi niður svo hún drukknaði í flóðinu“, eins og Hansen lýsir því.

Ömurlegt um að litast

Að morgni dags var ömurlegt um að litast. Áður var þar töluvert af byggingum. Þar var sölubúð, íbúðarhús, stórt vörugæmsluhús og annað minna, fjós, hlaða, skemma og ennfremur torfbær sem taldi fimm hús samliggjandi.

Fyrir ofan þessi hús og umhverfis var hlaðinn voldugur grjótgardur í hálfhring. Innan hans geymdi Hansen báta sína, sem voru sex talsins. Yfirvöld gerðu síðar úttekt á skemmdunum og segir í virðingagerð að öll hús séu gjörónýtt eða stórskemmd. Torfbærinn var ekkert nema hrúga af grjóti. Auk þess voru allir bátarnir brotnir og af sumum

var kjölurinn einn eftir. Hinn voldugi hlaðni gardur hafði sópast langt upp í land. Allt svæðið var þakið mold og grjóti.

Hansen kaupmaður var hvattur til þess af yfirvöldum og jafnvel Danakonungi að byggja verslunarstaðinn upp að nýju.

Hann varð ekki við því en eftirfarandi lýsing hans sýnir vonbrigðin og vonleysið sem fylltu hann þegar hann reyndi að finna eitthvað heilegt af eignum sínum: „Eftir að hvíld og næði færðist yfir hagi mína hefi ég varið tímanum til þess að setja stöðir undir það, sem uppi hangir af húsa-skrokkum verslunarstaðarins, moka úr þeim fjörumölinni og grafa upp dótið mitt úr rústum þessa ömurlega staðar, svo og að safna saman borðum, trjám og brotum húsa. Við allt þetta árangurslitla strit, dag og nótt, er ég og konan orðin svo lasburða, að ég treysti mér tæpilega að vinna lengur þetta erfiði. Og erfiðið verður því árangursminna, þar ekki þarf hér eptir að vonast eptir fólki til útróðra á þessum stað.“

Jarðskjálfti eða eldgos á hafsbotni

Hansen hélt að jarðskjálfti hefði valdið þessum hörmungum og rökstuddi það með því að hann hefði fundið vörur grafnar í jörðu, sem gæti ekki hafa gerst öðruvísi en við jarðrask að völdum land-skjálfta.

Áðrir héldu að um eldgos á hafsbotni væri að ræða. En svo var ekki. Það sem gerðist var einfaldlega að mjög djúp og kröpp

lægð gekk yfir vesturströnd Íslands þessa nótt. Loftþrýstingur var óvenju lágur og stórstreymt og hækkaði sjávarstaða við landið fyrir áhrif þessara þátta. Hér sameinuðust kraftar ofsaroks af suðvestri og stórstraumsaðfalls.

Trausti Jónsson veðurfræðingur segir að veðrið hafi verið af klassískri flóðagerð en bara meira af öllu. Ekki þarf þó að undra þó samtímamenn tengdu þessa atburði við ofurkrafta náttúrunnar eins og nefndir voru. Lýsingar á miklum ljósagangi og ókennilegum hlutum á lofti renndu stoðum undir þær tilgátur.

Leiði dauðra tók upp

Eyðileggingin var mest á Básendum en hún var einnig gríðarleg víða annars staðar á landinu. Sveinn Pálsson, læknir og náttúrufræðingur, bjó á Kotmúla í Fljótshlíð þennan vetur. Í dagbók sinni greinir hann af nákvæmni frá tjóni sem hlaut af völdum veðursins í næsta nágrenni og hann leitaði einnig upplýsinga bréfleidis um afleiðingar þess þar sem hann þekkti minna til. Í dagbók hans og bréfum sem varðveittust er meðal annars talað um að áttatíu skip hafi skemmt á svæðinu á milli Akraness og Keflavíkur.

Fjórir bæir eyðilögðust í Selvogi, þar brotnuðu sex bátar og áttatíu fjár fóru í sjóinn. Tölf verbúðir eyðilögðust í Stokkseyrarhreppi. Annað í dagbókum hans vekur einnig athygli því hnísun, selum, keilum og karfa skolaði á land við suðurströndina, jafnvel svo miklu af karfa í Herðisarvík að nægði í soðningu „fram á miðborra“. Einn bréfitari segir að leiði dauðra hafi tekið upp, sem undirstrikar hversu ömurleg aðkoman var víða eftir veðrið.

Ef allt er tekið virðist sem um 100 hús hafi skemmt mikið eða eyðilagst af völdum flóða eða vinds. Mörg þessara húsa voru burðarlítill en einnig eyðilögðust reisulegar byggingar eins og kirkjur og verslunarhús.

Getið er um 187 báta eða skip sem skemmdust eða eyðilögðust og töluvert tjón varð á búpeningi. Flóðið grandaði á þriðja hundrað kindum og 63 hestum. Fokskemdir voru víða á Vestfjörðum og Norðurlandi en þar flæddi ekki þar sem suðvestan báliði ýtti öldunni frá.

Þá varð Gróttu eyja

Litlar sem engar skemmdir urðu vegna flóða í Reykjavík en fokskemdir urðu nokkrar. Vitað er að rúður brotnuðu í tugthúsinu á Arnarhóli, sem nú er Stjórnarráðið, og þakið á dómkirkjunni lét verulega á sjá.

Annað var þó uppi á teningnum á Seltjarnarnesi. Þessa nótt varð Gróttu til sem eyja eins og við þekkjum hana. Áður voru, þar sem eiðið er núna, Gróttutangar sem sköguðu út í sjóinn. Flóðið reið yfir þar sem nú er gengið út að vítanum og grof tangann niður. Ein heimild segir að um tíma hafi Valhúsahæðin virst sem eyja út í hafi en það hefur ekki staðið nema stutt, ef satt er.

Getur þetta gerst aftur?

Siv Friðleifsdóttir, alþingsmaður og fyrrverandi umhverfisráðherra, hefur lagt fram fyrirspurn til dómsmálaráðherra þar sem hún biður um svör við því hvort tjóna- og slysaætta af völdum stórflóða í ætt við Básendaflóðið hafi aukist og nefnir í því sambandi breytingar á sjávarbotni vegna malartöku.

Hún spyr einnig hvort nauðsynlegar rannsóknir hafi farið fram til að meta hættuna sem vissulega er til staðar, því veðrið sem geisaði þessa nótt er ekkert sérstakt í sjálfu sér og annað eins kemur örugglega. Spurningin er aðeins hvort veðrið og aðrar aðstæður spili saman á líkan hátt og fyrir rúnum tvö hundruð árum síðan.

Öll mannvirki eru vissulega sterkari nú og gerðar hafa verið ráðstafanir til að verja flóðum. Þekkingin er meiri og spár hjálpa okkur við að búast til varna. En á móti kemur að veðurlag er að breytast. Hlýnun jarðar er staðreynd og bráðnun jökla er talin munu hækka sjávarborð mikið á næstu áratugum. Þetta verður að taka með í reikninginn þegar hætta af völdum ofsaveðurs og flóða er metin.

Helstu heimildir: Lýður Björnsson, Básendaflóðið 1799. Haraldur Jónsson, Básendaflóðið. Árni Óla, Grísk, greinar um þjóðleg fræði. Heimir Þorleifsson, sagnfræðingur. Trausti Jónsson, veðurfræðingur.

Flóðaannáll 1799-1982

9. janúar 1799: Básendaflóð

11. desember 1867: „Ögurlegt sjávarflóð með hafróti. Fórust bæði skip og hjallar, og tún biðu víða stórskemmdir. Hafa ekki þekkt áður í manna minnum, og ekki minna því mikla Bátsendaflóði.“

22. nóvember 1888: Aftakaveður líkt við stóra flóðið 1867.

30. október 1936: Stórflóð á Seltjarnarnesi. Á löngum kafla stóð vegurinn einn upp úr. Frá Akri að Kolbeinsstöðum náði sjór upp að vegi, bæði norðan og sunnan. Kolbeinsstaðatún- ið allt undir sjó.

(v. dags) **1938:** Flóð í miðbæ Reykjavíkur á mótum Austurstrætis og Pósthússtrætis. Sjór flæddi inn Austurstræti, hægt að ganga með Landsbankahúsinu. Var að hausti til í hægviðri.

19. desember 1945: Flæddi upp um holræsisbrunn við Landsbankann. Mynduðust tvær stórar tjarnir beggja megin Austurstrætis.

Nóvember 1959: Flóð á Sólvallagötu milli Lýsisershustöðvar Bernharðs Petersens og Bílaverkstæðis Steindórs. Flóð víða SVL og VL.

6. febrúar 1970: Sjór gekk yfir Skúlagötu, flæddi inn í Afurðasölu SÍS, Kirkjusandi og víðar. Álftanes flæddi nokkuð svo og Eiðisgrandi og Ánanaust sem voru ófær vegna stórgrýtis.

9. febrúar 1982: Dýpsta lægð síðan 1933. 935 mb. Niðurföll í Pósthússtræti og Austurstræti fylltust af sjó. Ökklaðjúpur sjór á götum í tæpan klukkutíma.

Heimild: Prófessor Jónas Eliasson

VDAGUR

Miðvikudagskvöldið

1. mars í Borgarleikhúsinu

PÍKUSÖGUR Í FLUTNINGI

ALÞINGISKVENNA

ÍSLANDS

Miðaverð 2000 krónur

Ágóði rennur til forvarnarstarfs **V**-dags samtakanna

midasala@borgarleikhus.is eða í síma 568 8000

Sýningin er túlkuð fyrir heyrnarskerta

Veitingar í boði að sýningu lokinni

V-dagssamtökin á Íslandi eru hluti af alþjóðlegri hreyfingu “**Vday organization**” sem berst gegn ofbeldi á konum

Landsbankinn er bakhjarl **V**-dagsins



ARINSTOFAN Eflaust hafa margir breskir forsætisráðherrar yljað sér við eldinn í þessari stofu og jafnvel dreypt á koniáktstári um leið.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



RÍKISSTJÓRNARHERBERGIÐ Breska ríkisstjórnin fundar við þetta sporöskjulaga borð á hverjum fimmtudegi.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Leyndardómar Downing-strætis 10

Sagt er að hurðin á bústað forsætisráðherra Bretlands að Downing-stræti 10 sé sú frægasta í heimi. Við hana hafa forsætisráðherrar Bretlands staðið með leiðtogum allsstaðar að úr heiminum, nú síðast með forsætisráðherra Íslands, og innandyra hafa margar heimssögulegar ákvarðanir verið teknar.

Í Downing-stræti 10 í miðborg Lundúna hefur 51 forsætisráðherra haft aðsetur. Skrifstofum embættisins var komið fyrir í húsinu 1730 og tveimur árum síðar varð það einnig heimili forsætisráðherrans og fjölskyldu hans.

Þúsund ár eru síðan fyrst voru reist hús þar sem Downing-stræti er nú og þótti landið heppilegt til húsbygginga á sínum tíma þrátt fyrir að þar væri mýrlandi. Minjar frá tímum Rómverja hafa fundist í garði hússins númer 10.

Núverandi hús var reist upp úr aldamótunum 1700 en húsið sem stóð á lóðinni áður varð eldi að bráð. Húsið hefur tekið talsverðum breytingum á þeim langa tíma sem það hefur staðið enda mátt þola ýmislegt í gegnum árin, svo sem loftárásir Þjóðverja í heimsstyrjöldinni síðari og síðar hryðjuverk Írska lýðveldishersins.

Fyrsta forsætisráðherra Bretlands, Sir Robert Walpole, sem gegndi embætti frá 1721 til 1742, var boðið húsið að gjöf en hann afþakkaði og afréð að það skyldi verða embættisbústaður forsætisráðherra. Hafa eftirmenn hans, allt til dagsins í dag, verið sammála Sir Robert um að það sé heppilegt til búsetu og starfs, í það minnsta eru þeir þar enn.

Nánustu samstarfsmenn forsætisráðherra hafa einnig skrifstofur í húsinu og vinna þar tugir manna þegar mest er. Húsið var upphaflega hannað sem íbúðarhús og dreifast því skrifstofur um hæðir þess og sali.

Breska stjórnin fundar í ríkisstjórnarherberginu í

húsinu á hverjum fimmtudegi og er þá setið við borð sem Harold Macmillan lét smíða í kringum 1960. Er það sporöskjulaga og því búið þeim kosti að forsætisráðherrann, sem situr fyrir miðju þess, getur séð í andlit allra við borðið.

Forsætisráðherrarnir hafa margir hverjir sett sitt mark á húsið og Edward Heath, sem var húsbóndi í númer 10 frá 1970 til 1974, lét til dæmis flytja gamla píanóið sitt í það svo hann og aðrir gætu notið lifandi tónlistar. Þá lét Margaret Thatcher breyta herbergjaskipan þegar hún var forsætisráðherra frá 1979 til 1990. Margaret fannst hins vegar á stundum óheppilegt að búa á vinnustaðnum og lýsti því sem svo að hún byggji fyrir ofan búðina, líkt og margir kaupmenn hafa gert.

Áður fyrr þurftu nýir forsætisráðherrar að hafa með sér eigin húsgögn þegar þeir fluttu inn í Downing-stræti en sú tíð er liðin. Húsið hefur verið mublað upp fyrir íbúa þess.

Eins og gefur að skilja hafa margar ákvarðanir verið teknar í Downing-stræti 10 í gegnum árin og aldirnar. Þar hefur verið lagt á ráðin um ýmsa heims-sögulega viðburði svo sem hernaðaríhlutun og samstarf þjóða. Sagt er að hægt sé að þreifa á þeirri miklu sögu sem býr í húsinu enda er mikið lagt upp úr að varðveita hana.

Fátítt er að íslenskir forsætisráðherra komi í Downing-stræti 10 en þar var Halldór Ásgrímsson miðvikudag. Steingrímur Hermannsson kom þangað 1988 og Geir Hallgrímsson 1974.

bjorn@frettabladid.is



FRÉTTAMANNAFUNDUR FORSÆTISRÁÐHERRANS
Tony Blair heldur vikulega fundi með blaðamönnum í Downing-stræti 10.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP



FRÆGASTA HURÐ Í HEIMI Hurðin á Downing-stræti 10 er sú frægasta í heimi, í það minnsta er það fullt á vefsíðu breska forsætisráðuneytisins. Myndir af ráðamönnum heimsins, með hurðina í bakgrunni, hafa eflaust birst í veflestum fjölmiðlum heims. Hér má sjá Tony Blair og Halldór Ásgrímsson eftir fund þeirra á miðvikudag.
NORDICPHOTOS/AFP



Steingrímur Sævarr Ólafsson sótti Downing-stræti 10 heim:

Gríðarleg saga

„Mér skilst að þetta sé frægasta hurð í heimi og það var gaman að fá að banka á hana og enn skemmtilegra að láta opna fyrir sér,“ segir Steingrímur Sævarr Ólafsson, upplýsingafulltrúi forsætisráðuneytisins, sem kom í Downing-stræti 10 á miðvikudag. Steingrímur var þar í för með Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra sem var að heilsa upp á Tony Blair, hinn breska starfsbróður sinn.

„Sísti parturinn af þessu var

svo að þurfa að fara út,“ bætir hann við.

Steingrímur segir áhugavert að hafa komið í Downing-stræti 10 enda gefist ekki tækifæri til slíkra heimsóknna á hverjum degi. Halldór var þriðji starfandi forsætisráðherra Íslands sem kemur í Downing-stræti.

„Það er gríðarleg saga í þessu húsi og maður skynjar hana mjög vel. Sagan og pólitíkin fara ekki framhjá þeim sem þarna komi inn.“



Steingrímur Hermannsson kom í Downing-stræti 10 í desember 1988:

Snyrtilegt og vel búið

Steingrímur Hermannsson hitti Margaret Thatcher, forsætisráðherra Bretlands, í Downing-stræti 10 í byrjun desember 1988. „Margaret tók á móti okkur við dyrnar og leiddi okkur upp í stofu á annarri hæð þar sem skreytt jólatré var komið upp. Mér fannst þetta ekki bera af, ekki þannig, en húsið var snyrtilegt og vel búið,“ segir Steingrímur þegar hann rifjar upp heimsókn sína. Hann segir húsið merkilegt í stjórnmálasögunni enda hafi margt sögulegt gerst þar.

Halldór Ásgrímsson sagði í samtali við Fréttablaðið á fimmtudag að húsið væri stærra en hurð þess gæfi tilefni til að ætla. Steingrímur tekur undir það en segist ekki hafa skoðað húsið gaumgæfilega. „Þarna voru dyr til allra átta að fundarherbergjum og öðru, en við settumst í sömu stofu og Halldór og Blair.“

Bresku forsætisráðherrarnir bæði búa og vinna í Downing-stræti 10 en Steingrímur hefði ekki viljað búa í stjórnarráðshúsinu við Lækjargötu. „Nei, ég hefði nú ekki viljað það. En reyndar bjó ég svona að hluta til um tíma. Þegar pabbi (Hermann Jónasson, forsætisráðherra frá 1934) var ráðherra bjuggum við í ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu og þar voru veislur og fundir á neðri hæðinni auk þess sem pabbi hafði þar skrifstofu. Ríkisstjórnarfundir voru þó ekki haldnir þar.“

Gæðamálning

á góðu verði

1.990kr
Polytex 7 / 4 lítrar

- 40% afsl.
Skin 10 / 4 lítrar

Gæðaverkfæri

á góðu verði

Handfang 25cm
182kr
283,-

Rull 25cm
539kr
870,-

Skafi
213kr
342,-

Manngeðabekki 25cm
219kr
354,-

Flúgger 30cm
313kr
478,-

Allt þetta á aðeins

1.466kr

Aður 2.337,-

Flúgger ehf
Stórhöfða 44
110 Reykjavík
Sími 567 4400

Skeifan 4
Snorrabraut 56
Bæjarlind 6

Dalshraun 13
Hafnargata 90
Austursíða 2

Austurvegur 69
Hlíðarvegur 2-4
Egilsholti 1

www.flugger.is

	8		MP & BH	STEFNUR	ÞRAUT	GENGT SUÐRI		SEFA	RÁS	ÞEFA	ÉTUR ALLT			
	➡													
	EFNI					ÆTTAR- SETUR								
							HEITI							
ÁMA									SJÓ			TRAUST		FRANSKUR RENNILÁS
									MAUK					
	KOMA NÆR	KLAKI	STOFN- SETNING	KÓF	SPYRJA			KISU						
					KVK. SPENDÝR			EYJA						
SÍNKRUR						ÞURRKA ÚT				ILLGRESI				
						HAND- LEGGUR				TIKK				
KÆRLEIKS						SJÁ UM					UPP- HRÖPUN			
						ARÐA					GÓN			
		TÍÐAR					FLAT- FÓTUR					Á FÆTI		
		HEIMS- ÁLFU					SÓÐA					EIN- SÖNGUR		
ÚTDEILDI				HENDUR				PILLA					GRIMMUR	
				UTAN				ÞARMA						
KJÁNI					MUNNBITI				RANGL	ÁRMYNNI				
										ÚTBÍA				
SIGTUN					ÖGN				GJALD- MÍÐILL					FÚSKA
					FUGL									
ÍLÁT					FARVEGUR	RYKKORN		BORÐAÐI			STRUNS			
						HÆTTA		FLANA			BLÓM			
		ÆXLUNAR- KORN				BOR						LEITA AÐ		
						GUD						BERIST TIL		
									NAUTNA- MEÐAL					
ÁNA							FÍFLAST							

visir

NFS ER Á VISIR.IS

 **NFS**



allt
hús

Alla mánudaga



NISSAN PATHFINDER 

ÆVINTÝRI LÍKASTUR

 Breyting frá Arctic Trucks

Verðið á Nissan Pathfinder hefur líklega aldrei verið hagstæðara. Með 35^{ri} sérhönnuðum breytingum eru gæði þessa skemmtilega jeppa einfaldlega orðin enn meiri. Hann er áfram jafn og þægilegur í akstri og nú ævintýri líkastur.

Líttu inn og berðu hetjuna augum!

Verðið á breyttum Nissan Pathfinder er frá **4.379.000 kr.**

Ingvar Helgason	Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is	Opð: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16
------------------------	--	--

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Yfir
150.000
gestir
daglega.**

**Stór-
markaður
í stofunni
heima.**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000

EDA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáauglýsingar sem allir sjá

STÖRF Í BOÐI
Dreifingarstjóri
Blikksmiður
Smiðir
Verkamenn
Verslunarstjórar
Næturvörður
Lögfræðingur
Sumarstörf
Deildarstjóri
Leikskólakennarar
Leikskólastjóri
Sölustjóri
Markaðsstjóri
Afgreiðslustarf
Bílstjórar
Íþróttakennarar
Grunnskólakennarar

GÓÐAN DAG!

Í dag er sunnudagurinn 26. febrúar, 57. dagur ársins 2006.

Sólarupprás

Hádegí

Sólarlag

Reykjavík

8.46

13.41

18.37

Akureyri

8.36

13.25

18.16

Heimild: Almanak Háskólans

Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Ragnar er ánægður í starfinu sínu sem leikskólakennari og hvetur aðra karlmenn til þess að starfa á þessum vettvangi.

Skemmtilegt að vinna á leikskóla

Ragnar Sverrisson hefur starfað á leikskóla síðan um áramótin. Hann segir starfið veita sér mikilvæga reynslu fyrir framtíðina.

Ragnar útskrifaðist úr Borgarholtsskóla um seinustu jól og segist hann hafa ráðgert um nokkurn tíma að fara að vinna á leikskóla. „Ég var að læra þroskasálfræði fyrir jól og þá kviknaði áhuginn á leikskólavinnu. Ég ákvað því að prófa starfið í kjölfarið.“ Ragnar segist samt ekki stefna á langvarandi frama sem leikskólakennari. „En ég er að reyna að afla mér reynslu á þessu sviði.“ Ragnar mótmælir því harðlega að leikskólastarfið sé frekar fyrir konur en karla og segir það vera fordóma fortíðarinnar. Þvert á móti finnst Ragnari það gríðarlega mikilvægt að karlar starfi á helst hverjum leikskóla. „Þetta er þrælskemmtilegt og við karlarnir erum alltaf að verða fleiri og fleiri. Ég held að

það sé einnig mjög gott fyrir börnin og víkkar hjá þeim sjóndeildarhringinn.“ Aðspuður um kosti starfsins telur Ragnar upp nokkra hluti. „Krefjandi, gefandi, gott samstarfsfólk og skemmtilegt að vera í kringum börnin.“ Ragnar segir hins vegar að starfið hafi verið erfiðara en hann hafi búist við í fyrstu. „Þetta tekur meira á andlegu hliðina en ég hélt. Ég bjóst alveg við því að þetta yrði erfitt en þetta er meira krefjandi en ég hélt. Starfið er samt alltaf jafn skemmtilegt á sinn hátt“ Í haust eða næsta haust stefnir Ragnar að því að setjast á skólabekkinn aftur. Hann segir að líklegast fari hann í sálfræði í Háskóla Íslands og jafnvel komi til greina að sérhæfa sig í einhvers konar þroska- eða barnasálfræði. „Þá kemur sér vel að hafa starfað á þessum vettvangi og því gefur starfið mér dýrmatæa reynslu,“ segir hinn atorkusami Ragnar að lokum.

steinthor@frettabladid.is

KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Félagsþjónusta Kópavogs:

- Aðstoð við heimilisstörf
- Félagsleg heimaþjónusta
- Starf á sambýli aldraðra Skjólbraut
- Störf við liðveislu

Íþróttamiðstöðin Versalir:

- Laugar/baðvarsla karla 100% starf
- Baðvarsla kvenna 100% starf
- Baðvarsla karla 85% starf

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Hjallaskóli:

- Danskennari
- Stundakennari í forföll

Kársnesskóli:

- Gangavörður/ræstir 50% starf

Kársnesskóli íþróttahús:

- Baðvarsla stúlkna

Kópavogsskóli:

- Íþróttakennari

Lindaskóli:

- Smiðakennari

Smáraskóli:

- Forfallakennari í stundakennslu

LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS:

Álfaheiði:

- Matráður

Álfatún:

- Deildarstjóri, sérkennslustjóri, leikskólasérkennari eða þroskaþjálfari

Dalur:

- Leikskólakennari, matráður, starfsmaður í eldhús, kennari í listaskála

Fagrabrekka:

- Sérkennslustjóri

Fífusalir:

- Deildarstjóri, leikskólasérkennari eða þroskaþjálfari, ræsting

Grænatún:

- Leikskólakennari

Kópasteinn:

- Leikskólakennari v/sérkennslu á deild

Marbakki:

- Aðstoð í eldhús

Rjúpnahæð:

- Leikskólakennari

Smárahvammur:

- Leikskólasérkennari

KYNNIÐ YKKUR BETRI KJÖR Í KÓPAVOGI

Nánari upplýsingar á:

www.kopavogur.is

og

www.job.is

Subway Smáralind

Subway auglýsir eftir verslunarstjóra, um er að ræða dagvinnu, 100% starf. Umsækjendur verða að vera skipulagðir, eiga gott með að vinna með fólki og búa yfir miklum samskipta- og leiðtogahæfileikum. Góð laun eru í boði. Subway er lifandi og skemmtilegur vinnustaður með jákvæðu og lífsglöðu starfsfólki.

Starfslýsing:

Verslunarstjóri er ábyrgur fyrir rekstri staðarins. Hann sér m.a. um þjálfun og ráðningu starfsfólks, samskipti við birgja, uppgjör og skýrslugerð ásamt því að afgreiða og þjónusta viðskiptavin.

SUBWAY

Nánari upplýsingar um starfið veitir Eygló í síma 530 7004. Umsóknum skal skilað fyrir 10. mars n.k. á netinu www.subway.is, eyglo@subway.is eða á Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík.



Leiga á breskum leigubíl

Og Vodafone óskar eftir áhugasömum aðila til þess að taka á leigu bifreið, sem er í eigu fyrirtækisins, fyrir leigubílaakstur. Um er að ræða breska leigubifreið sem er nýkomin til landsins. Bifreiðin er sérmerkt **Og Vodafone** og vörum tengdum fyrirtækinu. Umsækjandi þarf að hafa atvinnuleyfi fyrir rekstri á leigubifreið. Hann þarf einnig að hafa góða þjónustulund þar sem gert er ráð fyrir að hann selji skafkort í fyrirframgreiddri GSM þjónustu **Og Vodafone**.

Hæfniskröfur

- Frumkvæði
- Jákvætt viðmót og þjónustulund

Menntun og reynsla

- Atvinnuleyfi á leigubifreið.

Áhugasamir hafi samband við Stefán B. Önundarson í netfangið stefano@ogvodafone.is

Og Vodafone
www.ogvodafone.is



Heyrumst!

ISLENSKA AUGLÝSINGASTOFANIN ÍS 31541 02/2006

50% starf í mótuneyti



56345

Rauði kross Íslands óskar eftir að ráða starfsmann í 50% starf í mótuneyti.

- Í starfinu felst að sjá um hádegisverð og kaffi fyrir 30 manns, ásamt því að annast innkaup fyrir mótuneytið. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 09:00 - 13:00.
- Leitað er að röskum og samviskusömum einstaklingi sem getur hafið störf strax.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is



Áhugaverð störf

Leiðandi þjónustufyrirtæki á matvælasviði óskar að ráða í neðangreind störf.

Innkaupafulltrúi

Starfssvið:

- Umsjón og utanumhald pantana bæði innlendra og erlendra
- Gerð tollskýrsla og verðútreikninga
- Viðhald vörunúmera og birgðabreytingar
- Önnur verkefni á innkaupasviði

Hæfniskröfur:

- Reynsla af tollskýrslugerð æskileg
- Góð enskukunnátta
- Almenn tölvufærni (Navision, Excel)
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulögð, sjálfstæð og metnaðarfull vinnubrögð

Vinnutími 8:30-16:30.

Sölustarf

Starfssvið:

- Sala og þjónusta við viðskiptavinum
- Móttaka pantana frá föstum viðskiptavinum
- Önnur verkefni sem til falla í söludeild

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölustörfum æskileg
- Enskukunnátta nauðsynleg
- Rík þjónustulund
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulögð, sjálfstæð og metnaðarfull vinnubrögð
- Áhugi á matreiðslu er góður kostur

Vinnutími 8:30-16:30.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga@img.is) og Hanna B. Vilhjálmisdóttir (hanna@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 6. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.



Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 7100
Skipagötu 16 600 Akureyri Sími 461 4440
Strandgötu 53 735 Eskifirði Sími 540 7140
mannafli@img.is www.mannafli.is www.img.is

ISLENSKA AUGLÝSINGASTOFANIN ÍS 31541 02/2006



VILT ÞÚ MARKAÐSSETJA ÍSLAND OG VAXA MEÐ OKKUR?

Icelandair er fyrirtæki í forystu á alþjóðamarkaði í ferðaþjónustu. Við erum í öflugri sókn og sækjumst eftir einstaklingum til að taka þátt í uppbyggingu okkar á komandi árum.

Sölu- og markaðsstjórar í Þýskalandi og Bandaríkjunum

Við leitum að öflugum fólki sem hefur reynslu af sölu- og markaðsmálum og almennum stjórnunarstörfum til að starfa erlendis. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi fullan vilja og getu til að búa og starfa erlendis til nokkurra ára.

STARFSSVIÐ

- Greining á sölutölum og markaðsupplýsingum
- Þróun sölu- og markaðsáætla og stýring á framkvæmd þeirra
- Umsjón með framkvæmd einstakra markaðsaðgerða
- Ábyrgð á Internetsölu og markaðssetningu á Internetinu
- Ábyrgð á markaðssamskiptum við viðskiptavinum og samstarfsaðila

HÆFNISKRÖFUR

Við leitum eftir kraftmiklum og áhugasömum starfsmönnum með háskólamenntun. Góð enskukunnátta nauðsynleg og góð þýskukunnátta vegna starfsins í Þýskalandi. Viðkomandi þurfa að hafa frumkvæði og brennandi áhuga á að ná góðum árangri í starfi.

Hér er um krefjandi og spennandi störf að ræða í heimi ferðamála og alþjóðlegrar starfsemi. Reynsla í sölu- og markaðsmálum er nauðsynleg.

Um framtíðarstörf er að ræða og þurfa viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Skriflegar umsóknir óskast sendar inn á veffangi Icelandair www.icelandair.is/umsokn

Nauðsynlegt er að mynd fylgi umsókn.

Umsóknarfrestur er til og með 6. mars nk.

- Icelandair er kraftmikið ferðaþjónustufyrirtæki sem tekur þátt í harðri samkeppni á alþjóðamarkaði.
- Icelandair er framsækið fyrirtæki, leiðandi í ferðaþjónustu á Íslandi, leiðandi í markaðssetningu á Internetinu og í fremstu röð í þróun upplýsingatekni.
- Starfsmenn Icelandair eru lykillinn að velgengni félagsins. Hjá Icelandair starfa um þúsund manns af mörgum þjóðernum í tíu löndum.
- Icelandair leggur áherslu á að starfsmenn félagsins séu þjónustusinnaðir og tilbúnir að takast á við krefjandi og spennandi verkefni í alþjóðlegu starfsumhverfi.
- Icelandair leggur áherslu á þjálfun starfsmanna og símenntun, hvetur starfsmenn til heilsuræktar og styður við félagsstarf starfsmanna.
- Icelandair er reyklaust fyrirtæki.
- Við erum ein á höfn með sameiginlegt, skýrt markmið, berum virðingu fyrir viðskiptavinum og samstarfsmönnum og höfum gaman að því sem við gerum.

ICELANDAIR
www.icelandair.is





Vegna aukinna umsvifa óskar Ölgerðin eftir að ráða starfsfólk í eftirtalin störf:

- Meiraprófsbilstjóra:** Starfið felst í dreifingu á vörum fyrirtækisins til viðskiptavina þess. Leitað er að ábyrgum og samviskusömum aðila með góða samskiptahæfileika.
- Vélgæslumenn:** Starfið felst í almennri vélgæslu í framleiðslusal fyrirtækisins.
- Lyftaramenn:** Í almenn lyftarastörf í framleiðslusal.
- Áfyllingar í verslunum:** Viðkomandi þarf að vera samviskusamur og þjónustulundaður

Áhugasamir sendi greinagóðar upplýsingar um menntun, reynslu og fyrri störf til Ölgerðarinnar, Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík eða á netfangið ee@egils.is fyrir 3. mars nk.



Einstaklingur á aldrinum 20 – 40 ára óskast til starfa í verslun.

Viðkomandi þarf að hafa eftirfarandi kosti :

- Hæfileiki í mannlegum samskiptum
- Fljót(ur) að læra
- Reyklaus

Starfslýsing :

- Afgreiðsla og umsjón í verslun
- Önnur störf

Nánari upplýsingar um hvernig sækja skal um starfið er að finna á heimasíðu okkar www.aukaraf.is

Störf í boði...

- Byggingaverkfræðingur
- Byggingatæknifræðingur
- Sölumaður í sérverslun
- Þjónustufulltrúi
- Tækniteiknari
- Lagermenn
- Meiraprófsbilstjórar
- Tækjamaður á vélskóflu
- Verkamenn
- Vélstjóri
- Smiðir - plexíglar
- Vélvirki
- Sérhæfðir iðnverkamenn
- Bifvélavirki
- Önnur áhugaverð störf

Áhugasamir eru beðnir um að fylla út umsókn á www.radning.is og tengja sig inn á viðkomandi störf.

www.radning.is



RÁÐNINGAR
ÞJÓNUSTAN

...framtíðin er ráðin

Háaleitisbraut 58-60 • Sími: 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is



Reykjavíkurborg

- Einn vinnustaður



Bókari

Laus er staða bókara í bókhaldsdeild Menntasviðs Reykjavíkurborgar.

Menntasvið þjónustar leik- og grunnskóla Reykjavíkurborgar.

Starfið felur m.a. í sér:

- Skráningu reikninga í Agresso-bókhaldskerfi
- Rafræna skönnun
- Svara fyrirpurnum frá birgjum og skólastjórnendum

Hæfniskröfur:

- Nám úr tölvu-og viðskiptaskólum.
- Góð þekking og reynsla af bókhaldi
- Þekking á bókhaldskerfinu Agresso er kostur
- Góð tölvuþekking m.a. Excel
- Vönduð og nákvæm vinnubrögð
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauðingurinn má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Um er að ræða tímabundna ráðningu í a.m.k. 6 mánuði með möguleika á framlengingu.

Umsóknarfrestur er til 13. mars nk. Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsóknir sendist til Menntasviðs Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík.

Upplýsingar gefur Guðríður Eiríksdóttir deilarstjóri bókhalds-deildar gudridur.eiriksdottir@reykjavik.is og Auður Jónsdóttir mannauðsráðgjafi, audur.jonsd@reykjavik.is í sínum 411-7000 og 693-9898.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar um laus störf á Menntasviði eru að finna á netinu undir menntsvid.is.

Menntasvið annast starfsemi og rekstur grunnskóla og leikskóla. Í því felst þróun grunnskóla- og leikskólastarfs, undirbúningur stefnumórkunar, mat og eftirlit með skólastarfi og upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins.



Sérfræðingur í innri endurskoðun

Óskum eftir að ráða til liðs við okkur kraftmikinn einstakling í innri endurskoðun Landsbankans. Um er að ræða krefjandi verkefni í alþjóðlegu umhverfi í öflugum hópi sérfræðinga sem vinna að innri endurskoðun bankans og dótturfélaga hans.

Helstu verkefni:

- Kortlagning áhættuþátta í starfseiningum bankans, jafnt í fjárfestinga- sem viðskiptabankastarfsemi Landsbankans.
- Úttektir sem tengjast virkni innra eftirlits, áhættustýringar og stjórnunaraðferða.
- Reglubundnar endurskoðunaraðgerðir tengdar dótturfélögum bankans.
- Fjárhagsendurskoðun á samstæðugrundvelli.
- Þátttaka í þróun starfsaðferða við innri endurskoðun.

Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða sambærilegt.
- Frumkvæði í starfi, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Góð almenn tölvuþekking og góðir greiningarhæfileikar.
- Færni í meðferð ritaðs máls, jafnt íslensku sem ensku.
- Starfsreynsla á sviði endurskoðunar eða af starfi í fjármálafyrirtæki er kostur.
- Einnig kemur til greina að ráða einstakling með tækni eða verkfræðimenntun sem hefði þá áhuga að byggja upp sérþekkingu í tölvuendurskoðun.

Nánari upplýsingar veita Sigurjón G. Geirsson innri endurskoðandi Landsbankans í síma 410 4045 og Bergþóra Sigurðardóttir forstöðumaður á starfsmannasviði í síma 410 7907.

Umsókn og ferilskrá sendist á netfangið berglind.ingvarsdottir@landsbanki.is merkt „Sérfræðingur í innri endurskoðun“. Umsóknarfrestur er til og með 8. mars nk.



Landsbankinn

Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is



AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

Lager- og afgreiðslustarf hjá Rekstrarvörum

Rekstrarvörur

...vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík



Lagerstarf 564368

- Rekstrarvörur óska eftir að ráða starfsmann á lager RV að Réttarhálsi. Leitað er að röskum, traustum, þjónustulunduðum einstaklingi, sem vill vinna með góðri líðsheild.
- Í starfinu felst tiltekt og móttaka á vörum, tiltekt á pöntunum, umhirða á lager og annað tilfallandi. Vinnutími er frá kl. 06:00-16:00 mánudaga - föstudaga.

Afgreiðsla á kassa 564373

- Vegna aukinna umsvifa í verslun RV óskum við eftir að ráða starfsmann á afgreiðslukassa. Viðkomandi þarf að vera þjónustulundaður, áhugasamur og hafa reynslu af verslunarstörfum.
- Starfið felst í vinnu á afgreiðslukassa, almennri afgreiðslu og þjónustu. Vinnutími er tvískiptur. Unnið er eina viku frá kl. 07:30-16:30 og aðra frá kl. 09:30-18:30, mánudaga til föstudaga, æskilegt er að viðkomandi geti unnið einn til tvo laugardaga í mánuði frá kl. 10:00 til 14:30.
- Æskilegt er að viðkomandi sé eldri en 25 ára. Um framtíðarstörf er að ræða. Mötuneyti á staðnum.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is



Leikskólinn Heklukot á Hellu

Staða deildarstjóra / leikskólakennara

Leikskólakennarar athugið!

Lausar eru til umsóknar 2 stöður deildarstjóra í leikskólanum Heklukoti á Hellu, svo og leikskólakennarastöður.

Heklukot er tveggja deilda leikskóli þar sem geta dvalið um 40 börn samtímis. Þetta er gott tækifæri fyrir leikskólakennara sem vilja starfa í góðum starfsmannahópi og í náinni snertingu við umhverfið og náttúruna í fallegu héraði. Tveir leikskólar eru starfræktir í sveitarfélaginu.

Hella er barnvænt þéttbýli í sveitarfélaginu Rangárþingi ytra í um 90 km fjarlægð frá Reykjavík. Stutt er frá Hellu að öllum helstu náttúruperlum Suðurlands. Á Hellu er góð þjónusta á öllum sviðum, meðal annars grunnskóli og frábær íþrótt- og útivistaraðstaða.

Æskilegt er að viðkomandi gæti byrjað strax eftir sumarlokun eða 17. júlí 2006. Umsóknarfrestur er til og með 10. mars n.k.

Laun og kjör eru samkvæmt kjarasamningum leikskólakennara. Aðstoð verður veitt við leit að húsnæði.

Frekari upplýsingar veitir Anna Rut Hilmarsdóttir, leikskólastjóri í leikskólanum Heklukoti að Útskálum 2 á Hellu og í síma 487-5956.

Leikskólinn Heklukot
Útskálum 2, 850 Hella. Sími 487-5956.

Tímabundið páskaævintýri!

Vantar duglegt fólk til að taka þátt í páskavertíð okkar sem stendur yfir í u.þ.b. tvo mánuði. Vinnutími er frá 08-17.

Upplýsingar á staðnum eða umsóknir sendist strax á:

Góa-Linda ehf. Garðahrauni 2, 210 Garðabæ, eða á netfangið goa@goa.is.



STÖRF Á EGILSSTÖÐUM

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Austurlandi auglýsir eftir þroskajálfum, stuðningsfulltrúum, félagslíðum, eða öðrum áhugasömum starfsmönnum í eftirtalin störf:

- ▶ Stólpi, vinnu- og verkþjálfunarstaður á Egilsstöðum óskar eftir starfsmanni í 100% afleysingastarf í eitt ár frá 1. maí n.k. og starfsmanni í sumarafleysingar. Vinnutími er frá kl. 8:00-16:00 virka daga. Stólpi er vinnu og verk þjálfunarstaður sem veitir fötluðum einstaklingum þjónustu í formi verndaðrar vinnu, starfsþjálfunar, hæfingar og iðju.
- ▶ Sumarafleysingar í þjónustuíbúðir á Egilsstöðum.
- ▶ Sumarafleysingar á Sambyli á Egilsstöðum. Um er að ræða vaktavinnu. Störfín felast í því að aðstoða fatlað fólk við athafnir daglegs lífs, að skapa sér notalegt heimili og vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

Áframhaldandi ráðning gæti komið til greina. Vegna ójafns kynjahlutfalls eru karlmenn líka hvattir til að sækja um. Umsóknarfrestur er til og með 12. mars n.k.

Öllum umsóknum verður svarað.

Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum við ríkissjóð.

Umsóknareyðublöð eru á Svæðisskrifstofu fatlaðra, Tjarnarbraut 39 B Egilsstöðum. Allar nánari upplýsingar veita forstöðuþroskajálfar á Svæðisskrifstofu í síma 4700100 eða 4711090 (Stólpi).



ÍSLOFT
BLIKK OG STÁLSMÍÐJA EHF.
Bíldhöfða 12, 112 Reykjavík - Sími 587 6666 - Fax 587 3834
isloft@isloft.is - www.isloft.is

Blikksmiðir – aðstoðarmenn

Óskað er eftir blikksmiðum til starfa sem allra fyrst. Einnig er óskað eftir sérhæfðum aðstoðarmönnum með reynslu af blikksmiði og eða aðstoðarmönnum sem kunna að hafa áhuga á að kynnst blikksmiðafaginu, jafnvel með fagnám í huga.

Vinsamlega sendið fyrirspurnir á steini@isloft.is eða hafið samband í síma 5876666 eða á staðnum, Bíldhöfða 12 R.vík



Störf í Hafnarfirði

- Starf í helluverksmiðju**

Starfið felst í vélgæslu, gæðaeftirliti og lokafrágangi á vöru í stjálfvirkri helluverksmiðju.
- Starf á lager**

Starfið felst í þjónustu við viðskiptavini, móttöku efna ásamt öðrum almennum lagerstörfum.
- Starf í einingarverksmiðju**

Starfið felst í vinnslu á forsteyptum einingum, losun úr mótum og öðru tilfallandi.

Hæfniskröfur:
Jákvæðni
Stundvísi
Lipurð í mannlegum samskiptum

Menntun:
Í helluverksmiðju og á lager eru lyftararéttindi æskileg
Í helluverksmiðju er þekking á vélum nauðsynlegur

Umsóknir ásamt ferillýsingu sendist fyrir föstudaginn 3. mars 2006 á skrifstofu MEST að Malarhöfða 10, 110 Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið: hrafnhildurh@mest.is.

Fyrirspurnum svarar Hrafnhildur Harðardóttir í síma 4 400 400.



– allt til bygginga

Framtíðarstörf

í nýrri og glæsilegri verslun okkar sem opnar í Hvarfahverfi

Húsasmiðjan vill ráða starfsfólk til framtíðarstarfa í nýrri og glæsilegri verslun sem opnar n.k. vor í Reykjavík. Verslunin er klukkuverslun með opnunartíma frá kl. 9:00 - 21:00 og unnið er á vöktum.

Nýjir starfsmenn þurfa að geta hafið störf ca. 13 mars og munu hljóta þjálfun í öðrum verslunum Húsasmiðjunnar á höfuðborgarsvæðinu fyrstu mánuðina í starfi.

Sölu- og afgreiðslumenn

Hæfniskröfur:

- Þjónustulund og samskiptahæfni.
- Reynsla af þjónustu- og afgreiðslustörfum æskileg.
- Þekking á byggingavörum kostur.
- Einhver tölvukunnátta nauðsynleg.
- Stundvísi og heiðarleiki.

Helstu verkefni:

- Sala og þjónusta við viðskiptavini.
- Áfyllingar.
- Önnur tilfallandi störf.

Afgreiðslumaður á kassa

Hæfniskröfur:

- Tölvukunnátta.
- Þjónustulund og samskiptahæfni.
- Stundvísi og heiðarleiki.
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg.

Helstu verkefni:

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini.
- Uppgjör.
- Áfyllingar.
- Aðstoð inni í verslun ef með þarf.
- Umsjón með kassasvæði.

Við bjóðum upp á gott starfsumhverfi hjá traustu fyrirtæki.

Umsóknarfrestur er til 2. mars og öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknir berist til Jóns Birgis Gunnarssonar, jonb@husa.is, Holtagörðum, 104 Reykjavík. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar, www.husa.is.

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanirnar eru 18 talsins um land allt. Í verslunum okkar höfum við á boðstólnum yfir 80 þúsund vörutegundir - allt frá grunnri að góðu heimili.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 700 manns. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi. Í því skyni rekum við Húsasmiðjuskólann þar sem starfsmenn geta valið úr yfir 100 námskeiðum á ári hverju. Einnig er starfandi hjá Húsasmiðjunni öflugt starfsmannafélag sem annast m.a. skemmtanir, rekstur sumarhúsa og eflingu heilsuræktar starfsmanna.



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert má



Skemmtilegt sumarstarf og meirapróf í kaupauka !

Okkur vantar til afleysingastarfa bílstjóra næsta sumar til að sinna sölustarfi og útkeyrslu á vörum fyrirtækisins. Skilyrði fyrir starfi er að viðkomandi hafi meirapróf eða gilt ökuskirteini frá árinu 1993 eða fyrr.

Ef þú ert á 20. aldursári eða eldri, hefur áhuga á sölumennsku, ert drífandi og rösk(ur), en hefur ekki réttindi til að aka flutningabifreið þá greiðum við fyrir réttindum á vörubifreið gegn ráðningarsamningi. Ljúka þarf námskeiði og prófum fyrir vorið.

Allar nánari upplýsingar um starfið eru veittar á skrifstofu Emmessis í síma 569 2385. Umsóknir skulu sendar skrifstofu Emmessis hf. Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík eða á netfangið; gudlaugurg@emmess.is fyrir 6. mars n.k.



Við leitum að sölufulltrúum í útivistardeild í verslun okkar í Kringlunni. Sölufulltrúar okkar þurfa að vera þjónustuliprir, duglegir, samviskusamir og hafa áhuga á íþróttavörum. Störfin felast í almennri sölu og að veita viðskipavinum ráðgjöf.

Hægt er að fylla út umsóknir í verslunum okkar í Glæsibæ eða Smáralind eða senda umsókn á ingibjorg@utilif.is

Útilíf er traust fyrirtæki sem selur allt sem þarf til að stunda helstu íþróttir og fjölbreytta útvist. Í hverri deild starfa sérfræðingar sem leggja sig fram við að þjóna viðskiptavinum fyrirtækisins. Hjá okkur er góður starfsandi og mikil áhersla er lögð á að allir starfsmenn fái að njóta sín og fái tækifæri til að eflast í starfi.

Staða umsjónarmanns og leikskólakennara

Lausar eru til umsóknar staða umsjónarmanns með stuðningsbarni og stöður leikskólakennara. Æskilegt er að umsjónarmaðurinn sé leikskólakennari, þroskaþjálfari eða hafi aðra sambærilega menntun. Einnig óskum við eftir leikskólakennurum eða fólki með sambærilega menntun eða reynslu.

Leikskólinn er nýr sex deilda einkarekinn skóli og tók til stafa 1. nóvember s.l. Hann er staðsettur við Álfkonuhvarf í Vatnsendahverfum í Kópavogi og er rekinn af ÓB ráðgjöf.

Búið er að ráða einvala starfsfólk og er mikil jákvæðni og áhugi í hópnum. Ábyrgð leikskólans hvað varðar heilbrigði er mikil og er lögð áhersla á grænmeti og ávexti í matarupplendi barnanna.

Í öllu starfi leikskólans verður haft að leiðarljósi að sinna þörfum og tilfinningum barnanna, með áherslu á að rækta með þeim hæfileikann að tjá sig tilfinningalega með aldur og þroskastig barnanna að leiðarljósi. Hæfni til samskipta er grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi. Grunnþónninn í starfsmannastefnu leikskólans verður hlýja og faglegur stuðningur. Nánari upplýsingar um leikskólastjórann eru að finna á www.vinaminni.is og um ÓB ráðgjöf ehf á www.obradgjof.is.

Þeir sem hafa áhuga á að sækja um starf vinsamlegast hafið samband við Sólveigu Einarsdóttir leikskólastjóra í síma 570 4900 eða með því að senda tölvupóst í obradgjof@obradgjof.is



Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



Laus störf í leikskólum

MENNTASVIÐ-LEIKSKÓLAR

Leikskólakennarar

Austurborg, Háaleitisbraut 70
Upplýsingar veitir Guðrún Gunnarsdóttir leikskólastjóri í síma 588-8545

Brekkuborg, Hlíðarhúsum 1
Upplýsingar gefur Guðrún Samúelsdóttir leikskólastjóri í síma 567-9380.

Geislabaugur, Kristníbraut 26
Upplýsingar veitir Ingibjörg Eyfells leikskólastjóri í síma 517-2560

Heiðarborg, Selásbraut 56
Upplýsingar veitir Emílija Möller leikskólastjóri í síma 557-7350

Jöklaborg, Jöklaseli 5
Upplýsingar veitir Anna Bára Pétursdóttir leikskólastjóri í síma 557-1099

Klambrar, Háteigsvegi 33
Upplýsingar veitir Ingibjörg Kristleifsdóttir leikskólastjóri í síma 511-1125.

Ösp, Lðufelli 16
Upplýsingar veitir Svanhildur Hákonardóttir leikskólastjóri í síma 557-6989.

Helstu verkefni:
Leikskólakennari vinnur að uppeldi og menntun barnanna og fylgist með velferð þeirra. Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs. Stuðlar að góðu samstarfi bæði við samstarfsmenn og foreldra barnanna.

Hæfniskröfur:
Leikskólakennaramenntun
Færni í mannlegum samskiptum
Frumkvæði í starfi
Jákvæðni og áhugasemi
Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Sérkennsla

Funaborg, Funafold 42
Upplýsingar veitir Sigríður Jónsdóttir leikskólastjóri í síma 587-9160. Um er að ræða 70% stöðu.

Helstu verkefni:
Að skipuleggja sérkennslu á deildinni í samráði við leikskólastjóra. Vinnur að frumgreiningu, veitir ráðgjöf, fræðslu og vinnur í nánú samstarfi við foreldra, samstarfsfólk og sérfræðinga.

Hæfniskröfur:
Leikskólasérkennari, þroskaþjálfari eða háskólamenntun á sviði uppeldis- eða sálfræði.
Reynsla af vinnu með einstaklingum með þroskafrávik æskileg
Færni í mannlegum samskiptum
Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
Nákvæmni í starfi

Matráður

Austurborg , Háaleitisbraut 70
Austurborg er fjögurra deilda leikskóli þar sem dvelja rúmlega 90 börn samtímis. Upplýsingar veitir Guðrún Gunnarsdóttir leikskólastjóri í síma 588-8545.

Brekkuborg, Hlíðarhúsum 1
Brekkuborg er fjögurra deilda leikskóli þar sem dvelja rúmlega 80 börn samtímis. Upplýsingar veitir Guðrún Samúelsdóttir leikskólastjóri í síma 567-9380.

Helstu verkefni:
Matráður sér um að skipuleggja og annast matreiðslu, sér um innkaup á hráefnum. Hann hefur yfirumsjón með hreinlæti og frágangi í eldhúsinu. Vinnur í nánú samstarfi við leikskólastjóra.

Aðstoð í eldhúsi

Hof, Gullteigi 19
Upplýsingar veitir Sigrún Sigurðardóttir leikskólastjóri í síma 553-9995. Um er að ræða 100% stöðu.

Hæfniskröfur:
Áhugi á matreiðslu
Snyrtimennska
Hæfni í mannlegum samskiptum

Helstu verkefni:
Annast matreiðslu
Annast frágang og þríf í eldhúsi
Aðstoðar matráð eins og þurfa þykir

Nánari upplýsingar um þessi störf veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum. Einnig veitir starfsmannabjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum um Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag. Umsóknar-eyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á heimasíðunni www.leikskolar.is

Öll laus störf á Menntasviði í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar eru að finna á heimasíðunni www.menntasvid.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauðgýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Menntasvið annast starfsemi og rekstur grunnskóla og leikskóla. Í því felst þróun grunnskóla- og leikskólastarfs, undirbúningur stefnumörkunar, mat og eftirlit með skólastarfi og upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins.



KÓPAVOGSBÆR

Frá Kópavogsskóla

- Íþróttakennara vantar til starfa frá og með 10. mars nk.

Laun skv. kjarasamningi Launaneðndar sveitarfélaga og KÍ.
Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Allar frekari upplýsingar gefur skólastjóri í síma 554 0475.

Sjá ennfreður: www.kopavogur.is og www.job.is

Framsækið og metnaðarfullt fyrirtæki í verslun og þjónustu óskar eftir verslunarstjóra til starfa. Umsækjendur þurfa að uppfylla eftirtalin atriði:

- Lágmarksaldur er 25 ára.
- Reynsla af stjórnun er æskileg.
- Metnaður til að ná árangri í starfi og einkalífi.
- Drifkraftur, sem skilar sér til undirmanna.
- Að vera mannþekkjari
- Ósérhlífni og jákvætt hugarfar
- Hæfileiki til þess að vinna í hóp og sjá heildarmyndina.

Umsóknir sendist til afgreiðslu Fréttablaðsins eða á box@frett.is, merktar „kúreki“



Yfirproskabjálfar óskast

Svæðisskrifstofa Reykjaness óskar eftir að ráða yfirproskabjálfa til starfa. Leitað er eftir metnaðarfullum proskabjálfum sem eru að leita sér að áhugaverðu og spennandi starfi.

Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri Svæðisskrifstofu Reykjaness í síma 5250900.



Leikskólastjóri

leikskólans að Laugalandi

Rangárþing ytra og Ásahreppur leita eftir leikskólakennara í stöðu leikskólastjóra fyrir leikskólann að Laugalandi.

Leikskólinn að Laugalandi er einnar deildar leikskóli nú. Fyrir dyrum stendur að flytja leikskólann í hluta af núverandi húsnæði grunnskólans að Laugalandi með mikilli endurbót á allri aðstöðu bæði fyrir börnin og starfsfólkið. Laugaland er skóla – og íþróttasetur fyrir Holtin, Landsveitina og Ásahrepp auk annarra hverfa í Rangárþingi ytra eftir atvikum. Stutt er frá Laugalandi í alla almenna þjónustu á Hellu og víðar. Laugaland í Holtum er staðsett í miðju Suðurlands þar sem stutt er í allar helstu náttúruperlur landshlutans, bæði á láglandi og hálendi.

Nýtt og gott íbúðarhúsnæði er tiltækt að Laugalandi.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. maí n.k.

Um laun og kjör fer eftir kjarasamningum Félags leikskólakennara og LaunaféNDAR sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til og með 10. mars n.k.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra á skrifstofunni að Laufskálum 2 á Hellu og í s. 487-5834.

IsPol

vinnumiðlunin

útvegar pólskt starfsfólk

Upplýsingar og góða þjónustu veitir Ingibjörg Þorvaldsdóttir í sínum 8947799 og 4721227 eða ispol@visir.is

Tæknideild Vélavers hf

óskar eftir starfsmönnum

Vegna verulegrar aukningar í umsvifum þá vantar okkur starfsmenn í tæknideild. Við leitum að drífandi og samviskusömum einstaklingum, bifvélavirkjum eða vélvirkjum til starfa á verkstæði fyrirtækisins. Reynsla í viðgerðum á vinnuvélum, lyfturum, landbúnaðarvélum eða atvinnubílum er æskileg. Við bjóðum fyrsta flokks vinnuaðstöðu í nýju og rúmgöðu húsnæði sem er útbúið með nýjustu og fullkomnustu tækjum sem völ er á.

Upplýsingar um störfin gefur
Sigurður G. Sigurðsson í síma **588 2600**



Krókhálsi 16 • 110 Reykjavík • sími 588 2600
www.velaver.is

50% starf í mötuneyti



Rauði kross Íslands

56345

Rauði kross Íslands óskar eftir að ráða starfsmann í 50% starf í mötuneyti.

Í starfinu felst að sjá um hádegisverð og kaffi fyrir 30 manns, ásamt því að annast innkaup fyrir mötuneytið. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 09:00 - 13:00.

Leitað er að röskum og samviskusömum einstaklingi sem getur hafið störf strax.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is



Dreifingarstjóri

Stórt þjónustufyrirtæki í Reykjavík óskar að ráða dreifingarstjóra.

Starfssvið

- Umsjón með skipulagningu vöruafgreiðslu
- Áætlanagerð
- Dagleg stjórnun deildarinnar

Hæfniskröfur

- Menntun á háskólastigi eða annað framhaldsnám
- Reynsla af mannaforræði er nauðsynleg
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð eru nauðsynlegir kostir.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 4. mars nk. Númer starfs er **5103**.

Upplýsingar veitir Þórir Þorvarðarson.
Netfang: thorir@hagvangur.is



- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is



Sérfræðingur í fjárhagsdeild

Landsbankinn óskar eftir að ráða öflugan starfsmann í fjárhagsdeild á rekstrarsviði bankans. Verkefni lúta einkum að uppbyggingu fjárhagskerfa, áætlanagerð og gagnaúrvinnslu auk skýrslugerðar.

Helstu verkefni:

- Uppbygging og þróun á fjárhagsgagnagrunnum og skýrslugerð úr þeim.
- Áætlanagerð móðurfélags og samstæðu.
- Skýrslugerð til yfirstjórnar og annarra starfseininga.
- Gerð kynningarefnis fyrir fjárfesta.
- Greining á rekstrarþáttum og rekstrareiningum.
- Skýrslugjöf til opinberra aðila, s.s. Fjármálaeftirlits og Seðlabanka.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði verkfræði eða viðskiptafræði.
- Reynsla af sambærilegum störfum kostur.
- Þekking og reynsla á fjárhagskerfum og skýrslugerðarverkfærum.
- Framúrskarandi þekking og færni í Excel.
- Mjög góð enskukunnátta.
- Frumkvæði í starfi og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góðir samskiptahæfileikar.

Nánari upplýsingar veita Guðjón V. Ragnarsson forstöðumaður fjárhagsdeildar í síma 410 7808 og Ingibjörg Jónsdóttir á starfsmannasviði í síma 410 7902.

Umsókn og ferilskrá sendist á netfangið bergling.ingvarsdottir@landsbanki.is merkt „Sérfræðingur í fjárhagsdeild“. Umsóknarfrestur er til og með 8. mars nk.



Landsbankinn

Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

Viltu vinna hjá flottu fyrirtæki?

Hjá Samskipum er kraftmikið starfsmannafélag með fjölbreytta starfsemi, s.s. golfklúbb, siglingaklúbb og aðgang að 8 tonna skemmtibáti, fimm sumarbústaði við Bifröst og margt fleira skemmtilegt. Hjá Samskipum á Íslandi vinna 650 skemmtilegir starfsmenn.

Slástu í hópinn!



Starfsmaður í gámaprif óskast

Við leitum að dugmiklum og samviskusömum starfsmanni til starfa við gámapvott. Um er að ræða starf við þrif og úttektir á gámum á hafnarsvæði Samskipa í Reykjavík.

Vinnutími

Dagvinna 07:55–16:00 og yfirvinna eftir atvikum.

Hæfniskröfur

Gerð er krafa um stundvísi og vönduð vinnubrögð. Umsækjandi skal hafa góða framkomu og vera samviskusamur.

Áhugasamir

Vinsamlegast fyllið út umsókn á vef Samskipa, www.samskip.is, (veljið „Starfsmaður í gámaprif – auglýst staða“) fyrir 1. mars 2006. Atli Jarl rekstrarstjóri veitir allar nánari upplýsingar í síma 458 8530.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

SAMSKIP

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • samskip.is

Afgreiðsla

Sölukona óskast, stundvís, reyklaug og áhugasöm um hönnun, handavinnu og tísku. Hlutastarf í miðbænum, vinnutími samkomulag. Upplýsingar sendist ásamt mynd og meðmælum til afgreiðslu Fréttablaðsins eða á box@frett.is merkt: **Litadýrð-1702** fyrir **föstudaginn 3. mars**. Öllum umsóknum svarað.



Næturvörður

Samtök áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann óska eftir að ráða næturvörð til tímabundinna afleysingastarfa við Sjúkrahúsið Vog sem fyrst. Um vaktavinnu er að ræða.

Upplýsingar veitir Hjalti Þór Björnsson dagskrárstjóri sími 824 7620 netfang: hjalti@saa.is

Umsóknir berist til Hjalta „með tölvupósti eða að Stórhöfða 45 110 Reykjavík, merktar „næturvörður“ eigi síðar en 6 mars n.k.

SMÍÐIR OG VERKAMENN

Óskum eftir smíðum og verkamönnum til starfa í fjölbreytt verkefni. Tekið er á móti umsóknum á www.verktaki.is

Nánari upplýsingar gefa:
Aðalgeir: 660-2408 - Gylfi: 660-2424



*Sveinbjörn Sigurðsson ehf.
er eitt elsta og framsæknasta
byggingafyrirtæki landsins
með yfir 60 ára reynslu.*

www.verktaki.is

Starfsmaður óskast

Stéttarfélag í Reykjavík leitar eftir áhugasömum starfsmanni til símaþróslu, afgreiðslu og almennra skrifstofustarfa í 70% starf. Samkomulag um fyrirkomulag vinnutíma. Tölvu og tungumálakunnátta æskileg.

Umsækjendur skili umsókn til afgreiðslu Fréttablaðsins eða á box@frett.is merkt „áhugasamur“. Umsóknarfrestur til 10. mars. n.k.

SÖLUFÓLK

Góð laun í boði og tryggjar tekjur. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Verkefni frá kl. 17-22 virka daga og frá kl. 13 um helgar.

Nánari upplýsingar veitir Lára Guðrún Gunnarsdóttir í síma 515 6158 frá kl. 9-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá á lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is.

Glæst framtíð

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt úthringiverkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólkið.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

Ertu þjarkur?

með gott hjartalag



Starf í Vinnuskóla Reykjavíkur gefur leiðbeinendum einstaka möguleika til að njóta útivistar og elga þátt í að prýða Reykjavíkurborg og útmörkina.

Verkstjórn fyrir vinnuflokk unglinga gefur mikilvæga stjórnunarreynslu sem nýtist fyrir starfsferil leiðbeinenda.

Vinnuskólaþjarkurinn býður velkomna til sumarstarfa árið 2006 væntanlega starfsmenn í gefandi og fjölbreytt störf hjá Vinnuskóla Reykjavíkur.

Umsækjendum er bent á að sækja um rafrænt á: www.vinnuskoli.is eða www.vuf.is



VINNUSKÓLI REYKJAVÍKUR

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar • Skúlagata 19 • Sími 411 8500 • 101 Reykjavík



STARFSFÓLK ÓSKAST

■ Byggingaverkfræðingur/tæknifræðingur

Vegna mikilla verkefna framundan óskum við eftir að ráða byggingaverkfræðing eða tæknifræðing til framtíðarstarfa.

Helstu verkefni:

- Verkefnastjórnun
- Innkaup og samningar við birgja, undirverktaka og verkkaupa
- Kostnaðareftirlit, reikningsgerð og uppgjör verka
- Tilboðsgerð

Allar nánari upplýsingar veita Gylfi í síma 860 1707 (gylfi@jav.is) og Guðmundur í síma 860 1730 (gbg@jav.is)

JÁVERK er öflugt, metnaðarfullt og ört vaxandi verktakafyrirtæki á 14. starfsári. Starfsmenn eru um 70 og verkefnastaða fyrirtækisins er traust næstu árin. Áætluð velta 2006 er 2,5 milljarðar. Fyrirtækið hefur skrifstofur og verkefni á Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu. Auk eigin verkefna á undirbúningsstigi er fjöldi verkefna framundan, m.a. bíó- og keilusalir við Egilshöll, endurbætur á Hótel Borg, viðbygging við sjúkrahús á Selfossi, sundlaug og íþróttahús að Borg í Grímsnesi og leikskóli á Selfossi. Aðbúnaður og starfsumhverfi eru með því besta sem þekktist. Starfsandi er góður og virkt starfsmannafélag stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum.

Gagnheiði 28
IS-800 Selfoss
Iceland
Sími +354 480 1700
Fax +354 480 1701



Reykjavíkurborg

- Einn vinnustaður



Laus störf í grunnskólum

MENNTASVIÐ - GRUNNSKÓLAR

Aðstoðarskólastjóri Hvassaleitisskóla

Laus er staða aðstoðarskólastjóra við Hvassaleitisskóla frá 1. ágúst 2006 til 31. júlí 2007. Hvassaleitisskóli er heildstæður grunnskóli með 255 nemendur í 1. - 10. bekk.

Velliðan - agi - árangur eru einkunnarorð skólans og endurspeglar þau stefnu hans og leiðir að helstu markmiðum.

Hljómar eins og firring - en er það ekki það sem það er? Erum við ekki orðin veruleikafirt? Eru hugmyndir okkar um okkur sjálf ekki lengur byggðar á okkar eigin skynsemi, reynslu og skynjun? Erum við algjör-lega þrælur þeirra hugmynda sem aðrir selja okkur? Eru markaðsmenn-irnir handhafar sannleikans? Þeir sem telja ungum stúlkum trú um það að þær séu ekki samboðnar heimin-um nema þær standist ákveðna feg-urðarstaðla afneita allri ábyrgð og vísa til þess frelsis sem einstakling-urinn hefur til að velja og hafna sjálf-ur; burtséð frá því hvort sá einstakl-ingur hafi til þess þroska eða þekkingu. Þá komum við að ábyrgð samfélagsins. Að samfélagið standi vörð um þau gildi sem við erum sam-mála um að skipti máli. Ást, umhyggja, öryggi, farsæld. Eða hvað? Öryggis-net fjölskyldnanna, upplýsingaskylda stjórnvalda og síðast en ekki síst listamennirnir sem með verkum sínum geta hrist upp í sofandi varð-mönnum samfélagsins. Þeir geta tekið að sér hlutverk barnsins sem í

einfeldni sinni segir sannleikann þegar allir eru meðvirkir í ástandinu, bent á nýju fötin keisarans og hrópað: „Hann er ekki í neinu!“ Skyndilega átta allir sig á því að það er eitthvað að.

Þórdísi Elvu tekst vel að ýta við sofandi risanum með verki sínu. Text-inn er bæði fyndinn og hnitmiðaður. Sumar senur raunar betur skrifaðar en aðrar en á heildina litið þá skrifar hún vandaðan og meðfærilegan leik-texta. Textinn sjálfur væri þó harla lítills virði ef ekki væru leikararnir á sviðinu til að gefa honum líf og það tekst þeim öllum. Það var ánægjulegt að sjá Helgu Brögu á sviðinu. Hún túlkar hina vansælu Ingibjörgu af stillingu og einstakri fágun en það gefur persónu hennar ótrúlega dýpt þrátt fyrir að vera nánast hreyfi-hömluð á sviðinu. Hún þurfti þeim mun meiri blæbrigði í tilfinningu og hugsun sem hún skilaði fullkomlega. Þorsteinn Bachmann lék á svipuðum nótum og fyrir vikið varð hinn sjúk-lega brenglaði Hallur miklu ógeð-felldari persóna. Smekklega gert hjá Þorsteini. Þær Elma Lía og Ásta Sig-hvats voru á allt öðrum nótum. Þar voru allar tilfinningar á útöfnu, örvæntingin algjör og á stundum virkaði eins og þær væru í öðru leik-riti, en það má kannski til sanns vegar færa þar sem þeirra heimur snerist um að borða ekki á meðan heimur hinna snerist um það að borða. Tveir heimar í sama sólkerfinu.

Þessi nálgun leikstjórans hæfir verkinu og hann augljóslega hefur lagt áherslu á að aga túlkun leikar-anna sem skilar sér í mjög áhuga-verðri sýningu og má geta þess að sautján ára gamalli dóttur minni sem fór með mér í leikhúsið þótti sýningin upplýsandi. Hún hafði auðvitað heyrt um átröskun en þarna fékk hún tæki-færi til að skyggjast inn í hugarheim þessa fársjúka fólks og það er það sem sýningin gerir. Hún segir okkur sögu af mjög veiku fólki og um leið mjög veiku samfélagi. Við verðum að komast fyrir þetta mein og það er ástæða til að hvetja fólk til að leggja leið sína á litla sviði Borgarleikhúss-ins til að upplifa þessa sýningu.

Valgeir Skagfjörð

Allegro verður með tónleika í Tranavogi 5. Opíð hús frá klukkan 13.

- ☐
- 17.00 **Strengjasveit Listaháskóla Íslands** leikur verk eftir Bach, Jón Nordal og fleiri í NeskirkJu. Einleikar á fíðlu eru **Gróa Margrét Valdímarsdóttir** og **Gunnhildur Daðadóttir**. Stjórnandi er **Gunnar Kvaran**.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

23 24 25 26 27 28 1

Sunnudagur

■ ■ TÓNLEIKAR

- ☐
- 16.00 Sænski básúnuleikarinn **Jessica Wiklund** og bandaríski túbuleikarinn **Timothy Buzbee** halda tónleika í Norræna húsinu.

- ☐
- 21.00 **Kvartett Andrésar Þórs** leikur djass á tónleikum á Kaffi Rósenberg við Lækjargötu.

■ ■ SÝNINGAR

- ☐
- 16.00 Sýningarrýmið Suðusúðvestur og **Sigríður Ólafsdóttir** myndlist-armaður bjóða til listamannsspjalls á sýningu hennar í sýningarrýminu í Reykjanesbæ.

■ ■ VETRARHÁTIÐ

- ☐
- 15.00 **Suzukitónlistarskólinn**

HIMNARÍKI
Geðklofn gamanleikur eftir Anna Isen

Fös. 3. mars. kl. 20 örfá sæti laus

Fös. 10. mars. kl. 20

Lau. 18. mars. kl. 20

SÝNINGUM LÝKUR Í MARS!

EFTIR
eftir Valgeir Skagfjörð/
Einar Má Guðmundsson

Þri. 28. feb. kl. 09.00 UPPSELT

Mán. 6 mars. kl.09.00 UPPSELT

Þri. 7. mars. kl.09.00 UPPSELT

Mið. 8.Mars. kl.09.00 UPPSELT

HIMNARÍKIARÐAR LEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midl.is

Þri. 28.02 kl. 19:00 laus sæti

Sun. 05.03 kl. 20:00 laus sæti

MIÐASALA: WWW.MIDL.IS OG Í AUSTURBÆ 5 551 4700

Laugardalshöll
23. maí

www.performer.is

GERÐUBERG

Sunnudagur 26. febrúar
Söngur og sund byrjar aftur
Sungin verða lög og textar eftir Ómar Ragnarsson og Ómar kemur í heimsókn ásamt Hauki Heiðari pianóleikara. Sönginn leiðir Signý Sæmundsdóttir. Sungið í Gerðubergi - synt í Breiðholti-laug. Söngurinn hefst stundvíslega kl. 13.00 Heitt te á undan. Verð kr. 500

Sýning á myndverkum Thors Vilhjálmssonar.
Sýningin stendur til 5. mars.

Sigrún Björgvinsdóttir
Sýningin „Ort í ull“ í Boganum.
Sýningin stendur til 19. mars.

Sýningarnar eru opnar virka daga 11-17, miðvikudaga 11-21 og um helgar 13-16.

www.gerduberg.is

Sun 26.02 kl: 13.30

Sun 05.03 kl: 13.30

Sun 12.03 kl: 13.30

Miðapantanir í Austurbæ og á midl.is.

Miðasala Austurbæjar er opin milli 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

Nína og Geiri
söngur Björgvins Halldórssonar
Leikstjóri: Gunnar Helgason

4. mars. Fjá borð laus

17. mars. Fjá sæti

18. mars. **Aukasýning** Fjá sæti

25. mars. Fjá borð laus

Ókeypis miðar veiddar hálftímannið fyrir viðburð

5331100

Netfang: midasala@broadway.is

Aðeins þessar sýningar

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
7. sýn. 3. fös. 3. mars kl 20 - **ÖRFÁ SÆTI LAUS**
8 . sýn. sun. 5. mars kl. 15 - **KYNNING KL 14.15 - ÖRFÁ SÆTI LAUS**
9. sýn. fös. 10. mars kl. 20 - 10. sýn. lau. 11. mars kl. 20 - **LOKASÝNING**
KYNNING FYRIR SÝNINGU
Kynning á verkinu og uppsetningu þess er í boði Vínafélags Íslensku óperunnar
hefst kl.19.15 og er innifalín í miðaverði. Húsið opnar kl. 19.00

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

BORGARLEIKHÚSIÐ

[id]

Stóra svið

Nýja svið / Litla svið

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Í dag kl. 14 **UPPS.**
Lau 4/3 kl. 14 **UPPS.**
Lau 11/3 kl. 14
Lau 18/3 kl 14

Í dag kl. 17:30 **UPPS.**
Su 5/3 kl. 14 **UPPS.**
Su 12/3 kl. 14 **UPPS.**
Su 19/3 kl. 20

BELGÍSKA KONGÓ

Lau 4/3 kl. 20
Fö 10/3 kl. 20
Su 12/3 kl. 20

Su 5/3 kl. 20
Lau 11/3 kl. 20 **UPPS.**
Lau 18/3 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Í kvöld kl. 20 **UPPS.**
Fö 3/3 kl. 20 **UPPS.**
Fi 9/3 kl. 20

Fi 2/3 kl. 20
Mi 8/3 kl. 20
Mi 15/3 kl. 20

HUNGUR

Í kvöld kl. 20
Mi 8/3 kl. 20

Lau 4/3 kl. 20
Fö 10/3 kl. 20

NAGLINN

Fi 2/3 kl. 20
Lau 11/3 kl. 20

Fö 3/3 kl. 20 **UPPSELT**
Su 12/3 kl. 20 **UPPSELT**

GLÆPUR GEGN DISKÓINU

Mi 1/3 kl. 20

Fö 17/3 kl. 20

SAKAMÁL Á SVIÐ

Þri 28/2 kl. 20 umræðufundur um íslensk sakamál í forsal Borgarleikhússins

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
TÚSKILDINGSÓPERAN
Aukasýningar í mars: Sun. 5/3 **uppselt** og sun. 12/3 örfá sæti laus, sun. 19/3 nokkur sæti laus, sun. 26/3. **Síðustu sýningar.**

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Í dag sun. 26/2 kl. 14:00 örfá sæti laus. **Aukasýning sun. 5/3 kl. 13:00** örfá sæti laus. **Síðustu sýningar.**

VIRKJUNIN
Frum-sýning fös. 3/3 uppselt, 2. sýn. lau. 4/3 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 9/3 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 10/3 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 11/3 örfá sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Í kvöld sun. 26/2 **uppselt,** lau. 4/3 kl. 17:00 **uppselt,** sun. 5/3 **uppselt,** þri. 7/3 **uppselt,** mið. 8/3 **uppselt,** lau. 11/3 kl. 17:00 **uppselt,** sun. 12/3 **uppselt,** mið. 15/3 **uppselt,** lau. 18/3 kl. 17:00 **uppselt,** sun. 19/3 kl. 17:00 örfá sæti laus og kl. 20:00 nokkur sæti laus, mið. 22/3 **uppselt,** lau. 25/3 kl. 17:00 **uppselt.**

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU
Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður
Í kvöld sun. 26/2 kl. 18:00 **uppselt,** sun. 5/3 kl. 18:00 **uppselt,** sun. 12/3 **uppselt.**

KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Frum-sýning lau. 4/3 uppselt, fim 9/3 **uppselt,** fös. 10/3 **uppselt,** lau. 11/3 nokkur sæti laus, fim. 16/3, fös. 17/3.
Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.

LEIKHÚSKJALLARINN
Í kvöld sun. 26/2 kl. 21:00 og 22:30. **Vetrarhátíð í Reykjavík 2006 - Kjallarakvöld með Kurt Weill** Flytjendur: **Atli Rafn Sigurðarson, Egill Ólafsson, Halla Vilhjálmisdóttir og Selma Björnsdóttir.** Umsjón með dagskránni: **Jóhann G. Jóhannsson,** tónlistarstjóri Þjóðleikhússins.
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00. Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS

AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-PRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.

MÍÐASÓLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

„Fólki líkaði ekki hvernig herra Hnýsinn var sí og æ að hnýsast um hagi þess. Því líkaði það alls ekki en það aftraði ekki herra Hnýsnum frá því að hnýsast.“

Herra Hnýsinn er í eðli sínu forvitinn og því ekki ýkja vinsæll hjá samborgurum sínum.

bækur

baekur@frettabladid.is



Sjálfskipuð ömurlegheit

Í reiðileysi í París og London eftir Orwell komin út

Flest okkar hafa lesið Dýrabæinn og 1984 eftir George Orwell og haldið að maðurinn gæti einungis skrifað um Trotsky-leg dýr og hræðilega framtíðarsýn. Bókin í reiðuleysi í París og London (Down and Out in Paris and London) kemur lesandanum rækilega á óvart og fjallar um tvo mánuði í lífi rithöfundarins þar sem hann „slömmar“ í stórborgunum tveimur. Hann vaskar upp díska í skítugum veitingahúsum í París og verður útigangsmáður og betlari í London. Bókin er í senn bráðfyndin og dapurleg og Orwell setur okkur inn í eyrmarlega tilvist sem flest okkar munu vonandi einungis lesa um. Eins og hljómsveitin Pulp gerði á tíunda áratugnum með laginu Common People, þegar ríkir krakkar þykjast vera svalir og fátækir,



Útgefna eftir sig og nú kemur hún í fyrsta skipti út í íslenskri þýðingu Ugga Jónssonar í útgáfu Hins íslenska bókmenntafélags. - amb

er Orwell líka í þeirri stöðu að geta alltaf fengið lánaða peninga hjá vinum eða fjölskyldu þegar hann þarf virkilega á því að halda. Hann gerir líka mikinn mun á sjálfum sér og þeim sem fá engu ráðið um dapurleg örlög sín. Bókin er frábær lesning og kafar í mannlega náttúru - hvað það er að vera manneskja - andspænis þrældómi, fátækt og niðurlægingu. Það hefur vafist fyrir fræðimönnum í hvaða flokk eigi að skipa henni - ævisögubrot, ádeilurit eða jafnvel mannfræðilega lýsingu. Bókin var fyrsta bókin sem George Orwell fékk

> Bók vikunnar

Kvikmyndastjörnur í ritstjórn Guðna Elíssonar.

Í Kvikmyndastjörnum um birtist úrval greina eftir marga af fremstu kvikmyndafræðingum heims, en allar beina þær sjónum sínum að flókinni samfélagsstöðu kvikmyndastjörnnunnar á Vesturlöndum. Alda Björk Valdimarsdóttir þýddi og ritaði inngang.



METSÖLULISTI

HEILDARLISTI

1. **HEILSA KARLA**
JOE ARMSTRONG
2. **SUMARLIÓS, OG SVO KEMUR NÓTTIN**
JÓN KALMAN STEFÁNSSON
3. **HROKI OG HLEYPDÓMAR**
JANE AUSTEN
4. **HVAR ER VALLI?**
MARTIN HANDFORD
5. **FYRSTA ORÐABÓKIN MÍN**
RICHARD SCARRY
6. **ÍSLANDSATLAS**
HANS H. HANSEN
7. **ENDALAUS ORKA**
JUDITH MILLIDGE
8. **RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
ASTRID LINDGREN
9. **VÍSNAÐÓK UM ÍSLENSKU DÝRIN**
VAKA HELGAFELL
10. **ÍSLENSKUR STJÖRNUATLAS**
SNÆVARR GUÐMUNDSSON

SKÁLDVERK - INNBUNDNAR BÆKUR

1. **SUMARLIÓS OG SVO KEMUR NÓTTIN**
JÓN KALMAN STEFÁNSSON
2. **VETRARBORGIN**
ARNALDUR INDRIDASON
3. **VIÐ ENDA HRINGSINS**
TOM EGELAND
4. **KROSSTRÉ**
JÓN HALLUR STEFÁNSSON
5. **BLÓÐBERG**
ÆVAR ÖRN JÓSEPPSON
6. **BLEKKINGALEIKUR**
DAN BROWN
7. **VERÓNÍKA ÁKVEÐUR AÐ DEYJA**
PAOLO COELHO
8. **PRÍÐJA TÁKNID**
YRSA SIGURDARDÓTTIR
9. **FLUGDREKAHLAUPARINN**
KHALED HOSSEINI
10. **AFTURELDING**
VIKTOR ARNAR INGÓLFSSON

SKÁLDVERK - KILJUR

1. **HROKI OG HLEYPDÓMAR**
JANE AUSTEN
2. **MINNINGAR GEISJU**
ARTHUR GOLDEN
3. **ALKEMISTINN**
PAOLO COELHO
4. **ENGLAR OG DJÓFLAR**
DAN BROWN
5. **GRAFARPÖGN**
ARNALDUR INDRIDASON
6. **MÝRIN**
ARNALDUR INDRIDASON
7. **BLÓÐSKULD**
MICHAEL CONNELLY
8. **MÓÐIR Í HJÁVERKUM**
ALLISON PEARSON
9. **ÚLFURINN RAUÐI**
LIZA MARKLUND
10. **DA VINCI LYKILLINN**
DAN BROWN

HAND- OG FRÆÐIBÆKUR/ÆVISÖGUR

1. **HEILSA KARLA**
JOE ARMSTRONG
2. **ÍSLANDSATLAS**
HANS H. HANSEN
3. **ENDALAUS ORKA**
JUDITH MILLIDGE
4. **ÍSLENSKUR STJÖRNUATLAS**
SNÆVARR GUÐMUNDSSON
5. **LOST IN ICELAND**
SIGURGEIR SIGURJÓNSSON
6. **GÓÐAN DAG BARNIÐ MITT**
BJÖRN MEIDAL
7. **109 JAPANSKA SUDOKU NR. 1**
GIDEON GREENSPAN
8. **SALÖT**
JENTAS FORLAG
9. **SÁLMABÓK**
YMSIR HÖFUNDAR
10. **109 JAPANSKAR SUDOKU NR. 2**
GIDEON GREENSPAN

LISTARNIR ERU GERDIR ÚT FRÁ SÖLU DAGANA 15.02.06 - 22.02.06 Í PENNINGUM EYMUNDSSON OG BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR

Hvað er lífið án ástar?

Ekkert lát er á vinsældum Rauðu seríunnar þrátt fyrir að hafa verið rúm tuttugu ár á markaði, enda bendir Rósa Guðmundsdóttir útgefandi á að ástin verður aldrei gömul.

„Við prentum tíu þúsund bækur á mánuði,“ segir Rósa, einn af eigendum Ásútgáfunnar á Akureyri. „Við gefum út fimm titla á mánuði og hver þeirra er prentaður í tvö þúsund eintökum.“

Ásútgáfan er brautryðjandi á sviði kiljuútgáfu hér á landi og hefur gefið út Rauðu seríuna allar götur síðan 1984. „Ég man að okkur vantaði verkefni í prentsmiðjuna og mér datt í hug að það væri kannski góð hugmynd að gefa út ódýrar vasabækur, sem voru ekki til á Íslandi á þeim tíma. Ég prófaði að gefa út eina bók og þetta rauk úr hillunum.“ Næst lá leiðin í bókamessuna í Frankfurt til að afla sambanda við erlenda útgefendur. „Þar fékk ég leyfi fyrir einni bók; menn voru vissir um að meira gæti ekki selst hérna því það væru engar járnbrautarstöðvar. En annað kom á daginn og ég fékk leyfi fyrir fleiri bókum og bjó til nýjar seríur í kjölfarið, þar á meðal Sjúkrahússögur og Ást og afbrot.“

Nú fær Rósa sextíu titla senda í hverjum mánuði til að velja úr og kveðst vanda valið. „Við höfum alltaf vandað til útgáfunnar og haft góða þýðendur. Eg vil aðeins bestu bækurnar og reyni að gefa út sem fæstar bækur eftir sama höfund. Þeir fara stundum að endurtaka sig.“

Það eru fráleitt aðeins konur sem lesa ástarsögur, segir Rósa.



RÓSA GUÐMUNDSDÓTTIR Blæs á allar fullyrðingar um að Rauða serían sé annars flokks formúlubókmenntir.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

„Karlmennt eru hrifnir af Ást og afbrotum. Yfirleitt kaupa konurnar fjögurra bóka pakkann og mennirnir þeirra lesa sögurnar þar sem þeir finna spennu og aksjón.“ Eina breytingin á bókunum sem Rósa segist hafa orðið vör við er að það er kominn óvægjari tónn í þær. „Það er meira um stríð, tölvuvæðingin hefur líka skilað sér og glæpirnir og eiturylfir eru harðari. Það er bara í takt við tíðarandann. En ég sé líka til þess að

það komi út bækur sem er ekkert ljótt í, til dæmis Sjúkrahússögur.“ Rósa blæs á allar fullyrðingar um að ástarsögurnar séu annars flokks formúlubókmenntir. „Lífið er ein formúlan, en hvað væri það án ástarinnar? Ástin verður aldrei gömul. Mér finnst ekki rétt að líta niður á þessar bókmenntir, því fyrir utan að vera í ódýrara bandi er enginn munur á þeim og bókunum í jólabókaflóðinu.“

bergsteinn@frettabladid.is

Svona bíll á ekki að kosta

2.290.000,-*

Við njótum góðs af magninnkaupum nýs umboðsaðila SAAB á Norðurlöndum og getum því boðið SAAB 9-3 Sedan á ævintýrlegu verði. Svona verð er einsdæmi fyrir lúxusbíl í hæsta gæðaflokki og því hefur aldrei verið skynsamlegra að velja SAAB en núna.



* Við trúum þessu ekki heldur.

Öruggsti bíllinn í sínum flokki ár eftir ár og sérstaklega hannaður fyrir skandinavískar aðstæður.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Glænýr Saab **93**





ALLT FYRIR ÁSKRIFENDUR



LANGAR ÞIG TIL AÐ HRINGJA INNANLANDS FYRIR NÚLL KRÓNUR Í HÁLFT ÁR?*

Málið er einfalt. Þú hringir í síma 1414, skráir þig og þína í Ogi og getur sparað tugi þúsunda á ári – og ef þú ert M12 áskrifandi færðu að auki mánaðargjald af heimasíma án endurgjalds í hálft ár.

Afmælisveisla Stöðvar 2 er rétt að hefjast og fyrsti afmælisþakinn er fyrir M12 áskrifendur sem skrá sig strax í Ogi.



GÓÐ SKEMMTUN Í 20 ÁR!

* HÁMARK 500 MÍNÚTUR Á MÁNUÐI.
NÁNARI UPPLÝSINGAR UM SKILMÁLA OG SKILYRÐI Í SÍMA 1414
OG Á WWW.OGVODAFONE.IS.

GOTT FOLK MCGANN

Nýtt í bíó

YFIRVOFANDI HETTA OG SAMSERI
LÍF OKKAR ER Í HÖNDUM TVEGGJA EINSTAKLINGA

10
BAFTA tilnefningar

4
Tilnefningar til ÓSKARS-VERÐLAUNA

3
Tilnefningar til GOLDEN GLOBE verðlauna



THE CONSTANT GARDENER

EIN BESTA MYND ÁRSINS

★★★★★

„...listaverk, sannkölluð perla“
- DÖJ, kvikmyndir.com

5
Tilnefningar til ÓSKARS-VERÐLAUNA

M.A. BESTA MYND, BESTI LEIKSTJÓRI OG BESTI LEIKARI Í AÐALHUTVERKI

capote

BYGGÐ Á SÖNNUM ATBURÐUM

TÖFRANDI ÆVINTÝRAMYND FYRIR ALLA FJÓLSKYLDUNA



Nanny McPhee

ÓPEKKUSTU BÖRN Í HEIMI HAFA FENGID NÝJA BARNFÓSTRU SEM ER EKKI ÖLL ÞAR SEM HÚN ER SÉÐ.



SEXI. STÓRHÆTTULEG OG ÓSTÖÐVANDI

MARGVERÐLAUNUÐ OG MÖGNUM MYND
MED FELICITY HUFFMAN UR DESPERATE HOUSEWIVES

★★★★★

~MMJ, Kvikmyndir.com

MISSID EKKI AF ÞESSARI YNDISLEGU MYND

ÆVINTÝRID ER RÉTT AÐ BYRJA!
FRÁBÆR SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÓLSKYLDUNA



ZATHURA

SYND MED ÍSLENKU OG ENSKU TALÍ

Sprengihægilegt fræmild.
Steve Martin fer enn og aftur á kostum



CHEAPER BY THE DOZEN 2

„Cheaper by the Dozen 2 er falleg og skemmtileg fjölskyldumynd, sem heppnast breint ágætlega“
- MMJ Kvikmyndir.com



walk the line

JOAQUIN PHOENIX REESE WITHERSPOON

★★★★★
- MMJ Kvikmyndir.com

★★★★★
- SV MBL

★★★★★
- VJV topp5.is

Jim Carre

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI 2 VIKUR Í RÓÐ



Fun Dick Jane

★★★★★ **VELJID HÉR AÐ NEDAN KVIKMYNDAHÚS OG SÝNINGARTÍMA SEM YKKUR HENTAR** ★★★★★

SMÁRA BÍÓ

SÍMI 564 0000

CONTANT GARDENER kl. 5, 8 og 10.45 **B.I. 16 ÁRA**
NANNY MCPHEE kl. 1, 3.40 og 5.50
UNDERWORLD kl. 8 og 10.20 **B.I. 16 ÁRA**
ZATHURA m/íslensku tali kl. 1, 3.30 og 5.50 **B.I. 10 ÁRA**
ZATHURA m/ensku tali kl. 3.40 og 5.50 **B.I. 10 ÁRA**
WALK THE LINE kl. 8 og 10.45 **B.I. 12 ÁRA**
SYND Í LUXUS kl. 2, 5, 8 og 10.45 **B.I. 12 ÁRA**
FUN WITH DICK AND JANE kl. 1, 8 og 10.10
CHEAPER BY THE DOZEN 2 kl. 1 og 3

REGNBÖGINN

SÍMI 551 9000

CAPOTE kl. 3, 5.50, 8 og 10.10 **B.I. 16 ÁRA**
TRANSAMERICA kl. 3, 5.45, 8 og 10.15 **B.I. 14 ÁRA**
WALK THE LINE kl. 3, 6 og 9 **B.I. 12 ÁRA**
BROKEBACK MOUNTAIN kl. 3, 6 og 9 **B.I. 12 ÁRA**

400 kr. í bíó!
gildir á allar sýningar í Regnboginum merktar með rauðu

REGNBÖGINN

SÍMI 551 9000

NANNY MCPHEE kl. 2, (400 KR.) 4 og 6
ZATHURA kl. 2 (400 KR.) og 4
CONSTANT GARDENER kl. 8 og 10.30 **B.I. 16 ÁRA**
UNDERWORLD kl. 8 og 10 **B.I. 16 ÁRA**
FINAL DESTINATION 3 kl. 6 **B.I. 16 ÁRA**

DD Dolby

SDS Sony Dynamic Digital Sound

THX

BÍÓ.is – allt á einum stað

Sími 553 2075



• bara lúxus



Nanny McPhee

Óskakona börn í húsi
Jafn lengd nýja barnlestra
sem er ekki öll þú sem hefur séð.

Sýnd kl. 2, 4, 6 og 8



**GOOD NIGHT,
AND GOOD LUCK.**

MARGVEIDAL AUGN GABARYNDI SEM FLOTT
HEFUR EKKI ÖNNUR LÖF GAGNATHINGA

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10



**FINAL
DESTINATION 3**

SVAKALEGT EKKI ÖNNUR LÖF

Sýnd kl. 6, 8 og 10 **ALLT**



**6 ÓSKARS
TILNEFNINGAR
MEMOIRS OF A
GEISHA**

Sýnd kl. 10



ZATHURA

Sýnd kl. 2 og 4 **ISL. TAL.**



DREAMLAND

Sýnd kl. 2 **ISL. TAL.**

400 KR. Í BIÓ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR
MEIÐTAKR MEÐ RAUÐU



**Töfrandi ævintýramynd
fyrir alla fjölskylduna!**

Fjölskyldutilboð dagana 24. febrúar - 2. mars:
Miðinn á aðeins

400 kr.
ef greitt er með MasterCard

Dularfull barnfóstra tekur að sér að passa sjö uppátækjasöm börn einstæðs föður. Börnin eru engin lömb að leika sér við, enda hafa 17 barnfóstrur gefist upp á þeim, en sú nýja virðist ekki kippa sér mikið upp við lætin í þeim. Til 2. mars kostar miðinn aðeins 400 kr. ef greitt er með MasterCard.

Meira á www.kreditkort.is/klubbar.

SMÁRA BÍÓ **LAUGARÁS BÍÓ** **Borgarbíó**

Bíóklúbbur MasterCard
www.kreditkort.is/klubbar

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI**
550 5000

Áströlsk stórmynd í fæðingu

Áströlsk áhrif verða á nýjustu kvikmynd Baz Luhrmann en bæði Russell Crowe og Nicole Kidman hafa samþykkt að leika í henni. Þetta verður epísk stórmynd sem fjallar um árásir Japana á borgina Darwin í seinni heimstyrjöldinni en hún var sú eina í Ástralíu sem dróst af einhverri alvöru inni stríðsátök- in. Darwin er mjög söguleg borg en skiptjóri The Beagle, John Clements Wickham, nefndi höfnina eftir líffræðinginum

fræga sem hafði siglt með skipinu áður í fræðri ferð.



Luhrmann
er sagður vera
himinlifandi
með ráðningu
þessarar veggja
Óskarsverð-
launahafa en
þau áttu fyrst
að leika í kvik-
myndinni Euca-
lyptus sem var
slegið á frest
vegna handrita-
mála. „Við vild-
um fá tvo stór-
kostlega leikara
til að vera í
ótrúlegu lands-
lagi,“ sagði
Luhrmann, augljóslega innblásinn
af þjóðerniskennd. Leikstjórinn
ætlað sjálfur að skrifa handritið í
samstarfið við Stuart Beattie en
hann vill að myndin verði í sama
gæðaflokki og Arabíu-Lawrence
eftir David Lean.



NICOLE KIDMAN
Endurnýjar kynnin við leikstjóran Baz Luhrmann en saman gerðu þau Moulin Rouge! fyrir fimm árum síðan.



RUSSELL CROWE Það kom mörgum á óvart þegar Russell Crowe hreppti Óskarinn fyrir leik sinn sem Maximus í Gladiator.

FRÉTTIR AF FÓLKI



Söngkonan **Dolly Parton** er tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir besta lagið en söngkonan segir það borna von að hún muni mæta með eiginmanninn upp á arminn á hátíðina. „Ég fæ hann ekki einu sinni til að koma á McDon­ald's og fá sér Big Mac, hvað þá að mæta á Óskarsverð­launin,“ sagði Dolly um eiginmanninn Carl Dean en þau hafa verið gift í fjórtíu ár.



Lindsay Lohan bætti starfsheitinu plötu- snúður á ferilskrána eftir að hún spilaði sín uppáhaldsög í loka- partíi fyrir kvikmyndina Chapter 27 þar sem hún leikur á móti Jared Leto, Cuba Gooding Jr. og Jamie-Lynn Sigler. Lindsay spilaði meðal annars You Shook Me All Night Long með AC/DC, Ticket to Ride með Bitlunum og Just Lose it með Eminem.

Fyrrum Strand-
varðagellan
Carmen Electra
og söngkonan
Ashlee Simpson

eru meðal þeirra stjarna sem munu hanna herbergi fyrir nýjasta Hard Rock hótelið. Electra mun hanna rokkstjörnu-gyðju svitu með hjartalaga baðkari og súlu fyrir súludansara í miðju herberginu á meðan Simpson mun hanna brimbretta-rokkstjörnu svitu. Þá munu meðlimir hljómsveitarinnar The Black Eyed Peas hanna búninga starfsfólks hótelsins.





Kominn með leikheimild

Bjarni Guðjónsson er opinberlega orðinn leikmaður ÍA á ný enda kominn með leikheimild. Hann gæti því leikið með liðinu gegn Fram í deildabikarnum í dag en á heimasíðu ÍA er ekki gert ráð fyrir því að Bjarni spili gegn 1. deildarliðinu.

sport
sport@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

23 24 25 **26** 27 28 1

Sunnudagur

LEIKIR

- ☐ 19.15 **Haukar** og **Hamar/Selfoss** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta.
- ☐ 19.15 **KR** og **ÍR** mætast í Iceland Express-deild karla.
- ☐ 19.15 **Skallagrímur** og **Snæfell** mætast í Iceland Express-deild karla.
- ☐ 19.15 **Njarðvík** og **Höttur** mætast í Iceland Express-deild karla.
- ☐ 19.15 **Fjölnir** og **Grindavík** mætast í Iceland Express-deild karla.
- ☐ 19.15 **Pór** og **Keflavík** mætast í Iceland Express-deild karla.

SJÓNVARP

- ☐ 11.40 **Box** á Sýn. Fernando Vargas gegn Sugar Shane Mosley.
- ☐ 11.55 **ÓL í Tórínó** á RÚV. Fyrri samantekt gærdagsins.
- ☐ 12.25 **ÓL í Tórínó** á RÚV. Seinni samantekt gærdagsins.
- ☐ 12.55 **ÓL í Tórínó** á RÚV. Íshokki karla, úrslitaleikur.
- ☐ 13.10 **PGA-golf** á Sýn.
- ☐ 13.40 **Destination Germany** á Sýn.
- ☐ 14.10 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn.
- ☐ 14.45 **Úrslit í enska deildarbikarnum** á Sýn. Man. Utd og Wigan mætast í Cardiff.
- ☐ 15.15 **ÓL í Tórínó** á RÚV. Hátíðarsýning á Ís.
- ☐ 17.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending.
- ☐ 18.30 **ÓL í Tórínó** á RÚV. Samantekt dagsins.
- ☐ 19.55 **Golf** á Sýn. Bein útsending frá Accentura Match play.
- ☐ 22.10 **Helgarsportíð** á RÚV.
- ☐ 22.25 **Lokaathöfn ÓL** á RÚV.

60 MEÐ DAGNÝJU LINDU KRISTJÁNSDÓTTUR

SEKÚNDUR

Að keppa á Ólympíuleikum er... Mjög gaman.
Árangurinn á Ólympíuleikunum í ár er... Stórkostlegur.
Þitt mesta afrek... Árangurinn á ÓL í ár.
Þín mestu vonbrigði... Meiðslin fyrir tveimur árum.
Besta skíðakona heims í dag er... Anja Person.
Besta skíðakona allra tíma... Anja Person.
Besta skíðabrekka á Íslandi... Bláfjöll.

Það er frábært að vera í... Sans-icario.
Myndarlegasti skíðagarpurinn... Enginn sérstakur.
Af hverju skíði... Af hverju ekki?
Bold and the Beautiful eða Neighbours... Hvorugt!
Er glasið hálf tómt eða hálf fullt... Hálf tómt.
Rökk eða popp... Rökk.



> Enn lengist meiðslalistinn

Meiðslalisti FH-inga hélt áfram að lengjast á föstudagskvöldið þegar danski miðvörðurinn Tommy Nielsen meiddist í leik gegn Breiðablik. Liðbónd tognuðu líklega hjá Tommy og hann gæti því verið frá í allt að sex vikur. Tommy verður skoðaður frekar eftir helgi og þá kemur endanlega í ljós hversu alvarleg meiðslin eru. Tommy er þriðji miðvörðurinn sem meiddist hjá FH en Sverrir Garðarsson og Auðun Helgason voru fyrir á sjúkralistanum.



Góður lokaspættur Hauka

Haukastúlkur urðu bikarmeistarar í kvennaflokki í gær með því að leggja Eyjastúlkur í úrslitaleik 29-25. Haukar höfðu forystuna nær allan leiktímann.

HANDBOLTI Það er óhætt að segja að Hanna Guðrún Stefánsdóttir hafi verið lykillinn að sigri kvennaliðs Hauka gegn ÍBV í úrslitaleik bikarkeppinnar gær en hún skoraði næstum helming markaðs liðsins, fjórtán talsins. Í upphafi leiksins skiptust liðin á að skora en í stöðunni 6-6 komu þrjú Haukamörk í röð og liðið náði að komast skrefinu á undan.

Þegar gengið var til búningsherbergja í hálfleik var liðið með tveggja marka forystu, 12-10. Eyjastúlkur hefðu getað minnkað bilið í eitt á lokasekúndum fyrri hálfleiksins þegar þær fengu vítakast en það var dæmt ólöglegt.

Í seinni hálfleik átti ÍBV frábæran leikkafla og náði að jafna 20-20 og fékk síðan tækifæri á að komast yfir. Það tókst ekki og við þetta vöknudu Haukastúlkur af blundinum, komust í 25-21 og gáfu fá færi á sér. Varnarleikur ÍBV var ekki eins góður á lokakaflanum og hann var stærstan hluta leiksins. Haukar gengu á lagið og unnu sinn þriðja bikarmeistaratitil í kvennaflokki, lokatölur 29-25.

Leikurinn var annars stórskemmtilegur og bæði lið spiluðu hörkugóðan handbolta en sigur Haukastúlkna var algjörlega sanngjarn. Þær voru yfir stærstan hluta leiksins. Eftir að hafa verið



SIGURSÆLL Guðmundur Karlsson vann enn einn titilinn með Haukum í gær.



GLEÐI, GLEÐI, GLEÐI... Harpa Melsted, fyrirliði Hauka, faðmar hér Ramune Pekarskyte að sér og ánægjan leynir sér ekki í andlitu fyrirliðans.

að spila frekar illa að undanförunu sýndi liðið sitt rétta andlit í þessum leik og þá eiga fá lið eiga möguleika gegn því. Vörnin var mjög góð á lokakaflanum og sóknarleikurinn mjög beittur með Hönnu í hörkustuði.

Ramune Pekarskyte var næstmarkahæst í liði Hauka með fimm mörk en hún spilaði mjög vel, sérstaklega í síðari hálfleik. Fyrirliðinn Harpa Melsted gat lítið spilað

vegna meiðsla en setti þó eitt mark.

Aðeins fjórar úr liði ÍBV komust á blað í leiknum og óneitanlega gefur það til kynna skort á breidd. Pavla Plaminkova var markahæst í liði ÍBV með átta mörk og Ingibjörg Jónsdóttir skoraði sjö. Florentina Grecu hafði nóg að gera í markinu og varði hún alls tuttugu skot.

- egm

MÖRK LEIKSINS

SS-bikar kvenna:

HAUKAR-IBV 29-25 (12-10)

Mörk Hauka: Hanna Guðrún Stefánsdóttir 14/4, Ramune Pekarskyte 5/1, Erna Þránsdóttir 3, Inga Friða Tryggvadóttir 2, Ragnhildur Guðmundsdóttir 2, Martha Hermannsdóttir 2, Harpa Melsted 1.

Varín skot: Kristína Matuzeviciute 8, Helga Torfadóttir 2.

Mörk ÍBV: Pavla Plaminkova 8/1, Ingibjörg Jónsdóttir 7, Renata Horvath 6/3, Simona Vintila 4.

Varín skot: Florentina Grecu 20.



BETUR MÁ EF DUGA SKAL Alfreð Finnsson, þjálfari ÍBV, lét vel í sér heyra en það dugði ekki til sigurs.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Alfreð Finnsson, þjálfari ÍBV:

Þær voru betri

HANDBOLTI „Alltaf þegar við vorum að komast inn í leikinn gerðum við ódýr mistök og sigur Haukastúlkna var sanngjarn, við höfðum ekki alveg nægilega mikla trú á meðan þær börðust aðeins meira. Leikurinn var spennandi og skemmtilegur en það var svekkjandi að ná ekki að halda spennunni undir lokin,“ sagði Alfreð Finnsson, þjálfari kvennaliðs ÍBV, eftir liðið tapaði fyrir Haukum í bikarúrslitaleiknum.

„Það voru nokkur atriði sem brugðust í mínu liði. Vörnin var ekki nægilega góð að mínu mati. Við hefðum mátt fá svona þrjá til fjóra vafadoma með okkur en því miður féllu þeir Haukum í hag. Við spiluðum vel á köflum en hver kafla var bara ekki nægilega langur. Að mínu mati spiluðum við flottan handbolta og ég er stoltur af stelpunum, þær voru að leggja sig fram en Haukarnir voru bara aðeins betri,“ sagði Alfreð.

- egm

Hanna G. Stefánsdóttir og Guðmundur Karlsson:

Allt small saman

HANDBOLTI „Ég get ekki verið annað en ánægð með mína frammi-stöðu, þetta var frábært,“ sagði Hanna Guðrún Stefánsdóttir að leik loknum. Hún var klárlega besti maður vallarins og skoraði alls fjórtán mörk.

„Þetta er einn stærsti leikur ársins og það er bara ekki hægt annað en að hafa gaman af honum. Við komum fullkomlega tilbúnar í hann. Við ákváðum að spila almennilega vörn þar sem leikur liðsins hefur ekki verið nægilega góður að undanförunu. Þetta var jafn leikur og þrátt fyrir að við værum yfir stærstan hluta leiksins voru þær aldrei langt undan. Þetta small allt saman í dag,“ sagði Hanna skælbrosandi eftir leik.

Þjálfarinn Guðmundur Karlsson var einnig í skjýjunum eftir leikinn. „Það er frábært að ná að sigrá, sérstaklega í ljósi þess



ÓSTÖÐVANDI Hanna Guðrún Stefánsdóttir skoraði 14 mörk í leiknum í gær.

að ÍBV var að leika mjög vel. Þær voru mjög beittar og spiluðu eiginlega betur en ég reiknaði með. Þær eru svo sannarlega verðugur andstæðingur og ég vil þakka þeim kærlega fyrir viðureignina. Þetta var stórskemmtilegur handbolti sem boðið var upp á,“ sagði Guðmundur, ánægður með að liðinu tókst að rífa sig upp úr lægð.

- egm

MESTA ÚRVAL LANDSINS

AF GLÆSILEGUM HJÓLHÝSUM OG HÚSBÍLUM

KYNNINGARVERÐ

3.970.000

VIÐ TÖKUM VAGNINN ÞINN STRAX UPPÍ NÝJAN GÆÐI OG GÓÐ ÞJÓNUSTA!

VÍKUR

V • E • R • K

Arnar Kristín

www.vikurverk.is

TANGARHÖFÐA 1 SÍMI 557 7720



IVANO BALIC Átti góðan leik gegn Barcelona í gær.

Meistaradeildin í handbolta:
Portland lagði Barcelona

HANDBOLTI Átta liða úrslit Meistaradeildarinnar í handbolta hófust í gær með fyrri leik spænsku liðanna Portland San Antonio og Barcelona en leikið var á heimavelli fyrrnefnda liðsins.

Portland gerði sér lítið fyrir og sigraði með fjórum mörkum, 25-21, og stendur því ágætlega að vígi fyrir síðari leikinn. Króatinn Ivano Balic fór fyrir liði Portland og skoraði fimm mörk en Iker Romero var atkvæðamestur hjá Barcelona með átta mörk.

Hinir leikirnir þrír fara fram í dag og þá eru Ólafur Stefánsson og félagar í Ciudad Real í eldínunni gegn Celje Lasko.

- hbg

Enska landsliðið valið:
Wes Brown aftur í hópinn

FÓTBOLTI Svínn Sven-Göran Eriksson valdi í gærkvöldi leikmannahóp sinn sem mun mæta Úrúgvæum í vináttulandsleik á miðvikudag. Helstu tíðindin eru þau að Wes Brown, varnarmaður Manchester United, er aftur kominn í hópinn.

HÓPURINN:
Markverðir: Robinson, Green, James.
Varnarmenn: Young, Bridge, Terry, Brown, Ferdinand, King, Gary Neville, Carragher.
Miðjumenn: Lampard, Beckham, Gerrard, Joe Cole, Jenas, Phillips, Carrick, Richardson.
Sóknarmenn: Darren Bent, Rooney, Crouch, Defoe.



BJÖRGVIN BJÖRGVINSSON Stóð sig ágætlega í sviginu í gær og náði 22. sæti þótt hann hafi verið rúmum átta sekúndum á eftir fyrsta manni.

Svigið á ÓL:
Þrír luku keppni af fjórum

ÓL Íslensku keppendurnir á Ólympíuleikunum í Tórínó luku keppni í gær þegar svigkeppni karla fór fram. Fjórir Íslendingar tóku þátt í sviginu og Björgvin Björgvinsson stóð sig best en hann endaði í 22. sæti. Kristján Uni Óskarsson varð í 28. sæti og Kristinn Ingi Valsson varð í 36. sæti heilum 16,66 sekúndum á eftir Ólympíumeistarann Benjamin Raich frá Austurríki.

Sindri Már Pálsson féll úr leik í fyrri umferðinni.

- hbg

Gunnar Heiðar Þorvaldsson:
Skoraði fyrir Halmstad

FÓTBOLTI Eyjapeyinn Gunnar Heiðar Þorvaldsson er aftur kominn á ferðina með félagi sínu Halmstad en hann lék æfingaleik með liðinu gegn Trelleborg í gær.

Gunnar þótti standa sig vel og skoraði eitt mark liðsins í 3-0 sigri. Ekki er langt síðan Gunnar meiddist er hann var látinn spila á malarvelli en leikurinn í gær fór fram á grasi og Gunnar slapp því við meiðsl.

- hbg

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd., verður sáttur við tímabilið ef bikar vinnst í dag:

Það er gott að vinna einn bikar

FÓTBOLTI Síðasti úrslitaleikur deildabikarsins í Cardiff fer fram í dag þegar stórlið Manchester United mætir hinu litla og óreynda liði Wigan. Á næsta ári fer þessi leikur fram á nýjum Wembley-leikvangi. Það er af sem áður var hjá Man. Utd. þegar liðið notaði þessi keppni til að prófa unga og efnilega leikmenn. Nú leggur stjórinn allt kapp á að vinna keppnina enda er United úr leik í öllum öðrum bikarkeppnum og vonlaust um sigur í deildinni þannig að þetta er síðasti möguleiki liðsins á titli í ár.

„Ég er að segja ykkur að það er mjög gott að vinna einn bikar í dag,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd., á blaðamannafundi fyrir leikinn. „Það verður að líta á tímabil þar sem bikar vinnst sem gott tímabil því mörg stór félög munu ekki vinna neinn bikar í ár.“

Ferguson gerir sér fulla grein fyrir því að öll þjóðin, fyrir utan stuðningsmenn United, mun halda með Wigan enda í fyrsta skipti sem félagið kemst í bikarúrslit. Öll pressan er því á United og Wigan getur farið inn í leikinn án nokkurrar pressu.

„Við ætlum ekki að vera áhorfendur að þessum leik,“ sagði



FRAMKVÆMDASTJÓRINN OG FYRIRLIÐINN Sir Alex Ferguson og Gary Neville voru í gríðarlegu stuði á blaðamannafundi fyrir úrslitaleikinn í deildabikarum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

kraftaverkamaðurinn Paul Jewell, stjóri Wigan. „Við ætlum að mæta einbeittir til leiks með það markmið að sigra. Við vitum að róðurinn verður þungur en það breytir engu. Við vitum að þetta er einstakt tækifæri og það ætlum við að nýta í botn.“

Rio Ferdinand getur spilað á ný en hann missti af leiknum gegn

Liverpool og sömu sögu er að segja af John O'Shea. Jason Roberts, framherji Wigan, kemur væntanlega á ný inn í liðið en hann var að klára þriggja leikja bann. Stephane Henchoz ætti að hafa hrist af sér lítil meiðsl og spilar væntanlega.

Leikurinn hefst klukkan 15 og er í beinni útsendingu á Sýn.



GUÐJÓN VALUR Sjóðheitur með Gummersbach í gær.

Evrópukeppnin í handbolta:
Sigur hjá Gummersbach

HANDBOLTI Þýska liðið Gummersbach, sem Guðjón Valur Sigurðsson og Róbert Gunnarsson leika með, er komið með annan fótinn í undanúrslit EHF-keppninnar eftir níu marka sigur, 35-26, á spænska liðinu Bidasoa í gær. Þetta var fyrri viðureign liðanna.

Guðjón Valur skoraði átta mörk í leiknum en Róbert fimm.

- hbg

Frá kr. 2.320.000

SONATA

- ABS með EBD

- 4 þrepa sjálfskipting

- 6 líknabelgir

- Hiti í sætum

- 16" álfelgur

- Afstillanlegur öryggispúði í farþegasæti

- Verðlaunabíll í sínum flokki

HYUNDAI
Official Partner

Með bílinn handa þér

HYUNDAI

hefur gæðin

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

SUNNUDAGSVIÐTALIÐ:**VIKTOR ÞÓR JENSEN**

VINSÆLL Viktor sést hér gefa aðdáendum eiginhandaráritanir.



ÞAÐ ER ALLT Í GÓÐU Viktor lyftir hér þumli til marks um að allt sé í lagi.



Á TOPPNUM Ökumaðurinn ungi er hér brosmildur á efsta þrepi verðlaunapallsins.



EINBEITTUR Einn efnilegasti ökumaður Evrópu í dag sést hér einbeittur undir stýri.



Á KAFI Í KAMPAVINI Viktor fær hér vænt kampavinsbað eftir sigur á mót í síðasta keppnistímabili.



STEFNI Á FORMÚLU 1 EFTIR FJÖGUR ÁR

Akstursíþróttamaðurinn Viktor Þór Jensen er á hraðri leið upp stjörnuhimininn í akstursíþróttahiminum. Þrátt fyrir ungan aldur hefur þessi strákur vakið geysilega athygli enda talinn einn sá efnilegasti í bransanum í dag. **Henry Birgir Gunnarsson** ræddi við Viktor Þór en þessi átján ára strákur er geysilega metnaðarfullur og ætlar sér að keppa gegn þeim allra bestu í heiminum eftir nokkur ár.

Viktor Þór, sem heitir fullu nafni Viktor Þór William Jensen, er ekki mjög þekktur á Íslandi og það þarf ekki að koma á óvart í ljósi þess að hann hefur aldrei búið á Íslandi. Faðir hans, David Jensen, er kanadískur en móðir hans, Guðrún Ágústa Þórarinsdóttir, er íslensk.

Guðrún og David felldu hugi saman fyrir rúmum þrjátíu árum og hafa búið saman í Englandi nánast frá því þau kynntust. Viktor Þór, átján ára, er yngsta barn þeirra en elst er dóttirin Annalísa, 28 ára, og miðbarnið heitir Alexander og er 25 ára.

Systkinin þrjú tala íslensku þó fá tækifæri gefist til að beita hinu ástkæra ylhýra á síðari tímum þar sem ferðunum til Íslands hefur fækkað eftir að foreldrar Guðrúnar létust. Systkinin tala íslensku við móðir sína, sem og sín á milli á stundum.

Þó að börn Guðrúnar og Davids séu að flestu leyti ensk eru þau stolt af sínum íslenska uppruna og Viktor Þór, sem keyrir stoltur undir fána Íslands, lagði ríka áherslu á að tala við blaðamann Fréttablaðsins á íslensku. Först

honum það afar vel úr hendi.

„Ég fór til Íslands í allt að þrjá mánuði í senn þegar ég var lítill og það var alltaf mjög skemmtilegt. Þá æfði ég mig að tala íslensku og svo var fjölskyldan líka með íslenska „au þeir“ þegar ég var lítill og allt þetta hjálpaði til við að læra tungumálið almennilega,“ sagði Viktor, sem saknar þess að fara ekki jafn oft til Íslands og hann gerði áður. Hann vonast þó til að komast í sumar.

Byrjaði snemma að keyra

„Ég byrjaði að keyra ellefu ára gamall. Pabbi ýtti svolítið á eftir mér að fara að keppa og ég lét undan, enda fannst mér mjög gaman að keyra. Svo var pabbi með lið í Formúla 3000 og ég fékk oft að fylgjast með, sem og á Formúlu 1-keppnum. Ég varð strax ástfanginn af akstursíþróttum og fór að keppa mjög fljótlega. Eftir það varð ekki aftur snúið,“ sagði Viktor og hló.

Hann vill ekki meina að aksturshæfileikar hans hafi strax komið í ljós en hann fann samt strax sjálfur að það lá vel fyrir honum að keyra.

Viktor keppir í Formúla Palmer Audi-mótaröðinni og hefur gert síðustu tvö ár. Hann er yngsti keppandinn á mótaröðinni en þrátt fyrir það hefur hann unnið nokkur mót og varð þriðji í heildarstiga-keppninni á síðasta tímabili. Viktor mun taka þátt í mótaröðinni eitt ár í viðbót og svo mun hann skoða aðra möguleika.

Dýrt að taka þátt

„Ég stefni á að vinna heildarstiga-keppnina á næsta tímabili,“ sagði Viktor en allir þáttakendur þurfa að greiða rúmar sjö milljónir króna úr eigin vasa til þess að taka þátt. Viktor er vel styrktur, þar á meðal af Icelandair sem er einn aðalbakhtar íslenska ökomannsins. Inni í þessum sjö milljónum er keppnisbílinn en allir keppa á eins bílum með sömu vél þannig að hæfileikar hvers ökomanns

fara í háskóla eða einbeita sér algjörlega að kappakstri, en eins og áður segir stefnir hugurinn í Formúlu 1. Fyrirmyndirnar hans þar eru nokkrar en sá sem hann lítur helst upp til er Kimi Räikkönen. Fernando Alonso og Michael Schumacher eru einnig ökomenn sem Viktor lítur upp til. Á árum áður leit Viktor mikið upp til breska ökuþórsins Nigel Mansell og var svo heppinn að kynnst honum og keyra með honum.

Stýrði fyrir Mansell

„Ég var í Kanada með pabba og við fórum á kappakstur í Vancouver þar sem Mansell var að keppa. Við fengum að hitta hann í keppninni og ég fékk að sitja í fanginu á honum og stýra. Það var mjög skemmtilegt,“ sagði Viktor og hló að þessari skemmtilegu æskuminningu.

„Mig langar að taka þátt í Formúla 1. Það er draumurinn. Ég tel mig hafa það sem til þarf að komast þangað og ég stefni að því að komast að hjá Formúlu 1-liði eftir fjögur ár. Ef allt gengur upp hjá mér er það raunhæft markmið.“

skipta höfuðmáli, ólíkt því sem gerist í Formúlu 1.

„Ég hef verið heppinn með styrktaraðila og hef náð upp í allan kostnað en það er ekkert verðlaunafé á þessari mótaröð enda tilöxlulega ódýrt að taka þátt,“ sagði Viktor, sem á sér stóra drauma og er alls óhræddur við að deila þeim með hverjum sem er.

Dreymir um Formúlu 1

„Mig langar að taka þátt í Formúlu 1. Það er draumurinn. Ég tel mig hafa það sem þarf til að komast þangað og ég stefni að því að komast að hjá Formúlu 1-liði eftir fjögur ár. Ef allt gengur upp hjá mér er það raunhæft markmið að stefna að Formúlu 1 eftir þennan tíma en auðvitað þarf ég líka að vera heppinn. Næst er að komast í „cart-keppnirnar“ í Bandaríkjunum, sem er Formúla 1 hjá Bandaríkjamönnum. Það væri mjög spennandi að keppa þar. Það kemur líka vel til greina að fara í Formúlu 3 eða A1 Grand Prix,“ sagði Viktor en A1-keppnin er á milli landa og Viktor segist vera meira en til í að keppa undir fána Íslands í þeirri keppni.

Viktor er að klára síðasta árið í skólanum sínum og er að íhuga hvort hann eigi að halda áfram og

Viktor hefur sloppið ótrúlega vel við meiðsli á stuttum ferli en hann keyrði einu sinni beint á vegg á um 200 kílómetra hraða. Hann stóð upp úr bílnum eftir meiðslin, öllum sem voru á staðnum til mikils léttis. Slysíð varð ekki til þess að draga kjarkinn úr Viktori, sem segist aldrei vera hræddur undir stýri þótt hann keyri á ógnarhraða.

„Ég fer bara í einhvern ham þegar ég er sestur undir stýri og hræðsla er nokkuð sem ég er alveg laus við. Annars væri ég eflaust að gera eitthvað annað,“ sagði Viktor og hló dátt. Þótt Viktor sé alinn upp í Englandi lítur hann á sjálfan sig sem Íslending og er stoltur af uppruna sínum.

Stoltur Íslendingur

„Ég tel mig vera Íslending. Ég keyri fyrir hönd Íslands og mér finnst það æðislegt. Ég er stoltur af því að vera Íslendingur. Ég vann fjögur mót í fyrra og þegar ég stóð efst á pallinum og heyrði íslenska þjóðsönginn var ég mjög stoltur. Mamma mín var ekki síður stolt,“ sagði þessi viðkunnalegi og stórefnilegi íslenski akstursíþróttamaður sem á vafalítið eftir að slá rækilega í gegn á heimsvísu áður en langt um líður. ■



Á FLEYGIFERÐ Bíllinn sem Viktor Þór keppir á er 300 hestöfl og Viktor kemst vel yfir 200 km/h á bílnum og er ekki lengi að ná slíkum hraða. Hann hefur aðeins einu sinni lent í slæmum árekstri en komst sem betur fer óskaddaður frá því.

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin:

BIRMINGHAM-SUNDERLAND	1-0
1-0 Emile Heskey (39.).	
BLACKBURN-ARSENAL	1-0
1-0 Morten Gamst Pedersen (18.).	
CHELSEA-PORTSMOUTH	2-0
1-0 Frank Lampard (65.), 2-0 Arjen Robben (78.).	
NEWCASTLE-EVERTON	2-0
1-0 Nolberto Solano (67.), 2-0 Nolberto Solano (76.).	
CHARLTON-ASTON VILLA	0-0

STADAN:

CHELSEA	27	22	3	2	54-16	69
MAN. UTD.	26	16	6	6	52-27	54
LIVERPOOL	26	15	6	5	32-17	51
TOTTENHAM	27	12	10	5	37-24	46
BLACKBURN	27	13	4	10	34-31	43
ARSENAL	27	12	5	10	39-22	41
WEST HAM	26	12	5	9	39-34	41
WIGAN	27	12	4	11	32-34	40
BOLTON	24	10	9	5	30-23	39
MAN. CITY	26	11	4	11	36-30	37
NEWCASTLE	27	10	6	11	26-29	36
EVERTON	27	11	3	13	19-34	36
CHARLTON	27	10	5	12	32-37	35
FULHAM	26	9	5	12	36-37	32
ASTON VILLA	27	7	10	10	32-35	31
MIDDLESBR.	25	7	7	11	33-44	28
WBA	26	7	5	14	24-38	26
BIRMINGH.	26	6	5	15	22-37	23
PORTSM.	27	4	6	17	18-47	18
SUNDERL.	27	2	4	21	18-49	10

Enska 1. deildin:

LEEDS-LUTON	2-1
Gylfi Einarsson sat á varamannabekk Leeds allan leikinn.	
IPSWICH-LEICESTER	2-0
Jóhannes Karl Guðjónsson lék allan leikinn fyrir Leicester.	
READING-PRESTON	2-1
Ivar Ingimarsson var í byrjunarliði Reading og Brynjar Björn Gunnarsson kom af bekknum á 62. mínútu.	
STOKE-MILLWALL	2-1
Hannes Þorsteinn Sigurðsson var í byrjunarliði Stoke City.	



BJARNI ÞÓR VIÐARSSON Í fyrsta skipti í leikmannahópi Everton í gær.

Leikur Newcastle og Everton:

Bjarni Þór í hópi Everton

FÓTBOLTI Unglingalandsliðsmaðurinn Bjarni Þór Viðarsson var í leikmannahópi Everton í fyrsta skipti í gær þegar liðið mætti Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.

Bjarni, sem aðeins er 17 ára gamall, kom ekkert við sögu í leiknum, sem Newcastle vann 2-0 með mörkum Perúmannsins Nolberto Solano.

- hbg



RIO FERDINAND Hefur verið að leika á miðjunni fyrir Manchester United og gæti fengið tækifæri þar með enska landsliðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Lampard sökkti Harry frænda

Harry Redknapp, stjóri Portsmouth, sagðist enn tala við Frank Lampard, frænda sinn og leikmann Chelsea, þótt sá síðarnefndi sæi til þess að Portsmouth væri skrefi nær falli eftir leiki gærdagsins. Arsenal náði ekki að fylgja eftir góðum árangri í Meistaradeildinni í vikunni og tapaði fyrir Blackburn.

FÓTBOLTI Chelsea komst aftur á beinu brautina í gær þegar liðið mætti Portsmouth á Stamford Bridge. Chelsea vann leikinn, 2-0, og er nú með 15 stiga forskot í ensku úrvalsdeilinni. Það var Frank Lampard sem braut ísinn í leiknum en hann er náfrændi stjóra Portsmouth, Harry Redknapp.

„Þetta kom engum á óvart. Frank er alltaf líklegur til að skora. Fram að markinu fannst mér við ekki vera undir neinni pressu en svona er Frank. Hann fær eitt tækifæri og nýtir það,“ sagði Redknapp miður sín en hann segist ekki vera hættur að tala við frænda sinn. „Ég hitti hann ekki eftir leikinn en ég mun halda áfram að tala við hann enda elska ég drenginn. Hann er ekki bara



SLAKUR Thierry Henry var fjarrí sínu besta í gær og var að vonum súr í leikslok.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



SIGURMARKIÐ Hollendingurinn Arjen Robben fagnar hér síðara marki Chelsea gegn Portsmouth í gær. Markvörður Pompey er ekki eins sáttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

frábær leikmaður heldur er hann einnig frábær persóna. Hann er fyrirmynd eins og þær gerast bestar og ungt fólk í þessu landi ætti að taka hann sér til fyrirmyndar.“

Áður en Arjen Robben skoraði seinna mark leiksins fékk Portsmouth ágætt tækifæri til að jafna en nýtti það ekki. Portsmouth er nú fimm stigum frá því að bjarga sér frá falli en Redknapp er þrátt fyrir það bjartsýnn á að félagið bjargi sér.

Jose Mourinho, stjóri Chelsea,

neitaði að ræða við blaðamenn eftir leikinn og í hans stað kom Steve Clarke aðstoðarþjálfari á blaðamannafund. Clarke sagði að varamennirnir Eiður Smári, Damien Duff og Claude Makelele hefðu gert gæfumuninn í leiknum.

„Við tókum áhættu en sem betur fer eru þessir strákar í slíkum gæðaflokki að þeir kláruðu dæmið fyrir okkur,“ sagði Clarke.

Það var klassi yfir Arsenal-liðinu sem lagði Real Madrid á Santiago Bernabeau í vikunni en þessi klassi var á bak og burt gegn

Blackburn í gær enda tapaði Arsenal, 1-0. Arsene Wenger, stjóri Arsenal, sagði að sínir menn hefðu ekki verið búnir að jafna sig eftir leikinn á Spáni.

„Við vorum óheppnir að tapa þessum leik. Það vantaði aðeins upp á einbeitinguna en ég get ekki kvartað því strákarnir gáfu allt sem þeir áttu fram á síðustu mínútu. Því miður verða stundum svona slys eftir stórleiki,“ sagði Wenger, sem verður sjaldan orða vant.

henry@frettabladid.is

EINAR LOGI VIGNISSON: SKRIFAR UM BOLTANN Á ÍTALÍU OG SPÁNI

Af fótbroti og fasisma fyrirliðanna í Róm



Borgarslag Rómarliðanna í kvöld er beðið með nokkurri eftirvæntingu enda alllangt síðan liðin hafa verið í jafn góðum málum og þessar vikurnar. Leikir þessara liða eru alla jafna viðburðaríkir, vantar sjaldnast mörkin og alltaf má treysta á einhverjar ryskingar og læti til að skapa fyrisagnir í blöðunum. AS Roma jafnaði um síðustu helgi metið í Serie A með tíunda sigri sínum í röð og með sigri í kvöld yrði metið slegið. Sigurinn gegn Empoli var liðinu dýrkeyptur því fyrirliðinn Francesco Totti fótbrotnaði og verður frá í tvo mánuði. Fyrirliðar Rómarliðanna, Totti og Paolo Di Canio, hafa verið mikið í fréttum í vikunni og hafa séð pressunni fyrir skemmtilegheitum enda hvorugur seint talinn orðvar. Þeir eru það sem Ítalir kalla „bandiera“, tákngevingar félaga sinna, enda uppdalir hjá liðunum og harðir stuðningsmenn. Totti hefur aldrei leikið með öðru félagi og Di Canio kom heim til að klára ferilinn eftir langa útleigð í Bretlandi og hefur

sýnt stuðning sinn og hollustu við Lazio með öfgafullum hætti.

Helfararfundur

Borgarstjórinn í Róm, Walter Veltroni, bauð Di Canio og félögum hans í Lazio til fundar fyrir nokkrum dögum þar sem eftirlifendur helfarar nasista sögðu frá reynslu sinni. Átti fundurinn að opna augu Di Canio, sem hefur heilsað addáendum að fasistasíð ítrekað og hlotið miklar ákúrir fyrir. Di Canio sat vissulega og hlustaði og virtist nokkuð snortinn yfir hrikalegum lýsingunum. Hvort það dugir til að hann láti af fasistadaðri sínu skal ósagt látið en þó má telja að hegðun hans verði ekki látin viðgangast mikið lengur og ein uppákoma í viðbót gæti rekið síðasta

naglann í kistuna hjá honum og lokið ferli hans.

Þrátt fyrir rígin milli félaganna er samband fyrirliðanna gott. „Nei, Cassano hefur ekki hringt í mig en Di Canio hafði samband og óskaði mér góðs bata. Hann sagðist mundu sakna þess að fá ekki að kljást við mig,“ sagði Totti í vikunni. Mikill vin-skapur var milli Totti og Cassano og var fyrirliðinn ósáttur með að ungmennið óstýriláta skyldi selt til Real Madrid. Salan á Cassano hélst hins vegar í hendur við upphafið á sigur-göngu Rómverja og flestum ber saman um að Roma sé mun heilsteyptara lið án Cassano. Deilur hans við félagið hafi valdið óróa og hann hafi verið óþarflega fyrirferðarmikill á velli, sem hafi truflað flæðið í leik liðsins. Cassano hefur ekki gert neinar rósir hjá Real Madrid, mætti til

leiks sjö kló-um of þungur að mati þjálfara liðsins og var gert ljóst að hannþyrfti að taka sig verulega á ætti hann að eiga möguleika á sæti í byrjunarliðinu.

Ómissandi fyrir Ítali

Formleysi Cassanos og meiðsli Tottis eru mikið áhyggjuefni fyrir landsliðsþjálfarann Marcello Lippi enda HM í uppsiglingu og þeim félögum ætlað lykilhlutverk í leik ítalska liðsins. Totti er eini leikmaðurinn sem

Lippi segir að sé ómissandi fyrir liðið. Lippi segir Totti hafa tekið út gríðarlegan þroska bæði sem leikmann og karakter en Totti hefur runnið á rassinn tvö stórmót í röð og hegðað sér heimskulega eins og hrákur hans í andlit Danans Christian Poulsen eru frægasta dæmið um. Lippi heim-sótti Totti á spítalann og sagðist bjartsýnn á að fyrirliðinn yrði til í slaginn á HM. Meira að segja Fabio Capello sendi kveður en hann eldaði grátt silfur við Totti meðan hann stýrði Roma. „Totti er einfaldlega langbesti leikmaður okkar og það verður ekki bara mikill skaði fyrir Ítalíu heldur heimsfótboltann ef hann getur ekki leikið með á HM“ sagði Capello.





STUART PEARCE Það verður seint sagt að hann bindi bagga sína sömu hnútum og samferðamennirnir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Stuart Pearce:

Starfar án samnings

FÓTBOLTI Stuart Pearce, stjóri Manchester City, greindi frá því í gær að hann væri ekki með neinn samning við félagið. Hann vinnur samkvæmt heiðursmannasamkomu-lagi við félagið og fyrir vikið myndi hann ekki hljóta neinar skaðabætur ef félagið losaði sig við hann. Að sama skapi getur hann farið óáreittur frá félaginu kjósi hann svo.

„Pappírar skipta ekki miklu máli fyrir mig. Að taka í hendina og stjórnarformanninum og horfa í augun á honum er það eina sem ég þarf. Svo er ég ekkert sérstaklega æstur í nýjan samning þar sem ég er að fá nógu mikið borgað hvort eð er.“ sagði Pearce en hann upplýsti í leiðinni að samningurinn væri til en hefði bara ekki verið undirritaður.

Pearce er einn þeirra sem hafa verið nefndir sem eftirmaður Svens-Görans Erikssons með enska landsliðið og það ættu að vera hæg heimatökin miðað við stöðuna á honum. - hbg



STUÐNINGSMENN CHELSEA Voru reiðir við Terje Hauge. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Chelsea:

Mun refsa þeim sem hótuðu

FÓTBOLTI Chelsea gaf það út í gær að félagið myndi gera allt sem það gæti til að hafa uppi á þeim sem hótuðu norska dómamanum Terje Hauge lífláti á opinberri vefsíðu félagsins eftir leik þess gegn Barcelona.

Spjallsíðan á heimasíðu Chelsea var fljót að fyllast að af miður skemmtilegum skilaboðum til Hauge og Chelsea mun reyna að rekja hverjir stóðu að baki skilaboðunum. Ef sökudólgarnir finnast munu þeir væntanlega fara í ævilangt bann frá heimavelli félagsins. Hótanir til Hauge bærust einnig á norskum stuðningsmannasíðum félagsins. - hbg

Langþráður bikar í Garðabæ

Stjarnan varð bikarmeistari í karlaflokki með því að leggja Hauka 24-20 í skemmtilegum úrslitaleik. Frábær seinni hálfleikur tryggði liðinu bikarinn.

HANDBOLTI Mikil gleði ríkir í Garðabænum eftir að Stjarnan tryggði sér bikarmeistaratitilinn í handbolta í gær en síðast hampaði liðið þessum titli árið 1989 og því er sautján ára bið loks lokið. Liðið spilaði frábærlega í seinni hálfleik og mótherjarnir í Haukum áttu engin svör við stórleik Garðabæinga. Roland Valur Eradze var magnaður í markinu og varði alls 28 skot.

Mikið jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleiknum en Haukar voru aðeins betri og höfðu þriggja marka forskot, 11-9, í hálfleik. Stjarnan náði fljótlega að jafna í seinni hálfleiknum og síðan datt skyndilega allur botn úr leik Hauka. Sónarleikur liðsins var ekki góður í leiknum en seinasta hluta leiksins má segja að hann hafi verið algjörlega hrikalegur. Enginn virtist þora að taka af skarið og Stjörnumenn gengu á lagið. Stemningin var þeirra megin og eftir að hafa náð að breyta stöðunni úr 15-16 yfir í 19-16 sér í hag hleyptu þeir Hafnarfjarðarliðinu ekki nálægt sér og unnu á endanum 24-20.

Roland var besti maður vallarins en þegar hann kemst í gírinn er hann hreint ótrúlegur. Hann var gríðarlega stöðugur frá upphafi til enda leiksins og varði eins og berskur í markinu. Tite Kalandadze var frekar rólegur í fyrri hálfleik en Haukarnir réðu lítið við hann í þeim síðari og skoraði hann alls sjö mörk og var markahæstur. David Kekelia kom næstur með fimm mörk og þá spiluðu þeir Patriekur Jóhannesson og Arnar Theodorsson mjög vel.

Eins og áður sagði var sóknar-



EKKERT GEFID EFTIR Tite Kalandadze átti finan leik fyrir Stjönuna í gær. Kári Kristjánsson tekur hér fast á honum en þeir léku báðir með IBV síðasta vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

leikur Hauka ekki upp á marga fiska en þar skoruðu Arnar Pétursson, Andri Stefan, Freyr Brynjarsson og Jón Karl Björnsson allir þrjú mörk og voru markahæstir í liðinu. Það segir kannski meira en mörg orð. Lítið var hægt að kvarta

undan vörn liðsins en sóknin var hugmyndasauð svo ekki sé annað sagt.

Stjörnumenn eru vel að þessum sigri komnir. Þeir voru mun betri í seinni hálfleiknum, voru gríðarlega vel studdir af áhorfendum sínum og það leyndi sér ekki í andlitum leikmanna eftir leikinn að þetta var langþráður bikar sem þeir fengu í hendurnar. Þegar upp var staðið var hungrið hjá þeim einfaldlega meira. - egm



ÓTRÚLEG STEMNING Stjarnan hafði betur bæði í stúkunnni og inni á vellinum en stemningin var ótrúleg nánast allan leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



SIGURREIFUR Patriekur Jóhannesson fagnaði innilega eftir leikinn í gær með fólkinu sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



MAÐUR LEIKSINS Markvörðurinn Roland Valur Eradze fór á kostum og varði hátt í þrjátíu skot í leiknum. Hann sést hér með bikarinn eftirsóttá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sigurður Bjarnason segir áætlanir Stjörunnar hafa gengið upp í seinni hálfleik:

Sigurinn vís með Roland í ham

HANDBOLTI „Roland átti rosalega góðan dag og þegar hann er í þessum ham með þessa vörn fyrir framan sig er sigurinn vís. Sem betur fer hélt hann út allan leiktímann, hann er búinn að vera í sjúkrahjálfun síðustu tvær vikur til að geta spilað þennan leik,“ sagði Sigurður Bjarnason, þjálfari Stjörunnar, eftir sætan sigur á Haukum í gær.

„Við vorum undir í hálfleik en fórum þá yfir það sem við lögðum upp með. Fyrir leikinn lögðum við upp með að loka á skyttarnar hjá þeim og þá sérstaklega hægri vænginn. Það er Halldór Ingólfsson sem sér um að gera hlutina hjá þeim og við ákváðum að taka hann úr leiknum og það tókst. Við læstum vörninni og náðum markmiðum okkar. Ég held að það hafi líka haft mikið að segja að við erum að skipta mönnum mun örur en Hauk-



HVAR HAFNA PEIR VERID? Stjarnan hefur ekki verið þekkt fyrir fjölda stuðningsmanna. Blái herinn í Höllinni í gær vakti óneitanlega athygli og ekki laust við að fólk spyrdi sig hvar þetta fólk hafi verið en það stóð sig frábærlega í stúkunnni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ar. Þeir eru að hanga á nánast sama liðinu allan tímann á meðan við dreifum þessu meira.“

Sigurður sagði að ekki mætti gleyma þætti stuðningsmannana. „Þeir eru þeir bestu á landinu í dag. Þeir hafa verið með okkur frá núlli og eru núna að fá það borgað.“

Páll Ólafsson, þjálfari Hauka, var ekki í vafa um það sem miður fór hjá hans mönnum. „Það sem fór úrskeiðis hjá okkur var tvímælalaust sóknarleikurinn. Við spiluðum vörnina alveg eins og við lögðum upp með, fengum á okkur 24 mörk en það segir sig sjálft að það er alveg skelfilegt að skora bara tuttugu. Við erum fyrst og fremst að tapa leiknum á sóknarleiknum í seinni hálfleik. Roland varði mikið og þá fóru menn að verða hræddir og hættu að horfa á markið.“ - egm

MÖRK LEIKSINS

SS-bikar karla:

STJARNAN-HAUKAR 24-20 (9-11)

Mörk Stjörnumnar: Tite Kalandadze 7/2, David Kekelia 5, Patriekur Jóhannesson 4, Arnar Theodorsson 4, Björn Friðriksson 3, Björn Óli Guðmundsson 1.

Varin skot: Roland Valur Eradze 28/1.

Mörk Hauka: Andri Stefan 3, Freyr Brynjarsson 3, Jón Karl Björnsson 3/3, Arnar Pétursson 3, Halldór Ingólfsson 2, Samúel Ívar Árnason 2, Kári Kristjánsson 2, Guðmundur Pedersen 1, Árni Þór Sigtryggsson 1.

Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 14.



SETUR SIGURKOSS Patriekur Jóhannesson kyssir hér bikarinn í Höllinni.

Patriekur Jóhannesson:

Ómetanlegur stuðningur

HANDBOLTI Það efast enginn um að Patriekur Jóhannesson hefur verið mikill hvalreki á fjörur Stjörnumanna. Hann átti góðan leik í bikarúrslitunum gær, skoraði fjögur mörk og var sterkur að vanda í vörninni. „Þetta var allt frábært, frábær leikur, frábært lið og frábært fólk í Garðabæ. Maður sá það strax fyrir leikinn að við höfðum unnið sigur á áhorfendapöllumunum og það hafði mjög jákvæð áhrif,“ sagði Patriekur kátur.

„Það var stórkostlegt að fá svona marga til að koma að styðja okkur og það hafði mikið að segja. Það var síðan bara undir okkur komið að standa okkur, við spiluðum frábæra vörn eins og allir sáu. Það sem gerði algjörlega gæfumuninn var Roland í markinu og vörnin sem var fyrir framan hann á lokakaflanum,“ sagði Patriekur kampakátur eftir leikinn. - egm

Stórleikur í Grafarvogi:

Fjölnir – Grindavík

í kvöld kl. 19:15

Grafarvogsbúar og aðrir Fjölnismenn!

Mætum öll í Íþróttamiðstöðina við Dalhús og hvetjum okkar menn til sigurs. Við þurfum ykkar stuðning!

Kynningarafsláttur Húsgagnahöllinni



Sæktu um lykil á
www.atlantsolia.is

Í dag er veittur kynningarafsláttur við Húsgagnahöllina.
Veittur er 2 kr. afsláttur af hverjum lítra. Þeir sem hafa
Dæluylkil fá svo 1 kr. í afslátt til viðbótar: samtals 3
krónur.

Nýttu þér kynningarafsláttinn og fylltu á tankinn hjá
Atlantsolíu, Húsgagnahöllinni.

- Ávallt ódýr -

Ekkert PIN meiri hraði.

ATLANTSOLIA

Atlantsolía - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„You’re a very attractive man, Ken. You’re... smart, you’ve got wonderful bones, and you dress really interestingly.“

Svar:
Otto úr kvikmyndinni A Fish Called Wanda árið 1988.

dagskrá



Í TÆKINU DAVID SCHWIMMER LEIKUR Í FRIENDS Á SIRKUS KL. 19.35

Var með Natalie Imbruglia



David Schwimmer fæddist í New York árið 1966. Hann ólst upp í Los Angeles og kynntist leiklist fyrst á námskeiði í menntaskóla. Kennarinn hvatti David til að sækja sumarnám-skeið í leiklist í Northwestern-háskól-anum í Chicago sem hann og gerði. Eftir útskrift úr menntaskóla sneri David aftur í Northwestern og lauk þaðan BS-gráðu í ræðumennsku og leiklist árið 1988. Í framhaldinu stofnaði David ásamt sjö samstúd-entum leikfélagið Looking Glass. Með leikfélaginu lék David meðal annars í Ódyseifi, Meistararum og

Margarítu, West og In the Eye of the Beholder. Jafnframt leikstýrði hann The Jungle og hlaut ýmis verðlaun fyrir. Árið 1993 kom David fyrst fram í sjónvarpi. Það var í gamanþát- unum Monty en í framhaldinu lék hann í nokkrum öðrum þátta- röðum. Árið 1994 bauðst David hlutverk í sjónvarpsþáttunum Friends sem hann lék í næstu tíu árin. David var í sambandi með leik- og söngkonunni Natalie Imbruglia.

Þrjár bestu myndir Davids:

Duane Hopwood – 2005 Picking Up the Pieces – 2000 Apt Pupil – 1998



▶ 21.10

Spenna

Í VARDHALDI

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar **8.03** Skordýr í Sól- arlaut **8.32** Hopp og hí Sessamí **9.01** Stjáni **9.24** Sígildar teiknimyndir (24:42) **9.32** Liló og Stitch **9.45** Orkuboltinn (7:8) **10.00** Matti morgunn (24:26) **10.15** Latibær **10.50** Spaug- stofan **11.20** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **11.55** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó

12.25 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **12.55** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **15.15** Vetrar- ólympíuleikarnir í Tórínó **17.50** Táknmálsfrétt- ir **18.00** Stundin okkar

18.30 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **19.00** Fréttir, íþróttir og veður **19.35** Kastljós **20.10** **Africa United** Heimildamynd um Zico Zakaria frá Marokkó og knattspyrnulið hans, Africa United, sem er eina liðið á Íslandi sem eingöngu er skipað er- lendum leikmönnum.

▶ **21.10** Í varðhaldi (4:4) (Háktet) Sænskur myndaflokkur um gæsluvarðhalds- fanga og fangaverði. Bannað börnum.

22.10 Helgarsportíð **22.25** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó Lokaat- höfn leikanna.

1.55 Kastljós **2.25** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Reversal of Fortune **8.00** Innocence **10.00** A Rumor of Angels **12.00** A Shot at Glory **14.00** Reversal of Fortune **16.00** Inno- cence **18.00** A Rumor of Angels **20.00** A Shot at Glory (Stefnt á toppinn) **22.00** Kiss of Death (Feigðarkossinn) Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Firestorm (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Dinner Rush (Strang- lega bönnuð börnum) **4.00** Kiss of Death (Stranglega bönnuð börnum)



▶ 21.20

Spenna

TWENTY FOUR

2

7.00 Pingu **7.10** Myrkfælnu draugarnir **7.25** Töfravagninn **7.50** Addi Paddi **7.55** Oobi **8.05** Véla Villi **8.15** **8.40** **8.50** Kalli og Lóla **9.05** Nornafélagið **9.30** Ginger segir frá **9.55** Hjólagengið **10.20** Sabrina **10.45** Hesta- klúbburinn **11.10** Tvíburasysturnar **11.35** Home Improvement 4 **12.00** Hádegisfréttir

12.25 Silfur Egils **14.00** Neighbours **14.20** Neighbours **14.40** Neighbours **15.00** Neigh- bours **15.20** Neighbours **15.45** Það var lagið **16.50** You Are What You Eat (17:17) **17.15** Absolutely Fabulous (3:8) **17.45** Martha

18.30 Fréttir, íþróttir og veður **19.15** Kompás Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. **20.05** Sjálfstætt fólk **20.35** The Closer (12:13) (Málalok)(Fatal Retraction) Geðtruflaður morðingi er látinn laus fyrir mistök og beinir brátt sjónum sínum að Brendu sem fer með rannsókn málsins. Bönnuð börn- um.

▶ **21.20** Twenty Four (5:24) (24) Stranglega bönnuð börnum.

22.05 Rome (6:12) (Rómarmveldi)(Egeria) Peg- ar Sesar kemst að því að Pompeius ber hann ofurlíði leitar hann á náðir Markúsar Antóníusar, sem hann hafði komið til valda. En Markús nýtur þess að hafa öll tromp á hendi og veltir fyr- ir sér gagntilboði frá Pompeiusi. Stranglega bönnuð börnum.

23.00 Idol – Stjörnuleit **0.30** Idol – Stjörnu- leit **0.55** Reversal of Fortune **2.45** Sand **4.10** The Foreigner (Stranglega bönnuð börnum) **5.45** Fréttir Stöðvar 2 **6.30** Tónlistarmynd- bönd frá Popp TÍVÍ

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



▶ 20.00

Gaman

AMERICAN DAD

SIRKUS

16.50 Fashion Television (15:34) (e) **17.15** Summerland (12:13) **18.00** Idol extra 2005/2006 (e)

18.30 Fréttir NFS **19.10** Friends (5:24) **19.35** Friends (6:24) (Vinir 7) ▶ **20.00** American Dad (13:13) (e) **20.30** The War at Home (7:22) (e) (Cheers) Frábærir gamanþættir um foreldrana Dave og Vicky sem á hverjum degi takast á við það vandasama hlutverk að ala upp unglingana sína sem eru allt annað en auðveldir í umgengni.

21.00 My Name is Earl (7:24) (e) (Stole Beer From a Golfer) Earl er smáglæpamað- ur sem dettur óvænt í lukkupottinn og vinnur fyrsta vinninginn í lottóinu og er staðráðinn í að bæta fyrir allt það slæma sem hann hefur gert.

21.30 Invasion (7:22) (e) (Fish Story)Smábær í Flórída lendir í heiftarlegum fellibyl sem leggur bæinn í rúst.

22.15 American Idol 5 (11:41) **23.45** Reunion (6:13) (e) **0.30** X-Files (2:49)

(e) **1.15** Smallville (11:22) (e)

E! ENTERTAINMENT

13.00 The E! True Hollywood Story **15.00** Behind the Scenes **15.30** Behind the Scenes **16.00** The E! True Hollywood Story **17.00** The E! True Hollywood Story **18.00** 25 Notorious Fashion Week Moments **19.00** Celebrity Soup **19.30** Supermodels Gone Bad **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** Rich Kids: Cattle Drive **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Celebrity Soup **23.30** Wild On Tara **0.00** Party @ the Palms **0.30** Wild On Tara **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** 101 Sensational Crimes of Fashion!



▶ 21.50

Drama

THRESHOLD

SKJÁREINN

11.15 Fasteignasjónvarpið (e) **12.00** Cheers – öll vikan (e)

14.00 Family Affair (e) **14.30** How Clean is Your House (e) **15.00** Heil og sæl (e) **15.30** The Drew Carey Show (e) **16.00** Queer Eye for the Straight Guy (e) **17.00** Innlit / útlit (e) **18.00** Close to Home (e)

19.00 Top Gear **19.50** Less than Perfect Claude fær miða á fjáröflunar-samkomu og Owen lendir í vandræðum með veðmangara.

20.15 Yes, Dear Yfirmaður Gregs vill komast í stjórn listasafns. Greg segir honum að Kim sé mjög fród um list og geti að- stoðað hann. Savitsky biður hana að koma með sér í kokkteilpartí en Kim finnst það skrítið. Hún samþykkir þó að gera það. Kim skemmtir sér mjög vel en Greg verður afbrýðisamur.


20.35 According to Jim **21.00** Boston Legal Í Boston Legal sjá áhorf- endur heim laganna á nýjan hátt.

▶ **21.50** Threshold – tvöfaldur Merki frá Big Horn ræðst inn á tónleika í Miami og Molly og félagar reyna að komast að því hverjir hafa orðið fyrir áhrifum þess.

23.25 C.S.I. – Ný þáttaröð (e) **0.20** Sex and the City (e) **1.50** Cheers – 10. þáttaröð (e) **2.15** Fasteignasjónvarpið (e) **2.25** Óstöðv- andi tónlist

AKSJÓN

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endur- sýndur á Klukkutíma fresti til kl. 9.15



▶ 14.45

Fótbolti

MANCHESTER UNITED – WIGAN

SYM

besta sætið

9.00 US PGA Tour 2005 – Highlights **10.00** Spænski boltinn beint **11.40** Box – Arturo Gatti vs. Thomas Damgaard **13.10** US PGA 2005 – Inside the PGA T

13.40 Destination Germany **14.10** Meistara- deildin með Guðna Bergs ▶ **14.45** Man. Utd. – Wigan Bein útsending frá úrslitaleik enska deildabikarsins **17.20** UEFA Champions League **17.50** Mallorca – Real Madrid. Bein útsending frá leik í spænsku deildinni

19.50 World Golf Championship 2006 (Accentura Match Play) Bein útsend- ing frá World Golf Championship.

1.10 A1 Grand Prix

ENSKI BOLTINN

10.05 Newcastle – Everton frá 25.02 **12.05** Liverpool – Man. City (b) **14.15** Upphitun (e) **14.50** W.B.A. – Middlesbrough (b) **17.15** Blackburn – Arsenal frá 25.02 **19.30** Tottenham – Wigan frá 26.02 Leikur sem fram fór í gær.


21.30 Helgaruppgjör **22.30** Helgaruppgjör (e) **23.30** Bolton – Fulham frá 25.02 **1.30** Dag- skrárlok



HIN HLIÐIN Á IDOL-STJÖRNULEIT

Misstu ekki af Kompás í kvöld kl. 19:15

Kompás hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir vandaðar fréttaskýringar og í kvöld verður fjallað um Idol-Stjörnuleit út frá nýrri hlið; fjármálahliðinni. Kompás upplýsir m.a. um veltu Idol-Stjörnuleitar, tekjurnar af símakosningunni og allt hitt sem þú ert að velta fyrir þér.



VIÐ MÆLUM MEÐ...

Africa United

Sjónvarpið kl. 20.10

Alþjóðlegt fótboltalið

Árið 2003 ákvað Marokkóbúinn Zico Zakaria að skrá Africa United, knattspyrnuhóp innflytjenda á Íslandi sem fram að þessu hafði einungis tekið þátt í áhugamannamótum, í íslensku 3. deildina. Zico náði í innflytjendur hvaðanæva að úr heiminum svo sem frá Marokkó, Nígeríu, Kólumbíu, Serbíu, Kósóvó og Gambíu. Fyrsti leikur liðsins var í Borgarnesi gegn Skallagrímsmönnum og Zico fylgdist stoltur með liði sínu ganga inn á völlinn án þess að hafa nokkra hugmynd um hvað hann hafði komið sér út í. Verðlaunamyndin Africa United hefur ferðast víðs vegar um heiminn á undanförnum mánuðum. Framleiðendur eru Ragnar Santos og Benedikt Jóhannesson og leikstjórn er í höndum Ólafs Jóhannessonar.



Liðsmenn Africa United koma frá öllum heimshornum.



► 21.00

Spjall

SILFUR EGILS



10.00 Fréttir 10.05 Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku 11.00 Fréttaljós

12.00 Hádegisfréttir/Íþróttافرéttir/Veðurfréttir/Leiðarar blaðanna 12.25 Silfur Egils 14.00 Fréttir 14.10 Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku 15.00 Fréttaljós 16.00 Fréttir 16.10 Silfur Egils 17.45 Hádegðið 18.00 Veðurfréttir og íþróttir

18.30 Kvöldfréttir/veður 19.10 Kompás Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. 20.00 Fréttaljós Víkulegur fréttaskýringaþáttur með fjölda gesta í myndverí í umsjónfréttastofu NFS. ► 21.00 Silfur Egils Umræðuþáttur í umsjá Egils Helgasonar. 22.35 Veðurfréttir og íþróttir

23.05 Kvöldfréttir 23.45 Síðdegisdagskrá endurtekin í h



ERLENDAR STÖÐVAR

EUROSPORT

13.00 Ice Hockey: Winter Olympic Games Torino Italy 15.25 Olympic Games: Olympic News Flash 15.30 Figure Skating: Winter Olympic Games Torino Italy 16.30 Cross-country Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy 17.45 All Sports: Daring Girls 18.00 Ice Hockey: Winter Olympic Games Torino Italy 18.55 Olympic Games: Olympic News Flash 19.00 Olympic Games: Winter Olympic Games Torino Italy 22.00 Olympic Games: Olympic Extra 23.30 All Sports: Daring Girls 23.45 Olympic Games: Mission to Torino (m2t) 0.00 Ice Hockey: Winter Olympic Games Torino Italy

BBC PRIME

13.00 Classic EastEnders 13.30 Classic EastEnders 14.00 EastEnders Omnibus 14.30 EastEnders Omnibus 15.00 EastEnders Omnibus 15.30 EastEnders Omnibus 16.00 Cavegirl 16.25 Cavegirl 17.00 Home From Home 17.30 Ground Force 18.00 Shark Battlefield 18.50 Animal Camera 19.20 Two Thousand Acres of Sky 20.10 Ray Mears' Extreme Survival 21.00 Star Portraits 21.30 Two Pints of Lager & a Packet of Crisps 22.00 SAS Desert – Are You Tough Enough? 23.00 Spooks 0.00 Around the World in 80 Treasures 1.00 What the Industrial Revolution Did for Us 1.30 Landscape Mysteries 2.00 Greek Language and People

NATIONAL GEOGRAPHIC

13.00 Megastructures 14.00 Megastructures 15.00 The Eagle Has Landed 17.30 Bombing da Vinci's Code 20.00 King Tut's Curse 21.00 Air Crash Investigation 22.00 Air Crash Investigation 23.00 Eruption At Pinatubo 0.00 Air Crash Investigation 1.00 Air Crash Investigation

ANIMAL PLANET

13.00 Weird Nature 13.30 Supernatural 14.00 Maneaters 14.30 Predator's Prey 15.00 Monkey Business 15.30 Animals A-Z 16.00 Big Cat Diary 16.30 Big Cat Diary 17.00 Crocodile Hunter 18.00 Return of the Prime Predators 19.00 Life of Mammals 20.00 Animal Cops Houston 21.00 Animal Precinct 22.00 Venom ER 23.00 Weird Nature 23.30 Supernatural 0.00 Life of Mammals 1.00 Return of the Prime Predators 2.00 Venom ER

CLUB

13.10 Staying in Style 13.40 Retail Therapy 14.10 Weekend Warriors 14.35 Come! See! Buy! 15.00 In Your Dreams 15.25 Completely Hammered 15.50 E-Love 16.15 Other People's Houses 17.00 Yoga Zone 17.25 The Method 17.50 The Villa 18.40 E-Love 19.10 Girls Behaving Badly 19.40 Cheaters 20.30 Staying in Style 21.00 Race to the Altar 22.00 My Messy Bedroom 22.30 Sex and the Settee 23.30 Treasure Makers 0.00 Africa on a Plate 0.30 City Hospital 1.25 Fantasy Open House 1.50 Fantasy Open House

TALSTÖÐIN FM 90,9



9.00 Margrætt e. 10.03 Gullströndin – Skemmtiþáttur Reykjavíkurakademiunnar 11.00 Messufall

12.10 Silfur Egils 13.40 Sögur af Megasi e. 14.00 Sögur af fólki 15.03 Barnatíminn 16.00 Laugardagsmorgunn 18.00 Hitt og þetta úr Allt&sumt e. 18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Barnatíminn e. 20.00 Sögur af Megasi e. 20.30 Silfur Egils e. 22.00 Sannar kynjasögur eftir Cheiro. 23.00 Frjálsar hendur Illuga Jökulssonar. 0.00 Messufall e.

BYLGJAN FM 98,9



5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis 18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

RÁS 1 FM 92,4/93,5



8.05 Morgunandakt 8.15 Tónlist á sunnudagsmorgni 9.03 Lóðrétt eða lárétt 10.15 Heinrich Heine – blíða og berserksgangur 11.00 Guðsþjónusta í Grafarvogskirkju 12.00 Hádegisútvarp 12.20 Hádegisfréttir 13.00 Fjölskylduleikritið: Landið gullna Elíðor 13.45 Fíðla Mozarts 14.10 Söngvamálar 15.00 Sögumenn: Ég er elsta systir 16.10 Endurómur úr Evrópu 18.26 Seiður og hæl 19.00 Afsprengi 19.40 Grískar þjóðsögur og ævintýri 19.50 Óskastundin 20.35 Sagnaslóð 21.15 Laufskálinn 21.55 Orð kvöldsins 22.22 Í deiglunni 22.30 Grúsk 0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

ÚTVARP SAGA FM 99,4



12.25 Meinhornið

RÁS 2 FM 90,1/99,9



6.05 Morguntónar 6.45 Veðurfregnir 7.05 Morguntónar 9.03 Helgarútgáfan

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan 16.00 Fréttir 16.08 Rokkland

18.00 Kvöldfréttir 18.28 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Að hætti hússins 22.00 Fréttir 22.10 Popp og ról 0.00 Fréttir

AÐRAR STÖÐVAR



FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítíð í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 104,5 Rádió Reykjavík / Tónlist og afþreying

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Jón Ársæll heldur áfram för sinni um Afríku í fylgd Njarðar P. Njarðvík sem helgar afrískum börnum nú líf sitt í von um bjartari framtíð þeim til handa.

ÍSLENSKUR ENGILL Í AFRÍKU

Misstu ekki af Sjálfstæðu fólki í kvöld kl. 20:05



HRÓSIÐ

...fær Jón Gnarr fyrir frábæran leik þegar hann fór með hlutverk Lottó-Lýðs en auglýsingarnar sópuðu til sín lúðrum á Ímark hátíðinni.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Rithöfundurinn Ágúst Borgþór Sverrisson er einn kynlegasti kvisturinn í íslenska bloggtrénu en á heimasíðu sinni agustborgthor.blogspot.com birtir hann frekar þurrar og andlausar skýrslur um daglegt amstur sitt og andlegt ástand. Þess á milli amast hann við hinu og þessu sem fer í taugarnar á honum og lýsir glímu rithöfundar við að berja saman smásögur og stærri bókmenntaverk. Hann er mátulega hress með að Edda útgáfa hafi tekið upp á því að gefa út Biblíu fallega fólksins eftir eina heitustu dægurstjörnunna þessa dagana, sjálfan Egil Gillzenegger. „Til hamingju, Edda með nýjasta höfundinn. Er það ekki stórkostlegt að stærsta bókaútgáfa landsins sé orðin að vígi útlitsdyrkunar? Þess á milli kveinar útgáfustjórinn um stöðu tungumálsins,“ segir Ágúst á síðu sinni og sér greinilega enga glóru í því að Kristján Bjarki Jónasson, þróunarstjóri Eddu, skuli gefa Agli, sem skrifar býsna slettan stíl, tækifæri á ritvelliðum á meðan Páll Valsson, útgáfustjóri hjá Eddu berjist fyrir lífi íslenskar tungu. Ágúst er þó ef til vill full fljótur á sér að gagnrýna Gillzenegger þar sem bloggfaerslur Ágúst ganga ekki sist út á baráttu hans við aukakílóin en þar gæti hann átt hæk í horni þar sem Gillzenegger er. Bók Gillzeneggerz er nefnilega leiðbeiningarrit um það hvernig fólk getur orðið flott og fitt. -þþ



HINN HLIÐIN ÞORBJÖRG HAFSTEINSDÓTTIR NÆRINGARÞERAPISTI

Hamingjusamur vinnualki

Hvað er að fréttu? Það er allt gott að fréttu, mikil gleði og allt á uppleið. Ég sé Esjuna í sínu flottasta skafti einmitt núna og get ekki verið mikið ánægðari með lífið.

Augnlitur: Blágrár.

Starf: Næringarþerapisti.

Fjölskylduhagir: Afar hamingjusöm.

Hvaðan ertu? Frá Aðalvík á Íslandi.

Ertu hjátrúarfull? Sennilega. Ég tel strikin á hellunum stundum.

Uppáhaldssjónvarpsþáttur: Heil og sæl.

Uppáhaldsútvarpsþáttur: Ég hlusta aldrei á útvarp.

Uppáhaldsmatur: Maturinn hans Umahro.

Fallegasti staður: Ég er búin að nefna Aðalvík. Ég er búin að vera úti um allan heim en Aðalvík bara tekur þetta allt.

Hvað er skemmtilegast? Þegar ég er með fjölskyldu og

vinum í góðu matarboði með góðu víni.

Hvað er leiðinlegast? Að hafa ekkert að gera.

Helsti veikleiki: Allir myndu segja að það væri að ég væri vinnualki. Það er sjálfsagt það.

Helsti kostur: Að vera vinnualki.

Helsta afrek: Börnin mín.

Mestu vonbrigði: Það er svo langt í vonbrigði eins og er í lífinu mínu að ég get ekki fundið þau.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Hjördis vinkona mín er langfyndnust.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Smámunasemi.

Uppáhaldskvikmynd: Star Wars, Harry Potter og Lord of the Rings-myndirnar.

Uppáhaldsbók: Textbook of Functional Medicine.

Hvað er mikilvægast? Að vera sáttt við sjálfa mig.



ARON BRINK: ÆTLAR AÐ EIGA LEIKLISTINA INNI

Varnarjaxl og kvikmyndastjarna

Á föstudaginn var íslenska kvikmyndin Blóðbönd frumsýnd en hún er í leikstjórn Árna Ólafs Ásgeirssonar. Flest hlutverk í myndinni eru skipuð þrautreyndum leikurum á borð við Hilmar Jónsson, Margréti Vilhjálmisdóttur og Ólaf Darra Ólafsson en hinn tíu ára gamli Aron Brink gefur þeim lítið eftir. Leikstjórinn Árni Ólafur hélt enda ekki vatni yfir frammistöðu stráksins. „Hann stóð sig eins og hetja,“ segir hann en Aron var valin úr stórum hópi umsækjanda. „Það skemmdi ekki fyrir að Aron er klár strákur og hann var búinn að læra línurnar sínar á undan atvinnumönnunum,“ heldur leikstjórinn áfram

og hlær. „Aron var algjör vinnuþjarkur, gat unnið í tólf tíma. Ég held að hann hafi bara kvartað einu sinni en þá var líka full innistæða fyrir því.“

Aron leikur Örn sem er rangfeðraður og sýnir mikla leikhæfileika en þessi tíu ára gamli nemandi í Vogaskóla var högværðin uppmáluð þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Hann var nýkominn heim úr skólanum og hafði ekki mikinn tíma til að spjalla, æfing hjá fimmta flokki Þróttar var á næsta leiti. Hann viðurkenndi líka að það hefði verið erfitt að klæðast Haukatreyju í myndinni og kveðst frekar mundu hafa kosið að klæðast röndóttu

trejgunni sem einkennir knattspyrnufélagið Þrótt.

„Nína Dögg, leikkona og frænka mín, heyrði af áheyrnarprufum fyrir myndina og spurði hvort ég vildi ekki prófa,“ segir Aron þegar hann er spurður að því hvernig það hafi komið til að hann fékk hluverkið. „Ég ákvað að láta slag standa og fékk hlutverkið,“ bætir hann við.

Aron hefur að sjálfsögðu horft á kvikmyndir í sjónvarpi og bíói en sagði að sér hefði ekki komið margt á óvart við gerð myndarinnar. Aron viðurkenndi þó að honum fyndist leikarastarfið heillandi. „Mig hafði aldrei langað til að verða leikari en ég væri

alveg til í það núna,“ segir hann.

Aron segist þó ekki ætla að hella sér að fullu út í leiklistina alveg strax því knattspyrnan gangi fyrir og æfir kappinn nótt sem nýtan dag. Þrátt fyrir sakleysislegt yfirbragð skyldi enginn láta blekkjast því Aron spilar í miðri vörninni og þykir mikill harðjaxl. Eftirlætisleikmaðurinn er sóknarmaðurinn Ronaldinho og Barcelona, Brasília og Liverpool eru öll í miklu uppáhaldi. Meira var hins vegar ekki hægt að tefja varnarmanninn knáa enda tími til komin að hnýta á sig takkaskóna og verjast af öllum krafti.

freyrigja@frettabladid.is

Til Sölu

Smáauglýsingar af öllum gerðum. Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi. Uppl. í s. 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

— smáauglýsingar sem allir sjá

Samtök gegn fordómum

Hinn 18. mars verða samtökin Ísland Panorama stofnuð en þau hafa það að markmiði að berjast gegn þeim fordómum sem útlendingar mæta hér á landi. Að sögn Akeem C. Oppong, formanns samtakanna, er tilgangur þeirra fyrst og fremst forvörn. „Við teljum að það sé orðið tímabært að stofna hér grasrótarsamtök. Þetta verða ekki bara innflytjendur sem hittast og fá sér kökur heldur blandaðar hópur fólks sem vill vinna að fræðslu um þetta mál og hefur reynslu af þeim,“ segir Akeem, sem er frá Ghana og hefur búið hér í ellefu ár.

Hann segir að fordómar séu kannski ekki áberandi hér á landi en betra sé að hafa allan varann á. „Á Íslandi leynist mikið af dulðum fordómum sem við þurfum að laga áður en þeir brjótast upp á yfirborðið,“ segir Akeem.

„Við viljum byrja með þessa fræðslu áður en það verður of seint,“ bætir hann við. Akeem segir að jafnrétti eigi ekki eingöngu að gilda fyrir kynin heldur einnig fyrir alla kynþætti. „Við viljum fá fjölmiðla til liðs við okkur þannig að hægt sé að upplýsa alla í samfélaginu,“ segir hann og bendir á að kynþáttafordómar séu bara einn angi af þeim fordómum sem útlendingar mæti. „Við þurfum að finna út við hvað við erum að glíma og vinna að því að laga það sem þarf að laga,“ segir Akeem.

- fgg

AKEEM C. OPPONG
Hefur búið hér á landi í ellefu ár og er formaður Ísland Panorama, sem hefur það að markmiði að berjast gegn fordómum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA






OPIÐ 11-19 ALLA DAGA!
ÞÚSUNDIR GEISLADISKA, DVD
OG TÖLVULEIKJA Á ÆVINTÝRALEGU VERÐI!

FRÁ 199,-
EKKI MISSA AF ÞESSU!
LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

...GERÐU BESTU KAUPIN ►





ÓPIÐ 11-19 ALLA DAGA!
FRÁ 199,-
LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

...GERÐU BESTU KAUPIN ►



BAKÞANKAR

VERNHARÐS ÞORLEIFSSONAR

Hvern er ég að plata?

Þegar ég var tólf ára varð ég vitni að því þegar kona, sem var að eigin sögn í aðhaldi, pantaði sér sykurlaust gos með salatinu sínu. Byrjunin lofaði góðu en þegar hún svo í kjölfarið drekkti salatinu með salatdressingu fannst mér sem hin göfugu sjónarmið hennar væru runnin út í sandinn. Kannski sé ég þetta í röngu ljósi. Kannski ætlaði hún upphaflega að panta sér bjór og beikonborgara og drekkja honum síðan með kokkteilsósu. Hvað veit ég.

ÉG sé þetta oft í dag, fólk kaupir súkkulaðistykki og skolar því niður með sykurlausu gosi til að friða samviskuna. Ég ætti að vita þetta, ég panta mér oft heilsurétt og baða hann svo í sósu. Mér finnst sósan ein og sér svo góð að ég gæti í raun sparað mér pening með því að panta hana eingöngu og hella henni yfir munnþurrurnar sem fylgja frítt með. En það er nafnið „heilsuréttur“ sem fær mig til að ganga sáttur frá máltíðinni. Ég var að borða „heilsurétt“. Hann var hollur. Annað stenst engin náttúruleg mál.

SAMVISKAN er ansi þungur kross að bera. Að upplagi vitum við flest hvað er rétt og rangt. Þegar samviskan plagar okkur kemur yfirleitt að skuldadögum fyrr eða seinna og þá reynum við að friða hana á einhvern hátt. Ef ekki, þá reynum við að sannfæra okkur um að samviskan hafi rangt fyrir sér eða að hún sé að minnsta kosti að ýkja hlutina stórlega. Við tínum til hlutina sem við höfum gert rétt og einblínum á þá.

ÉG hef kynnst fólki sem mér hefur virst vera samviskulaust eða siðblint en þetta eru í raun bara manneskjur sem eru búnar að fullkomna afneitunina á eigin misgjörðir. Ef það breytir rangt gagnvart öðrum friðar það sjálft sig með því að þolendurnir hafi átt skilið slæma meðferð. Afneitin felst í því að líta svo á að þarna sé ferlinu lokið, en viðra ekki þann möguleika hvort það sjálft eigi þá í kjölfarið slæma meðferð skilið.

PARNA er ég nú kannski kominn aðeins dýpra í þessum þælingum en ég lagði upp með. Ég ætlaði bara að skrifa um sykurlaust gos og Snickers. Ég vona að ég hafi enga móðgað með þessum skrifum, en hafi ég gert það vona ég að þeir eigi það skilið. Mér liði einhvern veginn aðeins betur með það. ■

www.icelandexpress.is

2000 FLUGSÆTI
Á 2.000 KR. AUK SKATTA
Lægsta verð, aðra leiðina með sköttum:
5.140 kr.

TIL HAMINGJU, ÍSLAND!

Við eigum afmæli en þú færð gjafirnar

» Á morgun eru þrjú ár frá því að Iceland Express fór í loftið í fyrsta sinn. Af því tilefni erum við í sannkölluðu afmælisskapi og bjóðum 2.000 flugsæti á aðeins 2.000 krónur, aðra leiðina. Við verðum bætast flugvallarskattar sem nema frá 3.140 kr. aðra leið. Ferðatímabilið er frá 1.mars til 15.maí.

» Sala hefst á mánudagsmorgun kl. 9.00. Fyrstur bókar, fyrstur fær!

» Bókaðu á www.icelandexpress.is

SALA HEFST
MÁNUDAGINN 27. FEB.
KL.09:00
www.icelandexpress.is

Til Kaupmannahafnar
5.350 kr.
aðra leiðina með sköttum

Frá Kaupmannahöfn
5.350 kr.
aðra leiðina með sköttum

Til London
5.350 kr.
aðra leiðina með sköttum

Frá London
5.140 kr.
aðra leiðina með sköttum



Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600



Hefur þú smakkað hreinan ávaxtasafa?

Þegar þú pressar hreinan ávaxta- eða grænmetisasa úr Solis safapressunni, þá áttarðu þig á því hvað hreinn safi er.



Þú setur ávexti í heilu lagi í pressuna og færð hreinan safa á svipstundu.

Verð 13.900 kr.



RÁÐIÓNAUST
Furuvöllum 5 · Akureyri Sími 461 5000

BRÆÐURNIR
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ORMSSON
SMÁRALIND

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT